# GREINARGERÐ FAGSVIÐA OG B HLUTA FYRIRTÆKJA

## MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2015

Samþykkt í borgarstjórn 2. desember 2014

# EFNISYFIRLIT

## Fagsvið

Íþrótta- og tómstundasvið ....7
Menningar- og ferðamálasvið ....15
Skóla- og frístundasvið ....28
Umhverfis- og skipulagssvið ....42
Velferðarsvið ....52
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ....61
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar ....70
Bílastæðasjóður ....75
Sameiginlegur kostnaður ....76
Framlög til B hluta fyrirtækja ....77
Ný upplýsingakerfi ....79

## B-hluta fyrirtæki

Faxaflóahafnir ....85
Félagsbústaðir ....87
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....92
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....94
Strætó bs. ....96
Sorpa bs. ....
Orkuveita Reykjavíkur ....

# FAGSVIÐ

# ÍÞRÓTTA– OG TÓMSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLJÓS

**Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþrótta- og tómstundaiðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstartekjur (aðrar tek.) | 1.310.790 |
| **Tekjur samtals** | **1.310.790** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.609.485 |
| Annar rekstarkostnaður | 6.091.539 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **7.701.023** |
| **Rekstarniðurstaða** | **6.390.233** |

## STARFSFÓLK

| | 2015 |
|---|---|
| Vinnuframlag | 291 |
| Ársverk fastra í dagvinnu | 187 |
| Ársverk skammtíma-ráðinna í dagvinnu | 65 |
| Ársverk alls | 244 |
| Yfirvinna | 92.000 |
| Vaktir | 149.688 |

## SKIPURIT




## HLUTVERK

- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþrótta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

# MEGINÁHERSLUR 2015 - BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Starfsemi Íþrótta– og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþrótta- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Árið 2015 verður lögð aukin áhersla á hlutverk ÍTR með tilliti til lýðheilsusjónarmiða. Á vegum ÍTR er rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, félagavalla, skíðasvæða og fleira. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþrótta- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþrótta- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Starfsemi á vegum ÍTR og tengsl þess í borgarsamfélaginu skapar fjölmörg tækifæri til að auka jöfnuð og bæta lífsgæði fólks á öllum aldri.

Aukin nýting fjölbreyttrar aðstöðu til líkamsræktar, útivistar og tómstunda leiðir til betri vitundar borgarbúa um eigið heilbrigði og eftirsóknarverð gæði í uppeldisumhverfi barna og unglinga. Mjög góður árangur hefur náðst með eflingu fyrsta stigs forvarna meðal barna og unglinga. Stefna borgarinnar og verklag sem fram kemur í stefnumótun í málefnum 16 ára og eldri og í nýrri forvarnarstefnu fellur mjög vel að markmiðum ÍTR. Hækkun framlags til Frístundakortsins, samstarfsverkefni í hverfum fyrir ungmenni, stuðningur við fræðslu og forvarnastarf íþróttafélaganna og jaðaríþróttir eru dæmi um áherslur ÍTR.

Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í íþróttamálum. Þar á meðal er gert ráð fyrir umfangsmikilli greiningu á hagrænum áhrifum íþróttastarfs og líkamsræktar.

Árið 2015 verður fram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður lokið við byggingu móttökuhúss sem mun einnig hýsa miðasölu og minjagripaverslun. Vinna við byggingu fræðslu- og starfsmannahúss hefst á árinu. Framkvæmdir munu hefjast á viðbyggingu við Sundhöllina. Hafinn er undirbúningur að hönnun skóla og íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal en hönnunarsamkeppni lauk seint á árinu 2014. Þar er gert ráð fyrir almenningssundlaug og íþróttahúsi fyrir knattspyrnufélagið Fram. Einnig er hafinn undirbúningur að byggingu fimleikahúss við Egilshöll og líkamsræktarstöðvar við Breiðholtslaug. Rekstrarumsjón með skíðasvæðum fluttist til ÍTR árið 2014 í framhaldi af samningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til næstu þriggja ára. Í framhaldi af viðhorfskönnun borgarinnar, sem gerð var 2013, vann ÍTR ítarlega mannauðskönnun á starfsstöðum sínum vorið 2014. Þegar er hafið umbótaverkefni á starfsstöðum ÍTR þar sem unnið er að eflingu mannauðs og þjónustu ÍTR.

# SKIPULAG REKSTRAR 2015






# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2015 gera ráð fyrir að verðbólga verði 3,4%. Annar rekstrarkostnaður, fyrir utan orkukostnað, er ekki verðbættur sem leiðir af sér nokkra hagræðingarkröfu. Áætlaðar hækkanir vegna launabreytinga, í samræmi við gildandi kjarasamninga og starfsmat, koma til með að vera bættar. Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári eru meðal annars vegna hækkunar á Frístundakorti, leigu á fimleikahúsi við Egilshöll og uppfærslu samninga um Laugardalsvöll. Einnig verður aukin sumaropnun í tveimur sundlaugum. Innri leiga er 37,6% af nettóútgjöldum ÍTR. ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótta– og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótta- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu. Innri leiga, húsaleigusamningar, samningsbundnir styrkir og framlög eru um 79,2% af nettóútgjöldum ÍTR. Kostnaður vegna kaupa á orku er 3,56% af nettóútgjöldum.

## Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til sundkennslu, íþrótta- og sundiðkunar. Þær hafa fjölþættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2015 er áætluð 1.800 þúsund gestir. Mest aðsókn er að Laugardalslaug, en mest aukning á milli ára er í Vesturbæjarlaug sem helgast af þeim framkvæmdum sem þar áttu sér stað á árunum 2013 og fyrri hluta árs 2014. Frá árinu 2011 hefur farið fram mikil uppbygging og endurnýjun á sundlaugum ÍTR. Þetta hefur skilað sér í ánægðari viðskiptavinum og fellur vel að þeim lýðheilsuáherslum sem ÍTR vinnur eftir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við viðbyggingu Sundhallarinnar hefjist 2015 og bygging líkamsræktaraðstöðu við Breiðholtslaug er á skipulags- og hönnunarstigi. Stefnt er að lengri afgreiðslutíma um helgar í tveimur laugum yfir sumarmánuðina líkt og undanfarin sumur en afgreiðslutími um helgar var styttur í hagræðingarskyni árið 2009. Breytingar voru gerðar haustið 2014 á stjórnsýslu sundlauganna og verkaskiptingu milli forstöðumanna. Fjárhagsáætlun vegna lauganna 2015 er kr. 1.199 milljónir.

## Fjölskyldu– og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr auk dýra sem lifa villt í íslenskri náttúru. Þá er þar að finna framandi dýr eins og skriðdýr sem og fiskasafn. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árlega sækja þúsundir grunn- og leikskólanemar fræðslu í garðinum en samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í Fjölskyldugarðinum er fjöldi tækja sem mörg miðast við að gestir geri sem mest sjálfir ásamt því að vera valin með öll aldursstig í huga. Vísindaveröldin er uppgötvunarmiðstöð þar sem börn og fullorðnir geta glímt við ýmsar þrautir og lært, með því að nota skynfærin, hvernig hlutirnir virka. Í garðinum er rekin veitingasala. Framkvæmdir standa yfir við nýtt móttökuhús sem meðal annars mun hýsa miðasölu og minjagripaverslun. Lokið verður við nýtt vaðleikjasvæði í Fjölskyldugarði. Vinna við byggingu fræðslu- og starfsmannahúss hefst á árinu. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2014 var um 170 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun 2015 er kr. 190 milljónir.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefnin felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafaþjónustu, þjónustu við fatlað fólk, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, rekstri einstakra viðburða og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Í Hinu Húsinu fer einnig fram umfangsmikil þjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2015 er kr. 294 millj.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Kynjuð fjárhags– og starfsáætlun

Markmið verkefnisins hjá ÍTR er að kanna hvort styrkir og framlög borgarinnar stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi félaganna í borginni. Verkefnið byggir á eftirfylgd verkefnis ÍTR sem unnið hefur verið að sl. tvö ár. Unnin hefur verið ítarleg verkefnalýsing fyrir greiningar- og aðgerðaáætlun varðandi þátttöku 6-18 ára barna í íþrótta- og æskulýðsstarfi í Reykjavík með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Gert er ráð fyrir að gerð verði úttekt á nýtingu styrkja, byggt á gögnum ÍTR, ÍBR og félaganna um iðkendafjölda í mismunandi íþróttagreinum innan íþróttafélaga í Reykjavík. Kortlagning og samanburður verður gerður milli ólíkra íþróttagreina. Horft verður til eftirfarandi grunnþátta við greininguna: Íþróttagreina, íþróttafélaga, hverfa með tilliti til aðstöðumunar, greina sem ekki eru hverfisbundnar, kynja, aldurshópa og dreifingu styrkja í samræmi við ofantalið. Bornir verða saman styrkir borgarinnar við mismunandi greinar og hvernig þeir skila sér til stráka og stelpna miðað við iðkendatölur félaganna og fjölda æfingatíma eftir kynjum. Sérstaklega verður horft til stuðnings við vaxandi greinar og hugmynda um uppbyggingu aðstöðu, bæði miðlægt í borginni og í einstaka hverfum.

## Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes

Ylströndin hefur fest sig í sessi sem sjóbaðsstaður árið um kring. Fjöldi gesta í vetraropnun eykst jafnt og þétt og um 1.300 einstaklingar koma í hverjum mánuði yfir vetrartímann. Ylströndin er handhafi Bláfánans, sem er alþjóðleg umhverfisvottun, og var honum í fyrsta skipti flaggað á ströndinni árið um kring. Í gestabók Ylstrandarinnar voru skráðar 10.661 gestakomur á s.l. vetri. Umbætur voru á útivistarsvæðinu í kringum Ylströndina og 1.100 rúmmetrum af skeljasandi var dælt á ströndina í byrjun sumars. Heildargestakomur yfir árið eru 470.000 gestir. Fjárhagsáætlun Ylstrandar árið 2014 er kr. 52,7 millj.

Í Siglunesi, yfir sumarmánuðina, geta börn og unglingar sótt námskeið í siglingum og róðri og tekið þátt í klúbbastarfi. Þátttaka í starfsemi siglingaklúbbsins sumarið 2014 var um 9.500 gestakomur. Fjárhagsáætlun siglingaklúbbsins 2015 er kr. 21,3 millj.

## Upplýsinga– og kynningarmál

Vefsíður ÍTR og upplýsingar um starfsemi félaga voru uppfærðar árið 2014. Vefur ÍTR, fristund.is, var endurskipulagður og gerður víðtækari með öflugri leitarmöguleikum. Gert er ráð fyrir að nýr mannvirkjavefur, sem unnið hefur verið að í samstarfi við ÍBR og UTD, verði tekinn í almenna notkun í upphafi árs 2015. Nýjar reglur voru settar af SFS varðandi kynningar í Mentor. Opnuð verður svokölluð frístundagátt þar sem aðildarfélögum Frístundakortsins gefst kostur á að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi sína.

## Frístundakortið

Nýting Frístundakortsins hefur aukist ár frá ári frá því það var tekið í notkun 2007. Árið 2014 voru um 200 félög með aðild að Frístundakortinu. Um 15 þúsund börn og unglingar, 6–18 ára, nýttu sér kortið, sem er yfir 80% nýting. Í áætlun 2014 var Frístundakortið hækkað úr 25 í 30 þúsund. Í fjárhagsáætlun 2015 er Frístundakortið hækkað í 35 þúsund. Stefnt er að frekari hækkun þess á kjörtímabilinu. Gagnagrunnur Frístundakortsins í Rafrænu Reykjavík er nýttur til að vinna yfirlit um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, meðal annars til að greina þátttöku stráka og stelpna í starfsemi félaganna. Fyrir árið 2014 voru reglur og skilyrði Frístundakortsins endurskoðuð og breytt. Á haustdögum 2014 var skipaður starfshópur í samstarfi ÍTR, VEL, SFS og Mannréttindaskrifstofu sem vinnur tillögur um aðgerðir til að bæta enn frekar nýtingu kortsins og aukinn jöfnuð varðandi þátttöku barna í skipulegu frístundastarfi. Heildarkostnaður við Frístundakortið árið 2015 er áætlaður kr. 558 milljónir.

# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Skíðasvæði

Á skíðasvæðunum er unnið í samræmi við samning til þriggja ára sem gerður var milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem aðild eiga að skíðasvæðunum. Í samningnum er kveðið á um framlög þeirra til reksturs og framkvæmda en rekstrarumsjón var flutt til ÍTR. Árið 2014 var lögð lokahönd á nýtt tímatökuhús í Bláfjöllum og stækkun á vélaskemmu. Í Skálafelli var aðstaða til miðasölu og skíðaleigu endurbætt og stækkuð. Áfram var haldið uppgræðslu á skíðabrekkum í Bláfjöllum og mun það flýta verulega fyrir opnun þeirra. Einnig var skíðaleigubúnaður endurnýjaður. Aðsókn veturinn 2013—14 var 72 þúsund gestir. Í Bláfjöllum var opið í 72 daga en 20 í Skálafelli. *Bike park* í Skálafelli var opinn í 7 daga og komu samtals um 350 gestir. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skíðasvæðanna 2015 er áætlað kr. 88 millj.

## Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Í þjónustusamningi milli ÍTR og ÍBR fyrir hönd íþróttafélaganna er kveðið á um framlög ÍTR til félaganna og ÍBR í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsröðun sem unnin var 2012. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 792 millj. króna. Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um einum milljarði króna en hluti af kostnaði ÍTR, á styrkjalið, er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþrótta– og sýningahöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti o.fl. Framkvæmdastyrkur var veittur til byggingar áhorfendastúku við Fylkisvöll. Viðhaldsstyrkir vegna mannvirkja íþrótta- og æskulýðsfélaga voru 40 millj. árið 2014 og gert er ráð fyrir sömu fjárveitingu 2015.

Styrkveitingar til skákhreyfingarinnar eru á hendi ÍTR og nema þær 9,5 millj. króna en styrkir til taflfélaga í borginni verða 4,7 millj. króna. Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 53 millj. króna.

## Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2015 tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda: Reykjavik International Games 16. - 25. janúar; Smáþjóðaleikar 1. - 6. júní; Rey Cup 22. - 26. júlí; Evrópumót skáklandsliða 12. - 22. nóvember. Einnig má nefna Vetrarhátíð og þjóðhátíðina 17. júní.

## Styrkir til forvarna, samstarfsverkefna í hverfum og félagsstarfi

ÍTR veitti yfir 30 styrki árið 2014 til sérstakra samstarfsverkefna og félagastarfs í hverfum borgarinnar alls um 40 milljónir króna. Þar af voru um 20 millj. vegna svokallaðra 16+ verkefna í hverfum og verkefna á vegum Hins Hússins. Fjárveiting til styrkja af þessu tagi 2015 er kr. 37 millj.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsmannamál*** | | | | | |
| Fjöldi starfsmanna | | 501 | 501 | 500 | 522 |
| Fjöldi stöðugilda ÍTR | | 217 | 213 | 244 | 260 |
| Fjöldi ársverka | | | | 233 | 244 |
| Fjöldi ársverka, karlar / konur | | | | 102 / 131 | 107 / 137 |
| Fjöldi ársverka á skíðasvæðum | | 20 | 18 | 20 | 20 |
| Vinnuframlag | | 256 | 257 | 288 | 291 |
| Fjöldi yfirvinnustunda | | 81.235 | 92.220 | 91.963 | 92.000 |
| Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi | | 128.427 | 127.911 | 112.256 | 113.000 |
| Eknir km. á ári skv. samningum | | 89.017 | 88.565 | 82.713 | 18.750 |
| **Aðsóknartölur** | | | | | |
| Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús. | 1.770 | 1.822 | 1.788 | 1.781 | 1.820 |
| Aðsókn að Ylströnd í þús. | 414 | 470 | 470 | 470 | 470 |
| Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús. | 194 | 184 | 160 | 170 | 170 |
| Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði | 229 | 229 | 229 | 229 | 229 |
| Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda | 4.800 | 4.800 | 6.800 | 7.000 | 10.000 |
| Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi | 320 | 250 | 500 | 500 | 500 |
| Önnur aðsókn að Siglunesi | | | 4.500 | 6.500 | 6.500 |
| **Frístundakortið - ráðstöfun** | | | | | |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 75% | 78% | 81% | 81% | 83% |
| - Stelpur / - Strákar | 77% / 73% | 80% / 76% | 81% / 78% | 81% / 78% | 84% / 81% |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 77% | 86% | 90% | 95% | 97% |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 85% | 86% | 88% | 90% | 92% |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 74% | 75% | 77% | 74% | 80% |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 55% | 57% | 58% | 55% | 58% |
| **Frístundakortið - skráning í starfsemi** | | | | | |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 87% | 88% | 89% | 90% | 91% |
| - Stelpur / - Strákar | 87% / 86% | 88% / 87% | 89% / 88% | 90% / 89% | 91% / 90% |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 99% | 99% | 99% | 99% | 99% |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 93% | 96% | 97% | 98% | 98% |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 85% | 86% | 86% | 87% | 88% |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp) | 66% | 67% | 68% | 69% | 69% |

* Nýjar forsendur teknar upp 2014 og fyrri árum breytt til samræmis.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu | 203 | 214 | 218 | 195 | 200 |
| Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga | 46% | 50% | 52% | 52% | 52% |
| Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi | 18% | 19% | 19% | 19% | 19% |
| Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga | 2% | 3% | 3% | 1% | 1% |
| Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs | 14% | 15% | 15% | 13% | 13% |
| **Styrkir til félaga (í þús. kr.)** | | | | | |
| Rekstrarstyrkir | 227.227 | 242.578 | 263.560 | 281.019 | 322.965 |
| Húsaleigustyrkir | 477.681 | 490.153 | 613.649 | 647.115 | 668.085 |
| Greiðsla vegna mannvirkja | 828.212 | 872.902 | 895.925 | 893.262 | 925.850 |
| Aðrir styrkir | 57.600 | 49.100 | 65.600 | 95.273 | 103.450 |
| Byggingastyrkir | 45.000 | 49.000 | 96.599 | 86.530 | 45.000 |
| Styrkir ráðsins | 10.000 | 10.000 | 10.000 | 35.000 | 35.000 |
| **Sumarráðningar ungs fólks** | | | | | |
| Fjöldi ráðinn af íþrótta- og æskulýðsfélögum | 231 | 180 | 136 | 161 | |
| Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR | 278 | 315 | 350 | 293 | |
| Fjöldi umsækjenda um sumarstörf | 5.116 | 4.403 | 4.093 | 3553 | |
| Heildarfjöldi ráðinna | 1.947 | 1.577 | 1.304 | 1059 | |
| Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsinu | 81 | 150 | 109 | 114 | |
| **Hitt Húsið** | | | | | |
| Fjöldi viðburða | 466 | 902 | 900 | 900 | 900 |
| Fjöldi virkra í viðburðum | 6.681 | 18.673 | 18.000 | 18.000 | 18.000 |
| Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús. | 92.373 | 80.696 | 90.000 | 90.000 | 90.000 |
| Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans pr. mánuð | 6.000 | 24.049 | 25.000 | 25.000 | 25.000 |
| Fyrirspurnir á vef Tótalráðgjafar og Áttavitans | 370 | 457 | 500 | 450 | 500 |
| Aðsókn að starfsemi og viðburðum vegna fatlaðra einst. | | | 24.663 | 25.000 | 25.000 |
| **Húsnæði og vellir** | | | | | |
| Fermetrar í innri leigu* | 60.075 | 60.075 | 60.075 | 60.175 | 60.175 |
| Fermetrar í leigu hjá öðrum | 35.690 | 35.690 | 35.690 | 35.690 | 35.690 |
| Fjöldi fermetra á grasvöllum | 302.743 | 310.743 | 328.000 | 333.000 | 333.000 |
| Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum | 55.900 | 63.000 | 64.800 | 64.800 | 64.800 |
| **Rekstrartölur** | | | | | |
| Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR | | 1.650 | 1.680 | 1.801 | 1.810 |
| Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR | | 765 | 790 | 800 | 810 |
| Raforkunotkun í þús. kílówattstunda alls ÍTR | | 5.900 | 6.000 | 6.050 | 6.100 |
| Innri leiga | | 1.909.492 | 2.083.478 | 2.207.227 | 2.369.348 |

# SKORKORT 2015

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Áætlun / útkoma 2013 | Áætlun 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| Jákvæð umgjörð íþrótta– og tómstundastarfs | Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.) | 1.850.000 | 1.850.000 | 1.820.000 |
| | Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið | 89% | 90% | 91% |
| Hvatning og stuðningur við ungt fólk | Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið | 81% | 82% | 83% |
| Öryggi og gæði | Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel | 80% / 80% | 80%* | 80%* |
| **Fjármál** | | | | |
| Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna | Álagning í sölustarfsemi | 50% | 50% | 50% |
| | Innheimtuhlutfall krafna | 99% | 99% | 99% |
| Styrkar undirstöður fjár-hagsáætlunar | Fjárhagsáætlun v.s. raun % | +/- 1% | +/- 1% | +/- 1% |
| **Verklag** | | | | |
| Skýrir verkferlar | Fjöldi verkferla á innri vef | 30 | 30 | 30 |
| | Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu | 90% / 85% | 85%* | 85%* |
| Aðgengilegar upplýsingar | Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað | 80% / 75% | 75%* | 75%* |
| | Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku | 5000 | 5000 | |
| | Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar | 60% | Ekki mælt | |
| Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða | Hlutfall viðhaldsverkefna og úttekta lokið innan viðmiðunartíma | 95% | | |
| Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila | Fjöldi styrkhæfra samstarfsverkefna | 25 / 35 | 35 / 33 | |
| **Mannauður** | | | | |
| Eftirsóknarverður starfs-vettvangur og hvetjandi umhverfi | Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða | 80% / 75% | 75%* | 75%* |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi | 80% / 80% | 80%* | 80%* |
| Hæft og áhugasamt starfs-fólk | Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi | 85% / 85% | 85%* | 85%* |
| | Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og sí-menntunar á síðustu 12 mán. | 70% / 80% | 80%* | 80%* |
| | Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum | 75% / 80% | 80%* | 80%* |
| Árangursríkir stjórnunar-hættir | Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns | 85% / 85% | 85%* | 85%* |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum | 80% / 80 | 80%* | 80%* |

* Mæling gerð annað hvert ár, næst mælt 2015.

# MENNINGAR– OG FERÐAMÁLASVIÐ




## LEIÐARLJÓS

**Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.**

**Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstartekjur | 333.384 |
| **Tekjur samtals** | **333.384** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.021.092 |
| Annar rekstarkostnaður | 3.269.192 |
| **Gjöld samtals** | **4.290.284** |
| **Rekstarniðurstaða** | **3.956.900** |

## STARFSFÓLK

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 225 |
| Fjöldi stöðugilda | 155 |
| **Eftir skrifstofum:** | |
| Borgarbókasafn Rvk. | 80,2 |
| Borgarsögusafn Rvk. | 31,6 |
| Listasafn Rvk. | 21,5 |
| Höfuðborgarstofa | 11,9 |
| Skrifstofa MOF | 5,8 |
| Sérverkefni | 4 |

## SKIPURIT




## HLUTVERK

sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón Reykjavíkur—Bókmenntaborgar UNESCO og þverfaglegs starfs um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

# MEGINÁHERSLUR 2015 - BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI



**Fjölbreytt menning—friðsæl borg** er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2015. Með yfirskriftinni vekur sviðið sérstaka athygli á því með hvaða hætti Reykjavíkurborg hlúir að fjölbreyttri menningu og litríku mannlífi og hvernig þessi áhersla skilar sér í betra og friðsælla samfélagi. Þetta er gert á margvíslegan hátt s.s. með aðstöðu til skapandi starfs, með hvatningu og öflugum stuðningi við grasrótina, listalífið og metnaðarfullar menningarstofnanir þannig að hugað sé að öllu í senn: sterkum og faglegum grunni í bland við nýsköpun, ferskleika og tilraunastarfsemi. Verkefni tengd barnamenningu og grasrót munu njóta sérstakrar athygli og stuðnings á árinu. Með starfsemi sinni mun sviðið þannig leggja kapp á að spegla vel þessa fjölbreytni og ná enn betur til nýrra hópa.

Yfirskrift nýrrar menningarstefnu er MENNING ER MANNRÉTTINDI með tilvísun í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, en þar stendur m.a. „Þar sem menning er ein helsta driffjöður þróunar verður að telja menningarlega þætti þróunar jafngilda hinum efnahagslegu sem einstaklingar og þjóðir hafi grundvallarrétt til að taka þátt í og njóta.“

Áherslan á aðgengi allra er því mjög skýr. Hún birtist m.a. í virðingu fyrir fjölmenningu, fjölbreyttari miðlun, í eflingu menningarstofnana og auknum listrænum gæðum í sem flestum hverfum borgarinnar. Gestir okkar upplifa Reykjavík sem friðsæla borg og rímar það afar vel við yfirlýst gildi borgaryfirvalda. Á árinu mun sviðið vinna með nýjar áherslur fyrir ferðamannaborgina þar sem andinn er friðsæld, gestrisni og elskusemi undir yfirskriftinni REYKJAVÍK LOVES...

Með þessu er stuðlað að því að Reykjavík sé hlýleg, skemmtileg og litrík borg – jafnt fyrir þá sem hér búa og hina sem sækja okkur heim.

# SKIPULAG REKSTRAR 2015




Menningar- og ferðamálasvið leggur eins og undanfarin ár ríka áherslu á að finna hagkvæmustu leiðir í rekstri um leið og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málaflokkunum. Hagræðingarkrafan sem birtist árið 2015 í því að engar vísitölubætur koma á breytilegan kostnað í rekstri utan afmarkaðra þátta, bitnar þyngst á stofnunum sviðsins sem hafa síðustu ár orðið fyrir verulegum raunniðurskurði á framlögum borgarsjóðs. Kostnaður í rekstri stofnana sviðsins hefur verið skorinn niður árvisst að árinu 2013 undanskildu, en þessari þröngu stöðu verður áfram mætt m.a. með því styrkja eftir margvíslegum leiðum öflun sértekna hjá stofnunum sviðsins.

Breytingar á gjaldskrám stofnananna taka annars vegar mið af miðlægum viðmiðum fjárhagsáætlunar um vísitöluhækkanir, en hins vegar hefur sviðið sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka einskiptis aðgang og fjölga fullborgandi gestum. Áfram er lögð áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður áfram áhersla á kynningu og sölu á Menningarkorti Reykjavíkur og verðinu á því haldið óbreyttu þriðja árið í röð auk þess að efla safnabúðirnar, auka veltu þeirra og framlegð. 52% af fjárhagsramma ársins verður varið til styrkja og samninga, en 42% af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.







# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Menningarstefnan ,,Menning er mannréttindi"

Ný menningarstefna myndar forgangsröðun í verkefnum næsta árs og er forsenda langtíma-áætlana. Helsta breyting frá fyrri menningarstefnu er tenging markmiða við aðgerðir í menningarmálum á vegum borgarinnar, en aðgerðaáætlun er fylgiskjal Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014 - 2020. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sé uppfærð árlega samhliða gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár. Menningarstefnunni fylgja nú 118 aðgerðir svo af nógu er að taka og margar fóru í farveg strax á árinu 2014.




## Nýjar aðgerðir á árinu 2015

Veigamiklar nýjar aðgerðir snúa að rekstri menningarstofnana s.s. samrekstur Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að markmiði að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðju í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár í söfnunum um alla borg árið um kring. Borgarsögusafn mun eflast og þróast á fyrsta heila starfsári sínu. Unnið verður að undirbúningi þess að efla Grófarhús sem menningarmiðstöð með nýbyggingu á lóðinni Tryggvagötu 13 -15 sem tengd verður Grófarhúsi. Hluti viðbyggingar rúmar starfsemi og þjónustu Borgarbókasafnsins og Ljósmyndasafns, en einnig verður þar miðstöð orðlistar.





Borgarbókasafn og Norðlingaskóli vinna tilraunaverkefni um samrekstur skóla- og almenningsbókasafns í Norðlingaholti þar sem safnið leggur til starfskraft og safnkost á móti skólanum. Þá verður unnið áfram að undirbúningi þess að menningarmiðstöð verði hluti af fyrirhugaðri uppbyggingu í Úlfarsárdal.

Áhersla er lögð á margvísleg verkefni menningarstofnana borgarinnar sem ná út fyrir veggi þeirra og á aukna samvinnu menningarstofnana við innlendar og erlendar stofnanir, samtök, menntastofnanir og atvinnulíf. Menningarkort Reykjavíkur verður áfram þróað og eflt með það að markmiði að fjölga þeim sem nýta sér þjónustu menningarstofnana, bæta nýtingu kortsins, auka veltu og framlegð. Efling safnabúða menningarstofnana er jafnframt meðal sameiginlegra aðgerða á sviðinu. Í aðgerðum tengdum markmiðum menningarstefnu má nefna mótun stefnu um list í almenningsrými og áherslu á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar, m.a. með menningarmerkingum sem kynna listir, bókmenntir og sögu borgarinnar.

Lögð er áhersla á Reykjavík sem alþjóðlega menningarborg með ýmsum aðgerðum og áhersla lögð á samstarf stofnana á Menningar- og ferðamálasviði við að kynna og markaðssetja Reykjavík sem menningarborg. Ferðaþjónustuaðilar sem kynna Ísland og Reykjavík eru hvattir til að nýta menningarlíf borgarinnar sem aðdráttarafl og þróa ný tilboð sem innihalda menningarviðburði í Reykjavík. Þá er staða Reykjavíkur sem Bókmenntaborgar UNESCO nýtt til að vekja alþjóðlega athygli á Reykjavík og íslenskum rithöfundum og laða gesti til borgarinnar. Menning í stafrænum miðlum er eitt af nýmælum menningarstefnunnar þar sem Reykjavíkurborg nýtir upplýsingatækni á markvissan hátt í stafrænni varðveislu og miðlun menningar. Af því leiðir að nýjustu miðlar á sviði upplýsingatækni verða markvisst nýttir við miðlun menningarefnis og áhersla lögð á miðlun lifandi myndefnis og gagnvirkt viðmót í kynningarstarfi menningarstofnana. Borgarbókasafn mun hefja undirbúning á útlánum rafbóka og skrifstofa sviðs að því að sameiginlegri safnabúð Menningar- og ferðamálasviðs verði komið á fót á netinu.



## Börn og menningaruppeldi

Menningarstefnan leggur sérstaka áherslu á börn og menningaruppeldi. Af aðgerðum má nefna að Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar vinni sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum sem hluta starfsáætlunar hvers árs. Þeir samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja Reykjavíkurborgar eru hvattir til að vinna árlega fræðsluáætlun, með sérstökum ákvæðum í samstarfssamningum. Börn hafi aðstöðu þar sem þau eru hvött til sköpunar í öllum menningarstofnunum Reykjavíkurborgar. Barnamenningarhátíð er fest í sessi og hugað að jöfnu aðgengi barna að menningu innan allra hverfa borgarinnar. Unglingamenning verði efld um alla borg með margvíslegum verkefnum í samvinnu sviða borgarinnar og samstarfsaðila. Hlúð verði betur að þeim innviðum barnamenningar sem þegar eru til staðar innan menningarstofnana Reykjavíkurborgar. Skýrsla starfshóps MOF um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun sem byggði á könnun á þátttöku barna og unglinga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkur sýndi m.a. að 80% þeirra er svöruðu segjast hafa gaman af og eða telja sig læra eitthvað nýtt í þessum heimsóknum. Ánægja drengja með heimsóknirnar er 7-12% minni en stúlkna og minnkar eftir því sem börnin eldast. Eitt af markmiðum nýs starfshóps verkefnastjóra fræðslu á menningarstofnunum borgarinnar er að jafna þennan mun.



## Styrkveitingar og framlög

Stærstu styrkhafar Menningar- og ferðamálasviðs búa við langtímasamninga, ýmist um rekstur og/eða innri leigu húsnæðis s.s. Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf, Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöðin í Tjarnarbíói og Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum. Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skv. lögum 18% á móti 82% framlagi ríkis. Menningar- og



ferðamálaráð hefur sett sér verklagsreglur og áherslur vegna styrkveitinga ársins 2015. Þær byggja m.a. nýrri menningarstefnu, aðgerðaáætlun í kjölfar hennar og á samstarfssáttmála við myndun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018. Sérstakar áherslur menningar- og ferðamálaráðs í nýjum styrkveitingum árið 2015 eru:

- Menningarstefna Reykjavíkurborgar.
- Listir fyrir og með börnum.
- Aukinn stuðningur við grasrót í menningarlífinu.
- Stuðlað að frumkvæði með því að styðja við bakið á hvers kyns sköpunarstarfi.
- Styrkveitingar til listalífsins í borginni endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Unnið áfram með þróun borgarhátíða.
- Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni og að styrkveitingar endurspegli fjölbreytileika menningarlífsins.
- Aukið framlag til langtímasamninga við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrundvöll þeirra. Þó beri að gæta að því að jafnvægi haldist í hlutfalli langtímasamninga og árlegra styrkja.

Árið 2015 renna út fyrstu samningarnir sem gerðir voru til þriggja ára undir hatti Borgarhátíðasjóðs, sem ætlað er örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík, en nýir hafa bæst við ár hvert. Nýir styrkir 2015 eru afgreiddir í ársbyrjun skv. almennu umsóknarferli borgarinnar, nema hvað menningar- og ferðamálaráð mun halda eftir hluta styrkfjár til að geta veitt ófyrirséðum tækifærum farveg eftir faglega meðferð umsókna. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Skyndistyrkirnir verða afgreiddir ársfjórðungslega.



## Kynjuð fjárhags– og starfsáætlun

Nýr starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á Menningar- og ferðamálsviði hóf störf vorið 2013. Fyrsta verkefnið fólst í að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og leggja mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu. Í framhaldi af því skyldi gera tillögur um hvernig megi jafna þann mun, sem hugsanlega kemur fram, eða viðhalda jafnræði. Vegna skorts á kyngreindum gögnum var byrjað á að afla gagna og stóð sú vinna frá júní 2013 til maíloka 2014. Fólst hún í því að skrá kyn þátttakenda í skipulögðum viðburðum og einnig var gerð  viðhorfskönnun meðal skólabarna í skipulögðum heimsóknum. Starfshópurinn skilaði skýrslu í ágúst 2014 með þeim helstu niðurstöðum að þátttaka í skipulögðum viðburðum er umtalsvert minni meðal pilta en stúlkna og í viðhorfskönnunum voru piltarnir almennt neikvæðari en stúlkurnar. Í kjölfarið var skipaður starfshópur á sviðinu til að vinna úr niðurstöðunum og gera tillögur um úrbætur sem settar verða í farveg hjá stofnunum sviðsins. Þegar hafa verið sett af stað verkefni tengd barnamenningu og fræðslu sem ávarpa sérstaklega þann mun sem birtist í úttektinni og fyrir dyrum stendur sérstök þjálfun og fræðsla fyrir þá starfsmenn á menningarstofnunum sem sinna dagskrárgerð, móttöku og fræðslu fyrir börn. Næsta verkefni KFS-starfshópsins er að kortleggja og safna þeim kyngreindu gögnum sem til eru um samsetningu og viðhorf fullorðinna gesta, sem nýta þjónustu stofnana sviðsins og er fyrsta skrefið að skilgreina þau gögn sem nauðsynlegt er að afla og bestu leiðir til að útvega þau. Næsta verkefni KFS á sviðinu verður svo mótað á grundvelli þeirra niðurstaðna sem könnunin leiðir í ljós.



## Reykjavík bókmenntaborg UNESCO



Bókmenntaborgin Reykjavík hefur verið að festa sig í sessi sem öflug menningarskrifstofa á sviði orðlistar. Sem fyrr verður Lestrarhátíð í Bókmenntaborg stærsta einstaka verkefni ársins en hún verður haldin í fjórða sinn 2015. Að þessu sinni verður sjónum beint að kvenrithöfundi í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og verður lögð áhersla á að fá sem flesta til liðs við Bókmenntaborgina. Allir lesa – landsleikur í lestri hefur bæst við sem stórt lestrarhvetjandi verkefni og fer leikurinn fram í annað sinn 2015 í samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta. Þessu landsátaki í lestri er ætlað að verða árviss viðburður. Áfram verður haldið að kortleggja bókmenntasögu borgarinnar og merkja sögutengda staði í samræmi við aðrar menningarmerkingar Reykjavíkurborgar, í samstarfi við Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið. Sérstaklega verður hugað að sögu kvenna í tilefni afmælisársins 2015. Smáforritið Reykjavik *Culture Walks* verður þróað áfram, það inniheldur nú fjölbreyttar göngur á fjórum tungumálum og bætast a.m.k. þrjár við. Þar verður lögð áhersla á kynningu á sagnaarfi Íslendinga, bókmenntum fyrir börn og bókmenntum eftir konur. Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar verða hvattar til að nýta sér forritið. Vefir Bókmenntaborgarinnar og vefurinn bokmentir.is voru sameinaðir í lok árs 2014 og í framhaldi þess verður sérstök áhersla lögð á vefmál 2015. Sleipnir, lestrarfélagi barna, fékk búning 2014 og verður þróað efni sem fylgir honum í heimsóknir í skóla, leikskóla og bókasöfn borgarinnar. Hugað verður að skipulagningu heimsóknanna og hvernig megi nýta Sleipni sem best við lestrarhvatningu. Bókmenntaborgin styður áfram grasrótarstarf innan orðlistar og leggur áherslu á samstarf við nýgræðinga í þessum geira. Hefðbundin verkefni, svo sem þátttaka í borgarhátíðum og Bókamessa í Bókmenntaborg verða áfram á dagskrá. Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO og öðrum alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist og horfir þar sérstaklega til stækkandi samstarfsnets Skapandi borga.



## Borgarbókasafn Reykjavíkur

Um áramót 2014—2015 gengur í gegn sameining Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og nýtt skipurit fyrir stofnunina samþykkt. Við samrunann styrkist hlutverk Borgarbókasafns sem menningarmiðja í hverfum borgarinnar en um leið verður hugað að kjarnastarfsemi safnsins. Á nýju ári verður unnið að því að styrkja enn betur þjónustuhlutverk þess sem upplýsinga- og menningarstofnun. Verkefni ársins verður að aðlaga sig að breyttu verklagi, útvíkka starfsemina í hverfum borgarinnar, mynda ný tengsl við hverfasamtök og þjónustumiðstöðvar og taka púlsinn á menningarstarfsemi á hverjum stað. Starfsstöð safnsins í Grafarvogi flyst í stærra og betra húsnæði og styrkir það enn betur framtíðarhlutverk safnsins sem menningarmiðja í hverfinu. Gildin sem Menningarmiðstöðin Gerðuberg tileinkaði sér fyrir nokkru fylgja yfir í sameinaða stofnun og verður fagmennska, víðsýni, sköpunarkraftur og virðing höfð að leiðarljósi í starfi hennar. Rík áhersla verður lögð á að efla og þróa framboð á fræðslu, viðburðum og sýningum á öllum starfsstöðum. Miðlunarleiðir verða rýndar og nýtt kynningarefni hannað fyrir stofnunina. Eins og viðburðadagatalið ber með sér verður boðið upp á fjölda viðburða og sýninga. Breytingar kalla á stefnumótun og á árinu verður lokið við að móta nýja stefnu og samþykktir fyrir sameinaðar stofnanir sem gilda skal til ársins 2020.



Unnið verður að því að hefja útlán á rafbókum á árinu 2015. Nú standa yfir samningaviðræður við útgefendur og stefnt er að því að hefja útlán á innlendum rafbókum auk þess sem verið er að kanna möguleika á að lána út erlendar bækur.

Fræðsla fyrir börn og ungmenni verður að vanda fyrirferðarmikil í dagskrá safnsins og verður sérstaklega hugað að því að virkja sköpunarkraft ungs fólks og að dagskráin höfði til stráka jafnt sem stelpna. Í yfirstandandi breytingum er mikilvægt að huga vel að líðan starfsfólks. Það verður gert með öflugu innra starfi og upplýsingamiðlun. Boðið verður upp á hópefli fyrir starfsfólk og fjölbreytta fræðsludag-

skrá. Stefna um uppbyggingu safnkosts verður endurskoðuð og áfram unnið að því að Borgarbókasafn verði grænt í gegn.



## Borgarsögusafn Reykjavíkur

Árið 2015 er fyrsta heila starfsár Borgarsögusafns Reykjavíkur, en það tók formlega til starfa 1. júní 2014 með sameiningu Árbæjarsafns, Landnámssýningarinnar í Aðalstræti, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Sjóminjasafnsins í Reykjavík og Viðeyjar.

Rík áhersla verður lögð á framhald sameiningarvinnunnar, með því að samstilla starfsemina og skerpa á verkferlum. Megináhersla í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningarsögulegum minjum í borginni og miðlar þekkingu um þær. Í sýningar- og fræðslustarfi verður haldið í þá fjölbreyttu dagskrá sem í boði hefur verið fyrir börn og fjölskyldur á öllum starfsstöðvum safnsins.

Nýtt varðveisluhús verður tekið í notkun á Árbæjarsafni og þá loks verður stór hluti safngripa varðveittur við skilyrði sem uppfylla alþjóðlegar kröfur um varðveislu safngripa. Strangt utanumhald og skipulag fylgir flutningum safngripanna, allir munirnir verða hreinsaðir samkvæmt viðmiðum á sviði forvörslu, þeir skráðir og ljósmyndaðir áður en þeir fara í nýja varðveisluhúsið. Allir munirnir verða strikamerktir og staðsetning þeirra skráð, þannig að öryggi verði þeirra betur gætt og starfsfólki gert auðvelt að fá yfirsýn yfir safnkostinn. Í kjölfarið verður gerð áætlun um uppbyggingu annarra varðveisluhúsa á safnsvæðinu, með það að markmiði að innan fárra ára verði allir safngripir Borgarsögusafnsins varðveittir samkvæmt alþjóðlegum kröfum um varðveislu safngripa.



Á sviði miðlunar verður unnið samkvæmt nýrri sýninga- og fræðslustefnu, sem tekur mið af menningarstefnu Reykjavíkurborgar og stefnumótunarvinnu starfsmanna. Markmið hins nýja safns er m.a. að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá, ekki síst fyrir börn og fjölskyldur – jafnt innlendar sem erlendar.

Á árinu hefst vinna við nýja grunnsýningu á Sjóminjasafni og er það mikilvægur liður í því að byggja Sjóminjasafnið enn frekar upp og tryggja stöðu þess sem mikilvægur áfangastaður í miðborg Reykjavíkur, bæði fyrir íbúa borgarinnar og alla gesti. Þá verður unnið að frekari þróun safnbúðarinnar á Sjóminjasafni. Á árinu eru ráðgerðar gagngerar endurbætur á vef safnsins í heild, samhliða áframhaldandi þróun einstakra undirsíðna, s.s. söluvefs fyrir ljósmyndir.

Á starfsárinu mun Borgarsögusafn Reykjavíkur taka framboð í safnfræðslu til gagngerrar endurskoðunar. Vegna sameiningar gefst tækifæri til að efla ýmsa þætti fræðslustarfsins til dæmis að auka vægi sköpunar og þátttöku í heimsóknum skólahópa. Skerpt verður á einkennum hvers sýningarstaðar/safns fyrir sig, sem mun móta fræðslustefnu safnsins jafnt fyrir skipulagðar heimsóknir sem og opna viðburði tileinkaða börnum og fjölskyldum.

Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og dagskrár jafnt sumar sem vetur fyrir börn og fjölskyldur. Unnið verður áfram að eflingu rekstrar og starfsemi Borgarsögusafns Reykjavíkur. Rík áhersla verður lögð á að mæta þörfum og væntingum borgarbúa og gesta með því að viðhalda, efla og bæta góða þjónustu.



## Listasafn Reykjavíkur

Stærsta sýning ársins er Málverkið í samtímanum, sem er ætlað að gefa sneiðmynd af stöðu málaralistarinnar á Íslandi eins og hún horfir við okkur í dag. Þrjár sýningar eru settar upp í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi. Sýningin Vatnsberinn var kona tekur fyrir stöðu



verka- og vinnukvenna í byrjun síðustu aldar. Sýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og færeyska málarans Ruth Smith beinir athyglinni að tveim konum sem sóttu sér listmenntun til Kaupmannahafnar snemma á tuttugustu öld og lögðu málaralist fyrir sig á tímum þegar konum var ekki ætlað að hafa atvinnu af listsköpun. Vefnaðarlist Júlíönu verður einnig gerð skil á annarri sýningu ásamt listvefnaði Ásgerðar Búadóttur. Safnið ræktar hlutverk sitt að kynna erlenda myndlist á Íslandi með sýningum á verkum Richard Serra og Cory Arcangel. Umhverfisverk Serra í Viðey verður í brennidepli á sumarsýningu Hafnarhúss sem mun tengjast sumarlangri viðburðadagskrá í Viðey.

Ný heimasíða verður kynnt á árinu og þar verður starfrækt netverslun. Öll sýningasaga safnsins frá 1973 til dagsins í dag og hátt í þúsund sýningaskrár verða aðgengilegar á heimasíðunni auk upplýsinga um alla þá starfssemi sem safnið stendur fyrir. Hafin verður vinna við mótun stefnu um list í almenningsrými. Áhersla verður á menningarlega sérstöðu einstakra hverfa borgarinnar og aukna aðkomu listamanna að skipulagi og mótun mannvirkja á vegum borgarinnar.

Unnið verður að þróun nýrra kennslugagna um list Errós, Kjarval og Ásmundar Sveinssonar. Ný fræðslusýning um húmor í myndlist verður sett upp í Flakkaranum. Aukin verður fjölbreytni viðburða fyrir yngri gesti safnsins í Hugmyndasmiðjunni á Kjarvalsstöðum og boðið upp á viðburði fyrir fjölskyldur um helgar í safninu sem tekur mið af öllum aldurstigum og kyni. Fræðslustarfið á safninu árið 2015 sinnir því að gera listir að mikilvægum þætti í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í Reykjavík, vekja safngesti, stóra sem smáa, til umhugsunar um myndlist og hvetja til gagnrýnnar hugsunar. Gefnir eru út safnfræðslubæklingar og tekið á móti skólahópum á öllum skólastigum.



## Höfuðborgarstofa

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika borgarinnar á því sviði. Höfuðborgarstofa vinnur eftir ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar sem var samþykkt 2011 til ársins 2020. Í ljósi breyttra forsenda vegna hraðari fjölgunar ferðamanna en reiknað hafði verið með verður ráðist í endurskoðun og uppfærslu á aðgerðaáætlun Ferðamálastefnunnar. Áfram verður byggt á grunnstoðunum fjórum; Vetrarborg, Menningarborg, Heilsuborg og Ráðstefnuborg—en breiður hópur hagsmunaaðilar verður kallaður að rýningu og hugmyndavinnu í samræmi við ákvörðun menningar – og ferðamálaráðs. Nýtt slagorð og auðkenni fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög – Reykjavík Loves - var kynnt í september 2014 og haldið verður áfram með innleiðingu þess. Nýja markaðsefnið byggir á auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög um sameiginlega markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu í heild. Unnið verður að markvissara samstarfi við kynningarfulltrúa nágrannasveitarfélaganna. Eitt af meginmarkmiðum Höfuðborgarstofu er að lengja dvalartíma erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og skiptir mestu að kynna afþreyingarmöguleika í Reykjavík og nágrenni. Gefin verða út svokölluð þemakort sem merkja áhugaverða staði inn á kort út frá tilteknu þema, s.s. menningarkort og afþreyingarkort. Aukinn kraftur verður settur í kynningu gegnum vefmiðla Höfuðborgarstofu þar sem byggt verður á efni á borð við myndbönd, ljósmyndir, fréttir og greinar á heimasíðu. Farið verður í kynningarátak fyrir nýtt viðburðadagatal sem verður sett upp á heimasíðunni visitreykjavik.is í lok árs 2014, bæði gagnvart þeim sem standa fyrir viðburðum og þeim sem nota dagatalið til upplýsinga. Unnið verður að því að kynna betur og auka aðgengi að Gestakorti Reykjavíkur. Áfram verður unnið með hátíðarborgina Reykjavík (Reykjavík Festival City) með kynningu á borgarhátíðunum fimm (Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, Tendrun Friðarsúlunnar og Desember í Reykjavík) og öðrum hátíðum sem saman mynda þétt hátíðardagatal yfir árið. Stefnt er að því að standa fyrir málþingum og vinnustofum þar sem markmiðið verður að auka fagmennsku og efla samstarf milli hátíða.



# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | Rauntölur 2011 | Rauntölur 2012 | Rauntölur 2013 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Borgarbókasafn Reykjavíkur*** | | | | | |
| Gestafjöldi | 656.087 | 636.970 | 626.015 | 620.000 | 695.000 |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 10.617 | 12.789 | 10.679 | 11.000 | 15.000 |
| Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur | 48 | 51 | 56 | 56 | 100 |
| Fjöldi heimsókna á vefsvæði BBS * | 120.512 | 202.254 | 223.781 | 192.000 | 210.000 |
| Fjöldi uppflettinga á vefsvæði BBS * | 405.024 | 667.260 | 619.536 | 480.000 | 540.000 |
| Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna | | | | | 5 |
| Samstarfsaðilar | | | | | 91 |
| Safnkostur | 470.523 | 477.603 | 459.260 | 461.000 | 460.000 |
| Safnkostur á íbúa | 3,95 | 4,02 | 3,78 | 3,8 | 3,8 |
| Velta safnkosts-útlán á eintak | 2,35 | 2,06 | 2 | 2 | 2 |
| Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku | 327 | 342 | 342 | 363 | 363 |
| Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó | 6.622 | 6.622 | 6.622 | 7.222 | 9.122 |
| Framkvæmdir og viðhald | 43 |
| Skrifstofa sviðsstjóra | 19 |
| Sviðsstjóri | 17.8 |
| Skipulag, byggingar og borgarhönnunar | 44 |
| Umhverfisgæði | 95.2 |
| Rekstur og umhirða | 142 |



# HLUTVERK

**Umhverfis- og skipulagssvið** gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum í að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Á sviðinu er einnig unnið að verkefnum eins og *torg í biðstöðu* sem eiga að auðga mannlífið í borginni og borgarbúar virðast kunna vel að meta. Undir sviðið heyra einnig byggingarfulltrúi, skipulagsfulltrúi og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því á vormánuðum tók nýtt aðalskipulag til ársins 2030 gildi og er það leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í starfsáætlun ársins fyrir árið 2015. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir mikilli og fjölbreyttri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem umhverfis- og skipulagssvið ber ábyrgð á og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri og heilsusamlegri borg.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Sviðsstjóri ber ábyrgð á stefnumótun í þeim málaflokkum sem heyra undir Umhverfis-og skipulagssvið og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður aðalskipulags, svæðisskipulags, deildar stefnumótunar, greiningar og miðlunar og landupplýsinga. Græna borgin, alþjóðleg samvinna, miðlun upplýsinga og fleiri verkefni heyra undir sviðsstjóra.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu og stoðþjónustu fyrir sviðið. Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, stjórnsýslulegum málum, lögfræðiþjónustu, rekstri sviðsins og stoðþjónustu við aðrar skrifstofur sviðsins. Umsýslan fjármagns vegna samninga um kirkjugarða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðsstjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B- hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

## Skrifstofa skipulags, bygginga og borgarhönnunar

Skrifstofa skipulags, bygginga og borgarhönnunar ber ábyrgð á skipulagi byggðar, landslags og samgangna út frá samþykktri stefnumörkun, sem og eftirliti með framkvæmd skipulags og uppbyggingar. Innan skrifstofunnar eru lögbundin verkefni skipulags- og byggingarfulltrúa. Vinna við frumathuganir vegna fyrirhugaðra framkvæmda er einnig staðsett á skrifstofunni, eða forsagnar- og greiningarvinna er varðar bæði samgöngur og byggingar. Mótun almenningsrýma sem og svokölluð tímabundin verkefni eins og torg í biðstöðu falla einnig undir þessa skrifstofu ásamt fjölbreyttu samstarfi í miðborgarmálum.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mannvirkja sér um undirbúning, framkvæmd, útboð og eftirlit með nýframkvæmdum fasteigna, samgöngumannvirkja og opinna lóða. Skrifstofan sér einnig um viðhald eignanna. Skrifstofunni er skipt upp í þrjár deildir og sér hver þeirra um heildstæða verkferla á sínu sviði, þ.e. hönnun, útboð, framkvæmd samninga og viðhald. Skrifstofan annast þannig framkvæmdir og viðhald eigna sem falla undir Eignasjóð. Skrifstofa eigna -og atvinnuþróunar, sem heyrir undir borgarritara, ber ábyrgð á Eignasjóði og hefur verkaskipting, verklag og verkflæði milli þeirrar skrifstofu og Umhverfis-og skipulagssviðs verið sett upp og innleitt með skýrum hætti.

## Skrifstofa reksturs og umhirðu

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands sér um allan daglegan rekstur og umhirðu á borgalandinu. Meginverkefni deildarinnar er grassláttur, vetrarþjónusta, hreinsun á borgarlandinu, umferðarljós, umferðarskilti, gatnalýsing, umhirða opinna svæða, rekstur hverfastöðva og verkbækistöðva garðyrkju, ræktunarstöð og búfjáreftirlit. Skrifstofan sinnir útgáfu leyfisveitinga eins og um afnot af borgarlandi og leyfi fyrir torg og götusölu auk þess að láta fjarlægja bílhræ. Ábendingavefur um það sem betur má fara í borgarlandinu er einnig á ábyrgð skrifstofunnar.

## Skrifstofa umhverfisgæða

Á skrifstofunni eru þrjár starfseiningar, náttúra og garðar, umhverfis- og úrgangsstjórnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (sjá neðar) heyrir rekstrarlega til skrifstofu umhverfisgæða en er faglega sjálfstæð eining með framkvæmdastjóra og hlítir niðurstöðu heilbrigðisefndar. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði.

Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar. Grasagarður, Vinnuskóli, Meindýravarnir og Sorphirða Reykjavíkurborgar heyra undir skrifstofuna.

### Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim. Þá fer Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með vöktun á borgarumhverfi er varðar m.a. loftgæði, vatnsgæði og vöktun strandsjávar og vatnsverndarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur einnig eftirlit með hundahaldi í borginni skv. samþykkt nr. 478/2012. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur í borginni og sinnir reglubundnu eftirliti með fyrirtækjum auk eftirlits með íbúðarhúsnæði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir; matvælaeftirlit og umhverfiseftirlit og einingu vöktunar og hundaeftirlits. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

## MEGINÁHERSLUR 2015—BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

### Inngangur

Samþykkt nýs aðalskipulags hefur mikla þýðingu fyrir starf Umhverfis- og skipulagssviðs enda er aðalskipulag samþykkt stefnumótun sem ber að fara eftir. Tekur því starfsáætlun sviðsins mið af aðalskipulaginu í hvívetna. Á árinu 2014 bar mjög á auknum áhuga á uppbyggingu í Reykjavík og mikið af stórum verkefnum sem hafa verið til umfjöllunar hjá sviðinu um nokkurt skeið eru nú komin til framkvæmda. Áfram er unnið með úrgangsstjórnun og mikill árangur hefur náðst í því að flokka pappír frá öðru heimilissorpi og herferðin pappír er ekki rusl skilaði miklum árangri. Á vormánuðum var farið í umgengnisátak með auglýsingaherferð m.a. á samskiptamiðlum og áfram verður haldið á þeirri braut árið 2015. Í samræmi við markmið í nýju aðalskipulagi verður megináhersla lögð á það í öllu starfi sviðsins að gera Reykjavík sjálfbærari, hreinni, heilbrigðari og fallegri eins og segir í leiðarljósi Umhverfis- og skipulagssviðs. Nýtt aðalskipulag vísar veginn og innleiðingaráætlun er langt komið. Hjólreiðum verður gert enn hærra undir höfði í samræmi við samþykkt borgarstjórnar og fyrirhugað er að fara í átak til að kynna möguleika til hjólreiða, fjölga hjólastæðum, hjólamerkingum, auka sýnilegar aðgerðir ásamt því að uppfæra hjólreiðaáætlun sem samþykkt var 2010. Nú er hafin vinna við stefnumótun um líffræðilegan fjölbreytileika sem verður lokið árið 2015 og þá tekur innleiðing við. Í skipulagi verður haldið áfram að vinna að því að gera hverfin vistvænni og verður samráð og samtal við íbúa lykilþáttur í þjónustu sviðsins. Fyrirhugað er nú á haustmánuðum að fara í þjónustukönnun og verður unnið úr niðurstöðum hennar árið 2015. Áhersla á skýra og skiljanlega upplýsingagjöf verður aukin og er nýtt verklag í vinnslu sem verður innleitt snemma árs 2015. Undirbúningur vegna uppbyggingar í Úlfarsárdal verður eitt af stærstu verkefnum á sviði framkvæmda og viðhalds árið 2015.

### Aðalskipulag

Vinna við aðalskipulag á árinu 2015 mun snúa að endurbótum á vistun og framsetningu aðalskipulagsins á vefnum, bæði í hefðbundnu vefumhverfi og í skipulagssjánni. Markmiðið er að auka aðgengi og auðvelda leit að einstökum skipulagsákvæðum eða köflum aðalskipulagsins. Unnið er að gerð upplýsinga- og leiðbeiningarrita (bæklingur eða annarskonar miðlun) um stefnumörkun í völdum málaflokkum aðalskipulagsins ætluð hagsmunaaðilum, íbúum og fjárfestum. Í samstarfi við deildir og skrifstofur sviðsins verður unnið að gerð gátlista og þróun verklags, sem tryggir að ákvæðum aðalskipulags verði fylgt í hvívetna. Mælikvarðar til að meta framfylgd aðalskipulagsins verða þróaðir áfram, jafnhliða því sem gagnagrunnar verða endurbættir og aðrar lykiltölur skilgreindar. Heildaryfirlit markmiða og ákvæða aðalskipulags verður sett fram í aðgerðaáætlun, þar sem leiðir að markmiðum eru skilgreindar og þeim forgangsraðað. Unnið verður að lokafrágangi og staðfestingu nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið. Einnig er unnið að áætlanagerð og viðhaldi gagnagrunns um uppbyggingu í borginni, bæði varðandi íbúðir og atvinnuhúsnæði. Áhersla verður lögð á húsnæðismarkaðinn og mat á núverandi stöðu hans og þróun. Úttekt verður gerð á þróun gistiþjónustu á miðborgarsvæðinu, sem ljúka á við áður en ráðist er í vinnu við hverfisskipulag miðborgar. Breytingar gerðar á Aðalskipulaginu 2010-2030 samkvæmt ákvörðunum og stefnu borgaryfirvalda og settum lögum og reglugerðum þar um. Umsagnagerð verður sinnt og upplýsingamiðlun til umhverfis- og skipulagsráðs, skipulagsfulltrúa og annarra sviða varðandi samræmi skipulagsáætlana og einstakra framkvæmda við stefnu aðalskipulags.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Á árinu 2015 er stefnt að því að lokið verði við að þróa mælikvarða í umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur á árinu 2015 og þeir settir í farveg. Ráðist verður í gerð framvinduskýrslu í samræmi við skuldbindingu Reykjavíkur við loftslagssáttmála sveitarfélaga í Evrópu (Covenant of Mayors). Unnið verður að stefnumótun vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum eins og tekið er fram í umhverfis- og auðlindastefnu. Unnið verður að enn meiri fjölgun vinnustaða í *Grænum skrefum* með fræðslu og kynningarstarfi. Grænt bókhald þátttakenda í *Grænum skrefum* verður þróað áfram og upplýsingagjöf aukin. Stutt verður við og unnið að fjölgun *Bláfána* innan borgarmarkanna. Eftirfylgni við skrifstofur og deildir innan USK varðandi ólokin verkefni í samræmi við umhverfisstefnu og markmið USK. Árið 2009 náði Reykjavíkurborg þeim góða árangri að vera ein af sex borgum sem kepptu til úrslita um útnefningu til *Grænu borgar Evrópu* árið 2012. Á þeim tíma var unnin ítarleg umsókn sem fól í sér greinargerð á stöðu umhverfismála í borginni. Á árinu 2015 verður farið yfir þá greinargerð og metið hvort raunhæft sé að setja í starfsáætlun 2016 að lagt verði í vinnu við að sækja aftur um að Reykjavík verði *Græn borg Evrópu*. Miðlunarteymið metur í samráði við stjórnendur umfang stakra verkefna, hvort sækja þurfi eftir samráði, halda kynningarfund, hvernig haga megi kynningum og fréttum og hvaða áherslur beri að leggja. Í árslok 2014 verður lokið við gerð nýrra verkferla sem snúa að bættri kynningu og upplýsingagjöf til borgarbúa um fyrirhuguð uppbyggingaráform og breytingar á nærumhverfi. Einnig verða lagðar línur um hvernig auka megi gæði kynningarefnis til að auðvelda borgarbúum að mynda sér skoðanir og koma þeim á framfæri. Þá verða stefnumið sviðsins sem fram koma í umhverfisstefnu USK gerð sýnilegri. Haldið verður áfram með fundarröð formanns umhverfis– og skipulagsráðs um þróun og mótun borgarinnar sem hófst seinni hluta ársins 2014.

## Landupplýsingar

Farið verður í stórt átaksverkefni til að lagfæra skráningu lóða í Landskrá fasteigna. Haldið verður áfram vinnu við þróun þrívíddarlíkans af borginni og skoðaðar verða nýjar og ódýrari lausnir við gerð þrívíddarlíkana. Farið verður í samvinnu við *Google Maps* um birtingu göngu- og hjólastíga í borginni á vefsíðum þeirra og jafnvel að leiðir almenningssamgangna verði aðgengilegar þar. Áfram verða þróaðar nýjar lausnir til að safna rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma. Farið verður í uppfærslur á Borgarvefsjár- appinu fyrir spjaldtölvur og farsíma. Unnið verður að samræmingu á útliti Borgarvefsjár, Borgarsjár og Skipulagssjár og samtengingu þessara veflausna. Vinna við gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni mun halda áfram og það er æskilegt að setja meiri kraft í lóðarannsóknir. Tekið verður á fortíðarvanda sem tengist lóðamarkabreytingum á síðustu 30 árum. Unnið verður við gerð þéttingakorts í LUKR, sem mun sýna þróunarsvæði í borginni skv. gildandi aðalskipulagi. Skoðaður verður möguleiki á að koma húsakönnunum í skipulagssjánna. Haldið verður áfram að kortleggja öll bílastæði og bílageymslur/bílskúra í borginni. Opnuð verður ný vefsíða þar sem safnað verður tenglum á sem flestar vefslóðir þar sem traustar kortaupplýsingar um Reykjavík birtast.

## SKIPTING REKSTRAR 2015




Mynd 1 USK RK




Mynd 2 USK ES

## Mannauðsmál

Á árinu verður sú ímynd efld að sviðið sé áhugaverður starfsvettvangur og fagleg vinnubrögð í ráðningum og starfsmannavali verða þróuð áfram. Nánari útfærsla á heilsustefnu sviðsins með því að undirstrika mikilvægi samvinnu milli vinnustaðar og starfsfólks. Viðverustefna borgarinnar verður útfærð með það að markmiði að draga úr veikindafjarvistum. Græn hugsun verður efld og áhersla lögð á að starfsfólk tileinki sér vistvæna hugsun og hegðun og sé meðvitað um mikilvægi umhverfisstjórnunar. Meta þarf fræðsluþarfir og móta áætlun varðandi símenntun ólíkra starfshópa. Árangursríkir stjórnunarhættir verði í takt við framþróun þjónustunnar. Verkferlar og verklag endurskoðað út frá niðurstöðum þjónustukönnunar. Vettvangur skapaður fyrir stjórnendur til að miðla þekkingu og reynslu af árangursríkum stjórnunaraðferðum.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Öryggisstjórnunarkerfi, BS 18001, vottað fyrir allt sviðið. Haldið verði áfram með að innleiða gæðastjórnunarkerfi sviðsins, ISO 9001 og lögð verði áhersla á skrifstofustarfsemi/þjónustu sem veitt er í Borgartúni 12-14. Byrjað verði að skoða innleiðingu á nýju kerfi fyrir utanumhald rekstrar- og gæðahandbókar sviðsins.

## Skrifstofa umhverfisgæða

### Heilbrigðiseftirlit

Verkefni frá árinu 2014 sem ekki komust að eru m.a. að hefja eftirlit með efnum og hlutum sem komast í snertingu við matvæli og að erfðabreytt matvæli og heilsu- og næringarfullyrðingar á matvælum verði í samræmi við lög. Ljúka þarf heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Sameiginleg átaksverkefni ásamt Heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun eru m.a.: Þrif og hollustuhættir í skólahúsnæði þ.á.m. kennsla á handþvotti, öryggi á sund- og baðstöðum, virkni olíuskilja, magn og meðferð lífræns úrgangs, hávaði í leik- og grunnskólum, sushi staðir – meðferð og frysting hráefnis og örverurannsóknir, kælikeðjan – flutningur matvæla og kælar í verslunum, uppruni skelfisks á veitingastöðum og í verslunum, könnun á *salmonellu* og *camphylobakter* í alifuglum auk upprunamælingar á matjurtum. Vöktunaráætlun vegna vatnatilskipunar Evrópusambandsins hefst auk reglulegrar vöktunar á umhverfisgæðum og áfram verður unnið við leit að rangtengingum í fráveitu. Vinna skv. nýju samræmdu áhættumati í matvælafyrirtækjum hefst. Örverufræðileg viðmið í þorramat og ís í vél verða áfram rannsökuð.

### Náttúra og garðar

Unnar verða áætlanir fyrir aukna trjárækt í borginni og aukna líffræðilega fjölbreytni á slegnum svæðum. Gerð verður áætlun um endurnýjun götutrjáa og nýjar tegundir prufaðar. Tækifæri til borgarbúskaps verða aukin í samstarfi við íbúa og félagasamtök og áfram verður unnið að áætlun um endurnýjun og viðhald leiksvæða. Lögð verður áhersla á fræðslu um náttúru Reykjavíkur. Unnið verður að þjónustusamningum við Umhverfisstofnun um umsjón friðlýstra svæða og friðlýsingu Akureyjar. Áfram verður unnið að kortlagningu ágengra plöntutegunda í borgarlandinu og áætlun um aðgerðir. Unnið verður að því að efla fuglalíf tjarnarinnar með ungauppeldi og bættum aðbúnaði unga. Dreifing og fjölgun kanína og þörf á aðgerðum verður metin. Horft verður til úrlausna við verndun og aukningu líffræðilegrar fjölbreytni við gerð deiliskipulags og hverfisskipulags í samstarfi við skipulagsfulltrúa og skrifstofu framkvæmda. Í Grasagarðinum verður áfram haldið úti öflugri fræðslustarfsemi og áhersla verður lögð á að safna safngripum í nýja steinhæð Grasagarðsins ásamt eðlilegri endurnýjun safngripa í öðrum safndeildum. Unnið verður að því að efla fjölbreytt starf Vinnuskólans enn frekar.

### Umhverfis- og úrgangsstjórnun

Unnið verður að því að auka umfang vottaðrar umhverfisstjórnunar í rekstri borgarinnar auk þess sem haldið verður grænt bókhald yfir úrgangsmagn, eldsneytismagn, rafmagn og heitt vatn þvert á svið borgarinnar. Unnið verður samkvæmt niðurstöðum starfshóps um vistvænt vottaðar byggingar Reykjavíkurborgar. Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum til 2020 verður fylgt eftir. Farið verður í fræðsluátak til að draga úr úrgangsmyndun með áherslu á matarsóun. Átak verður gert í að auka meðvitund fólks um að ganga vel um borgarumhverfið samhliða hreinsunarátaki á vormánuðum. Áfram verður unnið að uppbyggingu grenndarstöðva. Hentugri gámum komið fyrir og niðurgröfnum stöðvum og stöðvum sem taka við gleri fjölgað. Gerð verður tilraun með söfnun á ákveðnum plastflokkum frá heimilum. Aðgengi að úrgangsílátum í borginni verður bætt með hvatningu og stuðningi við íbúa þar sem aðgengi er talið ábótavant. Bætt verður við biðum fyrir úrgangsflokkun á almenningssvæðum. Unnið verður að auknum vistvænum innkaupum í rekstri borgarinnar.

## Framkvæmdir og viðhald

Meðal áhersluþátta verður að efla framsetningu kynningarefnis og upplýsingagjafar m.a. fyrir viðkomandi ráð og nefndir. Bæta verklag við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum skrifstofunnar, bæta hagkvæmni og jafnræði og að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð. Auka upplýsingagjöf og kynningar varðandi framkvæmdir og setja þær skilmerkilega fram. Áhersla lögð á að ganga frá skilamati fyrir nokkur meiriháttar verkefni þar sem framkvæmdum er þegar lokið eða verður lokið á árinu. Meðal stórra framkvæmda verða uppbygging í Úlfarsárdal þar sem ráðist verður í byggingu á grunnskóla, sundlaug og menningarmiðstöð. Framkvæmdir við Hlíðarenda hefjast þar sem verið er að undirbúa byggingu um 600 íbúða. Auk þess er gert ráð fyrir áframhaldandi lagningu hjóla- og göngustíga í samræmi við hjólreiða- og samgönguáætlanir.

## Rekstur og umhirða borgalands

Gerðar verða umhirðuáætlanir hjá gatnahluta, garðyrkju og þjónustumiðstöð með það að markmiði að bæta skilvirkni og fegra borgina. Lögð verður áhersla á auknar fjárfestingar til að nýta betur það vinnuafl og það fjármagn sem er til staðar. Haldið verður áfram með endurskipulagningu á grassslætti ásamt því að fjárfesta í fleiri sláttutækjum. Kláruð verður útgáfa á reglum um notkun á borgarlandi og framkvæmdaheimild ásamt því að lögð verður fram gjaldskrá. Áætlað er að fjárfesta í *spuma* gróðurhreinsunartæki og endurnýjaður verður búnaður til hreinsunar á veggjakroti. Samstarf við lögreglu og skráning gagna í veggjakroti verður eflt. Keyptur verður sópur til eigin nota í hreinsun á gönguleiðum. Leitað verður leiða til að bæta afköst við snjómokstur gönguleiða ásamt því að kennsla og þjálfun verður efld innan dráttavéladeildar. Skrásetning beða og garða verður kláruð inn í borgarvefsjá. Gerð verður áætlun um að fjölga náttúrulegum og viðhaldsfríum beðum og svæðum á borgarlandinu ásamt því verður blómakerum sinnt markvisst í öllum hverfum. Náttúrulegum svæðum verður fjölgað til að auka fjölbreytni gróðurs og grænna svæða í borgarlandinu og auka markvissi grassláttar. Lögð verður áhersla á enn frekara samstarf við aðrar skrifstofur og deildir innan sviðsins. Hafið verður þróunarverkefni í samstarfi við hverfisstjórann í Breiðholti með það að markmiði að brúa bilið milli félagslegrar þjónustu og þjónustu sem varðar umhverfið.

## Skipulag, byggingar, borgarhönnun

### Byggingarfulltrúi

Skoðuð verður yfirferð umsóknargagna um byggingarleyfi og umsagnir sem þeim tengjast með hagræðingu í huga. Þekking innan embættisins verður aukin til að koma til móts við kröfur sem lúta að gæðum við gerð mannvirkja, vistfræðilegum atriðum og umhverfi. Herða þarf aðgerðir til að knýja á um úrbætur á ásigkomulagi bygginga og umhverfi þeirra í samræmi við gögn og samþykktir auk eftirlits með fyrirkomulagi auglýsingaskilta og gáma í borgarlandinu. Nauðsynlegt er að leita leiða til halda áfram vinnu við að færa fundargerðir byggingarnefnda á tölvutækt form til að tryggja varðveislu þeirra, betri aðgang og færa teikningar embættisins á tölvutækt form og gera aðgengilegar á teikningavef.

### Frumathuganir mannvirkja

Unnið verður að bættu verklagi við undirbúning fyrir framkvæmdir á vegum borgarinnar og stuðlað að því að ávallt sé unnið faglega og hagkvæmni og jafnræðis gætt í samvinnu við skrifstofu framkvæmda og viðhalds og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Áfram verði stefnt að umhverfisvottun nýbygginga Reykjavíkurborgar og að hönnun verði unnin í hugmyndafræði BIM (Building Information Modeling) auk þess sem LCC (Life Cost Cicle) greining verði viðhöfð við allar nýbyggingar.

### Samgöngur

Áfram verður unnið að framgangi samgöngumála í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og notenda Strætó. Áfram verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík verður fjölgað. Merkingar á göngu- og hjólastígum athugaðar sérstaklega. Borgargötum í borginni verður fjölgað í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Áfram er unnið að minni notkun nagladekkja. Forgangur Strætó í borginni verður aukinn og hugað sérstaklega að biðskýlum og aðkomu að þeim. Unnið verður að stýringu umferðarljósa fyrir forgangsakstur og strætó. Stutt verður við rafbílavæðingu. Aðgengi fyrir fatlað fólk verður bætt í miðborginni. Laugavegur verður endurhannaður. Umferðarskipulag Kvosar verður endurskoðað, gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegar færð og umferð á Austurhafnarlóð breytt. Hugað verður sérstaklega að umferð vegna ferðamennsku í borginni. Undirbúningsvinna vegna samgöngumiðstöðvar BSÍ er á dagskrá. Göngu- og hjólastígakort verður uppfært og umferðaröryggismál yfirfarin. Áfram er lögð áhersla á öryggi á gönguleiðum skólabarna. Styrkir til úrbóta í hljóðvistarmálum eru til meðferðar og unnið að hönnun hljóðvarna við stærstu umferðaræðar. Víðtæk umferðarkönnun verður til úrvinnslu.

### Skipulagsfulltrúi

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2015 að loknu samráðs-og upplýsingaferli með borgarbúum. Gert er ráð fyrir að unnið verði við fjóra borgarhluta á næsta ári. Áherslan í öllum skipulagsáætlunum verður á sjálfbærni og visthæfi hvívetna í samræmi við stefnu nýs aðalskipulags. Haldið verður áfram endurskoðun eldri skipulagsáætlana í samvinnu við lóðarhafa sem tekur mið af sögulegu samhengi miðborgarinnar samhliða því að styrkja og efla þá fjölbreyttu starfsemi sem þar er að finna. Einnig verður ráðist í gerð fjölda nýrra deiliskipulagsáætlana víða í borginni í samræmi við uppbyggingaráætlun aðalskipulags. Stefnt er að enn öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa á árinu 2015 og er áætlað að upplýsingaritið *Borgarsýn* komi út að lágmarki þrisvar til fjórum sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði skipulagsmála. Að auki mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í því að efla umræðu um skipulagsmál í borginni. Fyrirspurnum og umsóknum til embættisins verður komið á rafrænt form. Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar mun skipulagsgerð ársins taka mið af aukinni þörf á minni íbúðum miðsvæðis eða litlum leiguíbúðum. Mikil vinna mun tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi, í vinnslu eða í bígerð, s.s. rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog og Gufunes.

### Kynjuð fjárhags og starfsáætlun

Á árinu 2014 hefur verið unnið enn frekar að innleiðingu kynjaðrar fjárhags– og starfsáætlunar á sviðinu. Í upphafi ársins var lögð fram skýrsla í umhverfis- og skipulagsráði sem byggð er á verkefni starfshóps USK. Annars vegar var tekin til greiningar aðkoma kynjanna að skipulagsmálum og hins vegar var kynjahlutfall í athugasemdum við deiliskipulag greint og hvaða athugasemda var tekið tillit til. Að beiðni fagráðs var að auki skoðaður viðbótarþáttur þ.e. aðkoma kynjanna að hverfisskipulagi og hvort kynjasjónarmið væru höfð til hliðsjónar við verkefnið. Á árinu 2015 verður haldið áfram við greiningar á þjónustu sviðsins. Þá verður sömuleiðis leitast við að efla skráningu og öflun kyngreindra gagna enn frekar og þess gætt að gögn sem aflað er vegna verkefna í skipulagsmálum og annarra verkefna á sviðinu verði kyngreind. Fyrir liggur tillaga um að hefja undirbúning að greiningu á hjólreiðáætlun Reykjavíkurborgar.

## HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir tekjuaukningu upp á rúmar 150 mkr. Tekjur byggingarfulltrúa eru hækkaðar milli ára um 70 mkr, tekjur vegna landleigu Bílastæðasjóðs hækka um 50 mkr, tekjur vegna skipulagsgjalds sem er nýr tekjustofn eru um 18 mkr og tekjur vegna heilbrigðiseftirlits hækka um 12 mkr.

Þá er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga upp á 152 mkr, vegna verðbættra samninga að upphæð 69 mkr og vegna viðbótarverkefna í rekstri og viðhaldi gatna að upphæð 57 mkr. Gert er ráð fyrir því að innri leiga lækki um 63 mkr einkum vegna leigu gatna eða 49 mkr og leigu á færri fermetrum í Borgartúni 12-14 vegna skipulagsbreytinga að upphæð 22 mkr.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2011 | 2012 | 2013 | Útgöngu-tölur 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur** | | | | | |
| Útgefin starfsleyfi | 445 | 325 | 550 | 330 (485) | 455 |
| Tóbakssöluleyfi | 45 | 29 | 35 | 35 (60) | 55 |
| Skráðir hundar | 2.400 | 2.500 | 2.540 | 2.550 | 2.600 |
| Fjöldi eftirlitsferða (- hundaeftirlit) | 3.395 | 3.713 | 3.500 | 4.000 | 3.300 |
| Fjöldi kvartana (- hundaeftirlit) | 600 | 494 | 500 | 500 (500) | 570 |
| Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar) | 13 | 7 | 7 | 7 | >7 |
| **Náttúra og garðar** | | | | | |
| Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði | 5.689 | 5.657 | 5.649 | 5.600 | 5.600 |
| Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins | 2.399 | 2.368 | 3.994 | 3.500 | 3.500 |
| Nemendur í Vinnuskólanum | 3.150 | 1.830 | 1.588 | 1.577 | 1.620 |
| **Sorphirða við heimili** | | | | | |
| Fjöldi sorpíláta, blandað sorp [tunnuígildi] | 37.761 | 37.311 | 36.081 | 35.700 | 36.000 |
| Blandað sorp [tonn] | 20.579 | 20.702 | 19.308 | 18.300 | 18.000 |
| Sorpmagn á íbúa [kg/íbúa] | 173,2 | 172,9 | 159 | 153 | 149 |
| Fjöldi blárra tunna [stk] | 2.939 | 4.063 | 11.284 | 12.300 | 14.000 |
| Pappírs- og pappi í bláar tunnur [tonn] | 928 | 1.118 | 2.384 | 3.200 | 3.700 |
| **Grenndarstöðvar** | | | | | |
| Fjöldi grenndarstöðva | 55 | 55 | 56 | 57 | 58 |
| Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn] | 1.272 | 1.328 | 1.087 | 1000 | 1.200 |
| Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn] | 33 | 46 | 41 | 70 | 100 |
| **Endurvinnslustöðvar** | | | | | |
| Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 |
| Móttekið magn úrgangs. [tonn] | 31.503 | 35.337 | 33.318 | 35.000 | 36.000 |
| **Samgönguskrifstofa** | | | | | |
| Umferðaróhöpp með meiðslum | 231 | 239 | 227 | 216 | 210 |
| Fjöldi umferðarljósa | 114 | 115 | 114 | 112 | 112 |
| Fjöldi gangbrautarljósa | 33 | 34 | 35 | 36 | 37 |
| Nagladekkjanotkun (hlutfall) | 33 | 36 | 35 | 33 | 32 |
| Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km) | 14 | 18 | 23 | 30 | 35 |
| Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km) | 770 | 773 | 775 | 778 | 781 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | 2011 | 2012 | 2013 | Útgöngu-tölur 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skipulagsmál** | | | | | |
| Fjöldi kærðra mála | 22 | 30 | 25 | 45 | 45 |
| Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins | 20/8 | 13/17 | 9/2 | 18/4 | 22/7 |
| Frávísuð og staðfest mál | 4 | 9 | 4 | 4 | 5 |
| Ákvarðanir felldar úr gildi | 4 | 4 | 1 | 0 | 2 |
| Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs | 555 | 659 | 1.263 | 1.100 | 1.200 |
| **Skipulagsfulltrúi** | | | | | |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundum | 1.108 | 1.180 | 1.532 | 1.700 | 1.800 |
| Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda | 67 | 57 | 69 | 100 | 110 |
| Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums. | 102/36 | 112/39 | 130/30 | 80/55 | 90/60 |
| **Byggingarfulltrúi** | | | | | |
| Samþykktir m3 | 193.790 (56.936 íb-úðarh.) | 295.68 (139.881 íbúðarh.) | 663.996 (294.508 íb-úðarh.) | 700.000 (350.000 íbúðarh.) | 750.000 |
| Byggðir m3 (lokið við) | 426.920 (59.666 íb-úðarh.) | 23-6.637 (73.298 íbúðarh.) | 222.309 (137.646 íb-úðarh.) | 30-0.000 (150.000 íbúðarh.) | 400.000 |
| Samþykktir m2 | 44.934 (18.665 íb-úðarh.) | 76.990 (42.788 íbúðarh.) | 174.791 (91.572 íb-úðarh.) | 200.000 (100.000 íbúðarh.) | 230.000 |
| Byggðir m2 (lokið við) | 74.531 (18.519 íb-úðarh.) | 56.226 (22.298 íb-úðarh.) | 75.920 (42.203 íb-úðarh.) | 90.000 (50.000 íb-úðarh.) | 130.000 |
| Fullgerðar íbúðir | 95 | 141 | 353 | 400 | 450 |
| Hafin smíði nýrra íbúða | 113 | 356 | 614 | 650 | 700 |
| Fjöldi úttekta | 2.140 | 2.542 | 2.607 | 3.400 | 3.500 |
| Yfirferð uppdrátta | 16.496 | 15.942 | 21.036 | 22.000 | 22.500 |
| Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir | 297 / 119 | 397/163 | 267/203 | 300/200 | 300/200 |
| Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda | - | 15.828 | 13.835 | 16.000 | 16.500 |
| Fjöldi mála á afgreiðslufundum | 2.584 | 2.593 | 2.950 | 3.300 | 3.500 |
| **Rekstur og umhirða** | | | | | |
| Bekkir | 896 | 902 | 1.508 | 1.550 | 1.508 |
| Stampar | 1.178 | 1.196 | 1.220 | 1.300 | 1.514 |
| Sláttur - flatarmál (m2) | 3806138 | 4145320 | 4166047 | 4300000 | 4300000 |
| Hitakerfi - flatarmál (m2) | 227782 | 227782 | 229715 | 230000 | 238480 |
| Ljósastaurar | 21230 | 21645 | 22097 | 22522 | 22972 |
| Vetrarþ. gatna. ökulengd (km) | 1011 | 1026 | 1027 | 1027 | 1028 |
| Vetrarþ. gönguleiða (km) | 757 | 771 | 781 | 800 | 773 |
| Hreinsun gatna og gönguleiða - flatamál (m2) | 6425000 | 6486520 | 6518953 | 6600000 | 660000 |
| Útgefin framkvæmdaheimild | 511 | 480 | 681 | 850 | 1000 |
| Umferðarljós | | | | | 117 |
| Gangbrautarljós | | | | | 35 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

| | Raun/áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætluð útkoma 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lykiltölur vegna framfylgd aðalskipulags og umhverfis- og auðlindastefnu sem tengjast starfsemi USK*** | | | | | |
| Hlutfall þeirra sem ferðast að jafnaði með bíl til vinnu eða skóla | 66 | 64 | 67 | - | - |
| Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km) | 14 | 18 | 23 | 30 | 35 |
| Heildarfjöldi ekinna km á einkabílum | NA | NA | NA | - | - |
| **Skipulag** | | | | | |
| Hlutfall nýbygginga á endurskipulögðum svæðum (brownfield) | NA | NA | NA | 90 | 90 |
| Ástand friðaðra svæða innan Reykjavíkurborgar (fjöldi rauðmerktra svæða) | 1 | NA | NA | 0 | 0 |
| **Umhverfisgæði** | | | | | |
| Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna) | 0,7 | 0,7 | 0 | 0 | 0 |
| Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni) | 3 | 2 | 8 | 0 | 0 |
| Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar) | 13 | 7 | 8 | 0 (7 ) | 0-7 |
| **Loftslagsmál** | | | | | |
| Losun gróðurhúsalofttegunda í þúsundum CO2 ígilda í Reykjavík frá bílaumferð, atvinnustarfsemi, flugi, fiskveiðum og siglingum | 336.810 | NA | NA | - | - |
| Hlutfall endurnýjanlegrar og óendurnýjanlegrar orku frá heitu vatni, raforku og samgöngum í Rvk. | NA | NA | NA | - | - |
| **Náttúruvernd og útivist** | | | | | |
| Hlutfall íbúa sem hafa heimsótt græn svæði | NA | NA | 94 | 95 | 95 |
| Fjöldi undirritaðra samninga um grenndarsvæði og/eða grenndarskóg | NA | NA | 28 | - | - |
| Heildarganga lax í Elliðaár | 2.351 | 1.294 | 1.596 | - | - |
| Endurheimt laxaseiða í Elliðaám hlutfall | 10,6 | 8,4 | 10,9 | - | - |
| **Neysla og úrgangur** | | | | | |
| Sorpmagn á íbúa [kg/íbúa] | 173,2 | 172,9 | 159 | 153 | 149 |
| Hlutfall endurvinnslu á pappír og pappa | NA | NA | NA | - | - |
| Hlutfall endurvinnslu á plasti | NA | NA | NA | - | - |
| Hlutfall endurvinnslu á lífrænum úrgangi | NA | NA | NA | - | - |
| **Rekstur Reykjavíkurborgar** | | | | | |
| Fjöldi vinnustaða í Grænum skrefum | 18 | 62 | 95 | 110 | 125 |

# VELFERÐARSVIÐ

## LEIÐARLJÓS

**Virðing—virkni—velferð**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Þjónustutekjur | 1.961.902 |
| Tekjur frá ríki v. verkefna | 3.555.404 |
| **Tekjur samtals** | **5.517.305** |
| Laun og launatengd gjöld | 10.962.480 |
| Annar rekstarkostnaður | 13.886.886 |
| **Gjöld samtals** | **24.849.316** |
| **Rekstarniðurstaða** | **19.332.011** |

## STARFSFÓLK

| | 2015 |
|---|---|
| Fjöldi stöðugilda | 1.478 |
| Skrifstofur | 253 |
| Fjárhagsaðstoð | 2 |
| Samn. framl. og styrkir | 3 |
| Búsetuúrræði | 506 |
| Félagsmiðstöðvar | 66 |
| Dagþjónusta | 51 |
| Heimaþj.—heimahj. | 356 |
| Hjúkrunarheimili | 118 |
| Þjónustuíbúðir | 49 |
| Stuðningsfj.stuðningsþj. og frekari liðveisla | 48 |
| Ýmis úrræði | 23 |
| Þróunarverkefni | 3 |

## SKIPURIT




## HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, framkvæmd og samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og Heimaþjónustu Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði. Lagaskyld verkefni sem Velferðarsvið ber ábyrgð á skv. stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru m.a.: fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, sérfræðiþjónusta skóla, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Starfseiningar Velferðarsviðs eru rúmlega 120 talsins og er þjónusta veitt allan sólarhringinn á yfir tveimur þriðju þeirra.

# MEGINÁHERSLUR VELFERÐARRÁÐS 2015

Fyrir árið 2015 leggur velferðarráð megináherslu á málefni barna og ungmenna, þar með talið að markvisst verði unnið að forvörnum í þeirra þágu og fjölskyldna þeirra. Áhersla er á áframhaldandi markvissan stuðning og ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar sem standa höllum fæti fjárhagslega og félagslega. Jafnframt vill velferðarráð að unnið verði að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Þróun þjónustu við fatlað fólk í takt við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar sem og þróun þjónustu við aldraða samkvæmt þjónustustefnu fyrir eldri borgara og til að undirbúa fyrirsjáanlega fjölgun aldraðra á næstu árum er einnig sérstök áhersla ráðsins. Loks að unnið verði að þróun þjónustu Velferðarsviðs í takt við aukinn fjölbreytileika borgarbúa og auknar kröfur um að þörfum sé mætt á einstaklingsgrunni. Velferðarráð telur í áherslum sínum einnig mikilvægt að stöðugt sé horft til umbóta- og gæðavinnu til að auka hagkvæmni, skilvirkni og fagleg vinnubrögð og að sérstök áhersla verði lögð á eflingu starfsmannahóps Velferðarsviðs til að mæta nýjum áskorunum og kröfum í þjónustu.

# FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2015 er unnin með það að leiðarljósi að rúma brýnustu þjónustu sviðsins innan úthlutaðs fjárhagsramma. Álag og útgjöld Velferðarsviðs hafa vaxið síðustu ár vegna aukins fjölda notenda þjónustunnar. Helstu ástæður þess eru vaxandi fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, auk þess sem Velferðarsvið tók yfir þjónustu við fatlað fólk árið 2011.

Úthlutaður fjárhagsrammi árið 2015 byggir á grunni endurskoðaðrar áætlunar 2014 með viðbótum vegna brýnustu verkefna sviðsins, auk þess sem skuldbindandi vísitöluhækkanir eru bættar. Á árinu 2015 er gert ráð fyrir að hafin verði vinna við innleiðingu einstaklingsáætlana í málefnum fatlaðs fólks í samræmi við reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Einnig er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu búsetuúrræða í samræmi við samþykkta áætlun um uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk. Fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur verða áfram bundnir liðir.

Þrátt fyrir að nokkrar viðbætur hafi fengist í fjárhagsramma má lítið út af bregða í rekstri. Eftir mikið aðhald undanfarin ár er lítið svigrúm í áætlun sviðsins til að mæta breytingum í þjónustuþörf innan ársins en eðli velferðarþjónustunnar er síbreytilegt. Þarfir notenda eru ekki alltaf fyrirsjáanlegar og þær geta breyst hratt. Ljóst er því að um leið og Velferðarsvið þarf að sýna verulegt og stöðugt aðhald í rekstri á árinu 2015 verður það viðvarandi áskorun að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp. Því er brýnt að starfsfólk Velferðarsviðs í samráði við notendur þjónustunnar leiti nýrra leiða til að veita þjónustu og nýta fjármagn sem best. Óbreyttur rekstur mun ekki geta til framtíðar uppfyllt þarfir íbúa, mætt breyttri hugmyndafræði og fyrirsjáanlegri fjölgun notenda um leið og kröfum um veitingu þjónustu innan fjárheimilda er mætt. Þó ríkir bjartsýni um að batnandi efnahagsástand á næstu árum muni leiða til aukins fjármagns til að mæta enn betur þörfum fyrir velferðarþjónustu í Reykjavík.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir áframhaldandi innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem miðar að því að taka mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og áætlunarferlinu. Með aðferðafræði KFS er núverandi staða kynjanna greind og lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Velferðarsvið hefur tekið þátt í innleiðingu á KFS hjá Reykjavíkurborg frá upphafi en innleiðing hófst árið 2011. Síðan þá hafa verið unnin tilraunaverkefni tengd félagsstarfi aldraðra og í málefnum utangarðsfólks. Nú er unnið að ítarlegri greiningu út frá hugmyndafræði KFS á fjárhagsaðstoð, þ.e. framfærslustyrk og heimildargreiðslum. Á árinu 2015 er gert ráð fyrir frekari greiningu á öðrum mikilvægum þjónustuþáttum sem falla undir þjónustu Velferðarsviðs.

## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustuþáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins. Rammi Velferðarsviðs 2015 er 19.335 mkr. Tekjur eru áætlaðar 5.517 mkr, laun og launatengd gjöld 10.962 mkr og annar rekstrarkostnaður 13.887 mkr, þar með talin fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur.

Kökuritið hér til hliðar (*mynd 1*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustuþætti. Sjá má að búsetuúrræði vega þar þyngst eða um 19% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Annar rekstur kemur þar á eftir og er 15%. Til annars reksturs telst m.a. dagþjónusta, stuðningsþjónusta, framleiðslueldhús og fleira. Fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur eru um 13-14% hvor. Heimaþjónusta - Heimahjúkrun eru um 12%. Samanlagður rekstur skrifstofa þjónustumiðstöðva, barnaverndar og skrifstofu Velferðarsviðs er um 11%. Samningar, framlög og styrkir eru 10%. Félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir eru 6%.




Mynd 1 Skipting fjármagns eftir þjónustuþáttum

## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR STARFSEININGUM

Þegar útgjöldum Velferðarsviðs er skipt upp eftir starfseiningum (*mynd 2*) kemur fram að 70% fjármagns fer í gegnum þjónustumiðstöðvar sviðsins.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er með umfangmestu þjónustuna en þangað fer um 20% af fjármagni sviðsins. Til skrifstofu Velferðarsviðs fara um

15% en þar eru meðtaldir samningar vegna málefna fatlaðs fólks. Til reksturs hjúkrunarheimila fara um 5%. Til þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða fara 15%, til þjónustumiðstöðvar Breiðholts fara 12%. Um 10% fara til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, um 7% til þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og um 6% til þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar. Til Heimaþjónustu Reykjavíkur fara 4% fjármagns og umfang Barnaverndar Reykjavíkur er 4%.




Mynd 2 Rekstur Velferðarsviðs skipting eftir starfseiningum

# MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Þann 1. janúar 2011 bættist málaflokkur fatlaðs fólks við rekstur Velferðarsviðs og ber sviðið ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Fjárhagsáætlun ársins 2015 fyrir málaflokkinn er 5.934 mkr. Kökuritið hér til hliðar (*mynd 3*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda við málaflokkinn á milli þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Þjónusta skammtímaheimila fellur undir þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Samningur við styrktarfélagið Ás sem nemur um 800 mkr fellur undir skrifstofu sviðsins.

Tekjur fyrir málaflokkinn eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum. Rekstrinum var mjög þröngur stakkur skorinn við yfirfærslu frá ríki til sveitarfélaga og var uppsöfnuð þjónustuþörf og væntingar miklar. Breytingar á lögum og reglugerðum við yfirfærsluna settu auk þess frekari skyldur á sveitarfélögin en verið höfðu á ríkinu. Verulega þarf að fjölga búsetuúrræðum og/eða auka til muna þjónustu heim, í formi heimaþjónustu, stuðningsþjónustu og/eða notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA), til að mæta megi núverandi þjónustuþörf og biðlistum. Ákveðin skref í þá átt verða stigin á árinu 2015, en ljóst er að málaflokkurinn mun þurfa frekara fjármagn á næstu árum.




**Mynd 3 Málefni fatlaðs fólks: Skipting eftir starfseiningum.**

# TEKJUR OG GJÖLD

Þegar tekjur sviðsins eru skoðaðar (*mynd 4*) má sjá að tekjur húsaleigubóta vega þyngst eða 37%. Tekjur vegna þjónustusamnings um heimahjúkrun eru 25%. Hjúkrunarheimilin Droplaugarstaðir og Seljahlíð eru rekin á daggjöldum frá ríkinu sem vega um 18%. Aðrar tekjur eru þjónustutekjur vegna ýmissa liða svo sem matarþjónustu, félagslegrar heimaþjónustu, dvalargjalda, akstursþjónustu og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra.

Heildartekjur sviðsins eru áætlaðar um 5.517 mkr. Heildarútgjöld Velferðarsviðs fyrir fjárhagsárið 2015 eru áætluð um 24.849 mkr.




**Mynd 4 Tekjur**

# FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2015 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.475 mkr sem er lækkun um 181 mkr á milli ára.

Mest er gert ráð fyrir lækkun útgjalda vegna framfærslustyrks eða um 153 mkr. Þá tekur áætlun 2015 tillit til áætlaðrar fækkunar notenda framfærslustyrks árið 2014, en útkomuspá gerir ráð fyrir því að framfærslustyrkur verði um 15% innan fjárheimilda það ár. Einnig er tekið mið af árangri af atvinnuátaksverkefnum ásamt öðrum úrræðum m.a. fyrir atvinnulausa nema á milli anna. Á móti fækkun notenda vegna fyrrgreindra atriða vegur að hluta fyrirhuguð stytting atvinnuleysisbótaréttar úr 36 mánuðum í 30 sem gert er ráð fyrir að taki gildi þann 1. janúar 2015. Sú breyting verður til þess að ákveðinn hópur missir atvinnuleysisbótarétt strax um áramót og gert er ráð fyrir því að hluti þess hóps verði með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Gert er ráð fyrir lækkun útgjalda til heimildagreiðslna um 28 mkr. Þar vegur þyngst lækkun í áætlun útgjalda vegna framfærslu til náms en gert er ráð fyrir sama fjölda notenda og raun 2014. Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda fjárhagsaðstoðar. Gert er ráð fyrir 3,4% hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í forsendum.




Mynd 5 Fjárhagsaðstoð: Skipting fjárhagsaðstoðar

# HÚSALEIGUBÆTUR

Útgjöld til húsaleigubóta er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun 2015 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.079 mkr. Mótframlag úr Jöfnunarsjóði er áætlað 2.056 mkr. Nettó kostnaður er því áætlaður um 1.258 mkr sem er aukning um 88 mkr á milli ára.

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda húsaleigubóta. Almennar húsaleigubætur vega þar þyngst eða um 65%. Sérstakar húsaleigubætur vegna félagslegra íbúða vega um 23% og sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði eru um 12%. Við ákvörðun fjárheimilda til húsaleigubóta er litið til þróunar á almennum húsaleigumarkaði og stuðst við líkan sem byggir á sögulegum gögnum. Áætlun 2015 gerir ráð fyrir áframhaldandi fjölgun notenda húsaleigubóta.




Mynd 6 Húsaleigubætur: Skipting húsaleigubóta

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | | Árið 2013 | Endursk. áætlun 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsaðstoð** | | | | |
| Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar | 1) | 2.898.153 | 3.603.934 | 3.465.010 |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu | | 2.235.090 | 2.911.395 | 2.800.977 |
| Framfærsla vegna náms | | 301.779 | 336.606 | 291.427 |
| Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni | | 361.283 | 355.934 | 372.606 |
| Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls | | 4.218 | 4.600 | 4.423 |
| **Húsaleigubætur** | | | | |
| Heildarupphæð | | 1.938.218 | 2.115.058 | 2.279.863 |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | | 662.995 | 761.421 | 820.751 |
| Fjöldi heimila | | 8.314 | 9.000 | 9.500 |
| **Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði** | | | | |
| Heildarupphæð | | 324.091 | 330.972 | 364.219 |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | | 130.358 | 132.389 | 145.687 |
| Fjöldi heimila | | 1.275 | 1.345 | 1.400 |
| **Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða** | | | | |
| Fjöldi úthlutana | | 135 | 135 | 150 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | | 843 | 840 | 840 |
| Fjöldi íbúða | | 1.800 | 1.815 | 1.838 |
| Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð | | 644.731 | 633.330 | 669.925 |
| Hlutur Reykjavíkurborgar | | 277.499 | 276.492 | 291.456 |
| **Þjónustuíbúðir** | | | | |
| Fjöldi úthlutana | | 55 | 70 | 65 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | | 252 | 217 | 200 |
| Fjöldi íbúða | | 373 | 373 | 373 |
| **Hjúkrunarrými** | | | | |
| Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum | | 82 | 82 | 82 |
| Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir | | 832.136 | 865.571 | 947.124 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag | | 28 | 29 | 32 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum | | 23 | 23 | 24 |
| Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð | | 20 | 20 | 20 |
| Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild | | 275.149 | 245.379 | 258.855 |
| Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð | | 38 | 34 | 35 |
| Framlag ríkissjóðs á rými á dag | | 24 | 24 | 25 |

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | | Árið 2013 | Endursk. áætlun | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Heimaþjónusta** | 2) | | | |
| Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld) | | 1.555.120 | 1.668.214 | 1.660.193 |
| Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta | | 220.075 | 241.583 | 242.748 |
| Félagsleg heimaþjónusta - fjöldi heimila | | 3.808 | 3.800 | 3.850 |
| Heildarkostnaður heimahjúkrun | | 1.116.906 | 1.157.900 | 1.208.400 |
| Heimahjúkrun - Fjöldi notenda | | 2.456 | 2.400 | 2.450 |
| **Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)** | | | | |
| Heildarkostnaður | | 319.163 | 365.994 | 371.317 |
| Fjöldi notenda | | 608 | 610 | 630 |
| **Þjónusta við fatlað fólk** | | | | |
| Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður | | 126.472 | 150.886 | 155.406 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður | | 58.448 | 72.566 | 82.585 |
| Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna | | 230 | 235 | 241 |
| Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður | | 128.497 | 223.669 | 233.082 |
| Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður | | 229.061 | 248.992 | 251.320 |
| Búsetuúrræði - Heildarkostnaður | 3) | 4.012.927 | 4.229.105 | 4.759.384 |
| **Matarþjónusta** | | | | |
| Fjöldi notenda með heimsendan mat | | 894 | 850 | 850 |
| Fjöldi heimsendra máltíða | | 105.759 | 102.586 | 102.586 |
| **Þjónusta við börn** | | | | |
| Fjöldi barnaverndartilkynninga | | 3.891 | 4.500 | 4.500 |
| Heildarkostnaður við varanlegt fóstur | | 117.148 | 116.112 | 121.112 |
| Fjöldi barna í varanlegu fóstri | | 106 | 105 | 105 |
| Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl. | | 79.434 | 88.332 | 88.332 |
| Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl. | | 90 | 100 | 100 |
| Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur | | 21.635 | 23.960 | 27.968 |
| Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur | | 115 | 100 | 106 |

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v/ erlendra ríkisborgara.
2) Seljahlíð meðtalin.
3) Málefni geðfatlaðs fólks fluttust til Reykjavíkurborgar 1.5.2010 en allur málaflokkurinn fluttist yfir 1.1.2011.

# SKORKORT 2015

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Viðmið Gult | | | Raun 2013 | 2014 útk. spá | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | | | | |
| | Hlutfall umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm. markaði | 25% | - | 34% | 25% | 26% | 28% |
| | Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif | 28% | - | 33% | 37% | 37% | 37% |
| | Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu | 10% | - | 14% | 17% | 18% | 18% |
| | Hlutfall íbúa í sértækum tíma-bundnum búsetuúrræðum sem gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf | 20% | - | 24% | 18% | 20% | 25% |
| | Hlutfall notenda sem fær fjárhagsað-stoð 12 mánuði á ári | 9,50% | - | 10% | 15% | 15% | 14% |
| | Hlutfall þátttakenda í Kvennasmiðju sem eru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir 12 mánuði | 48% | - | 62% | 67% | 65% | 65% |
| | Hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði greinar 16 A í reglum um fjárhagsað-stoð og fær aðstoð | 55% | - | 64% | 45% | 46% | 65% |
| **Fjármál** | | | | | | | |
| | Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda | 101% | - | 104% | 93% | 93% | 100% |
| | Heimaþjónusta, rekstur innan fjár-heimilda | 101% | - | 104% | 99% | 99% | 100% |
| | Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða | 101% | - | 104% | 101% | 105% | 100% |
| **Verklag** | | | | | | | |
| | Hlutfall mála sem skotið er til Vel-ferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga | 55% | - | 65% | 63% | 70% | 70% |

# SKORKORT 2015

| Velgengnis-þættir | Mælikvarðar | Viðmið Gult | | | Raun 2013 | 2014 útk.spá | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mannauður | | | | | | | |
| | Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtta í starfi | 70% | - | 79% | 82% | * | 90% |
| | Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli | 70% | - | 74% | 81% | * | 85% |
| | Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum | 65% | - | 74% | 68% | * | 80% |
| | Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið | 70% | - | 79% | 85% | * | 90% |
| | Hlutfall stm. sem hafa fengið hrós fyrir vel unnin störf | 60% | - | 69% | 64% | * | 85% |
| | Hlutfall stm. sem hafa farið í starfs-þróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum | 70% | - | 74% | 46% | * | 75% |
| | Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf | 70% | - | 74% | 80% | * | 85% |
| | Hlutfall stm. sem telja að upplýsinga-streymi sé gott | 60% | - | 69% | 61% | * | 75% |
| | Hlutfall stm. sem eru tilbúnir að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag | 70% | - | 74% | 84% | * | 85% |

*Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar er framkvæmd annað hvert ár.

# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

**Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Þjónustutekjur | 1.428.001 |
| **Tekjur samtals** | **1.428.001** |
| Laun og launatengd gjöld | 2.374.839 |
| Annar rekstarkostnaður | 1.817.441 |
| **Gjöld samtals** | **4.192.279** |
| **Rekstarniðurstaða** | **2.764.279** |

## STARFSFÓLK

| | 2015 |
|---|---|
| Fjöldi ársverka | 276,6 |
| **Eftir skrifstofum:** | |
| Skrifst. borgarstj. og borgarr. | 53,3 |
| Fjármálaskrifstofa | 86,1 |
| Skrifst. þjónustu og rekstrar | 94,1 |
| Mannréttindaskrifstofa | 6,5* |
| Skrifst. eigna. og atvinnuþr. | 12** |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 9 |
| Borgarlögmaður | 9 |
| Innri endurskoðun | 6,6 |

*Auk fastráðinna starfsmanna starfa 2-3 verkefna-ráðnir starfsmenn á skrifstofu.

**Auk þess 1 skammtímaráðinn starfsmaður.

## SKIPURIT




Brotin lína: valdbraut fjölskipaðs stjórnvalds. Heil lína: embættisleg valdbraut. Punkta lína: tengsl

## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er miðlægrar stjórnsýslu að búa í haginn fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar. Það er enn fremur hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan Skrifstofu borgarstjórnar, Skrifstofu borgarlögmanns og Innri endurskoðunar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagmálum, innkaupamálum, mannauðsstjórnun, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, Fjármálaskrifstofa, Skrifstofa þjónustu og reksturs, Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og Mannréttindaskrifstofa.

Ársverkum fækkar í miðlægri stjórnsýslu um 0,4.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. *Innri endurskoðun:* -0,9 vegna þess að ekki er reiknað með fullmönnun á árinu 2015.
2. *Fjármálaskrifstofa:* 1 viðbótarársverk vegna uppgjörsdeildar og –0,2 ársverk í bókhaldi. Rúmast innan fjárhagsramma skrifstofunnar.
3. *Mannréttindaskrifstofa:* 1 viðbótarársverk flutt frá Velferðarsviði og –0,3 ársverk vegna þjónustu við innflytjendur (vinnan keypt í staðinn).
4. *Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara:* 1 viðbótarársverk vegna erindreka. 1 viðbótarársverk vegna þjónustu í Ráðhúsinu sem rúmast innan fjárhagsramma skrifstofunnar.
5. *Skrifstofa þjónustu og rekstrar:* -2 ársverk í mötuneyti Ráðhúss og –1 ársverk vegna ræstingar.

Starfsstöðvar miðlægrar stjórnsýslu er að finna í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

Rekstur á miðlægum skrifstofum 2014 var áætlaður 2.500 mkr. Endurskoðuð áætlun árið 2014 er 2.558 mkr. Endurskoðun fjárhagsáætlunar á árinu 2014 hefur verið vegna áhrifa kjarasamninga, flutninga á stöðugildi frá Velferðarsviði og vegna aðildar að samtökum Evrópuborga.

Viðbótarfjármagn til miðlægra skrifstofa í fjárhagsáætlun 2015 helgast helst af eftirfarandi:

- Kostnaðarmat kjarasamninga: 87 mkr.
- Innri leiga verðbætur: 47mkr.
- Stjórnkerfis– og lýðræðisráð: 22 mkr.
- Erindreki: 11 mkr.
- Hækkun nefndarkostnaðar: 20mkr.
- Upplýsingatæknimiðstöð tilfærsla: 14 mkr.
- Flutningur á stöðugildi frá Velferðarsviði: 8 mkr.
- Verðbætur vegna samninga og aðild að samtökum Evrópuborga: 4 mkr.
- Aðgerðir gegn heimilisofbeldi: 45 mkr.

# STARFSEMI RÁÐHÚSS REYKJAVÍKUR

Eftirfarandi skrifstofur heyra undir Ráðhús Reykjavíkur:

**Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Skrifstofan annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innan- og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum. Skrifstofan ber ábyrgð á lýðræðisverkefnum eins og betri Reykjavík og betri hverfum og sinnir þjónustu við nýtt lýðræðis– og stjórnkerfisráð. Ný staða erindreka gegnsæis og samráðs sem vinna mun með ráðinu heyrir jafnframt undir skrifstofuna.

Undir Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heyra upplýsinga- og vefdeild, mannauðsdeild, tölfræði og greining, borgarskjalasafn, atvinnumáladeild og fjármálastjóri Ráðhúss.

***Upplýsinga- og vefdeild*** heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir og ber ábyrgð á vefsvæðum borgarinnar og sér um fréttatilkynningar til fjölmiðla. Þá sér deildin um að svara fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið, heldur utan um móttöku erlendra fjölmiðlamanna og er ráðgefandi varðandi samskipti við fjölmiðla, útgáfumál, auglýsingamál, kynningar- og fundaherferðir.

***Mannauðsdeild*** hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar. Hún leiðir stefnumótun í mannauðsmálum, Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmdri framkvæmd starfsmannastefnu. Deildin veitir ráðgjöf til borgaryfirvalda í starfsmanna og atvinnumálum. Deildin, kemur að gerð kjarasamninga, ber ábyrgð á framkvæmd Starfsmats og hefur umsjón með atvinnumálum, þar með talið með sumarstörfum og ráðningum vegna atvinnuverkefna. Deildin fer með mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

***Tölfræði og greining*** ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga og sinnir álitsgjöf um efnahags- og atvinnumál. Þá leggur deildin fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar og sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum þvert á svið borgarinnar.

***Borgarskjalasafn*** mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borginnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Safnið tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim.

***Fjármálastjóri Ráðhúss*** ber ábyrgð á almennri fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, frávikagreiningu og ráðgjöf innan miðlægrar stjórnsýslu. Fjármálastjóri hefur að markmiði að ávallt séu til staðar áreiðanlegar upplýsingar um rekstur miðlægrar stjórnsýslu sem mæti þörfum borgarráðs og stjórnenda miðlægra skrifstofa.

**Fjármálaskrifstofa** hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu, utanumhald um innkaupakort, álagningu og innheimtu fasteignagjalda auk greiðslu reikninga. Fjármálaskrifstofa annast skil virðisaukaskatts og fjármagnstekjuskatts til ríkissjóðs. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkönnunum. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launaþróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjörs- og skuldabréfakerfi og mannauðskerfi borgarinnar.

**Skrifstofa þjónustu og reksturs** hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu, þjónustu í framlínu og upplýsingatæknimálum borgarinnar. Skrifstofa þjónustu og reksturs skiptist í þrjár deildir: þjónustudeild, skjaladeild og upplýsingatæknideild.

***Þjónustudeildin*** er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínuþjónustu hjá borginni. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi, ásamt símsvörun, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir flest fagsvið og skrifstofur. Rekstur og þróun Rafrænnar Reykjavíkur (Mínar síður) heyrir undir þjónustudeild og fer það vel með starfsemi þjónustuversins. Undir þjónustudeildina tilheyrir einnig rekstur stjórnsýsluhúsanna Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða og Tjarnargötu 12, sem og rekstur mötuneytis Höfðatorgs. Undir *skjaladeildina* heyra skjalaverið á Höfðatorgi og skjalasafn Ráðhúss. Þessar einingar hafa umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og sviða sem hafa aðsetur á Höfðatorgi. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg. ***Upplýsingatæknideildin*** hefur yfirumsjón með upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja.

**Mannréttindaskrifstofa** hefur það hlutverk að tryggja að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir Mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til.

**Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar** er hluti miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og starfar í umboði borgarráðs. Skrifstofan fer með málefni Eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun í samráði við Fjármálaskrifstofu og fagsviðin, ásamt vinnu við fjárstýringu og lánsfjáráætlunargerð í samráði við Fjármálaskrifstofu. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin. Skrifstofan ber einnig ábyrgð á gerð viðhaldsáætlunar eignasafns borgarinnar. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að fylgja eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*, og vinna að atvinnuþróun, m.a. með samhæfingu skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og fjárfestinga. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Hún vinnur með aðilum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða Eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni og tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu hennar og fjölbreytileika.

**Skrifstofa borgarstjórnar** fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur borgarinnar er hjá skrifstofunni auk þess sem hún annast framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitingastaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Embætti umboðsmanns borgarbúa er vistað á skrifstofu borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna til Reykjavíkurborgar.

**Borgarlögmaður** fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málflutningur og önnur réttargæsla og samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarlögmanns ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra og fagsviða og stofnana borgarinnar.

**Innri endurskoðun** er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofan er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun, meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Hún annast innri endurskoðun hjá A hluta borgarsjóðs og fyrirtækjum innan B hluta og leitast við að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarhátta með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Meðal annars kemur skrifstofan með ábendingar varðandi innra eftirlit og um aðgerðir sem auka skilvirkni borgarkerfisins. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarráðs og annast hlutverk borgarráðs sem lýtur að innra eftirliti með gerð fjárhagsupplýsinga. Í því felst greining og mat á áhættuþáttum og athugun á fyrirkomulagi og virkni eftirlitsaðgerða sem eru hluti þess innra eftirlits sem borgarráði ber að koma á fót og viðhalda. Þá hefur endurskoðunarnefnd heildarsýn yfir endurskoðunarverkefni borgarinnar, bæði ytri og innri endurskoðenda. Endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar er lögð fyrir endurskoðunarnefnd og borgarráð og byggist val og forgangsröðun verkefna á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð endurskoðunaráætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa, æðstu stjórnendur borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

# SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Á árinu 2015 mun skrifstofan leggja áherslu á umbóta- og þróunarverkefni á sviði starfsmannamála, atvinnumála, grænnar hagstjórnar og stjórnsýslu á vettvangi Reykjavíkurborgar og stuðla að samhæfðu og samræmdu vinnulagi. Áfram verður unnið að auknu samræmi í utanumhaldi um erlent samstarf og alþjóðaverkefni sem borgin tekur þátt í. Þá mun skrifstofan gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd aðgerðaáætlunar til að útrýma kynbundnum launamun þar sem áhersla verður lögð á að þróa og innleiða nýtt viðbótarlaunakerfi. Skrifstofan hefur tekið þátt í verkefnum á sviði kynjaðrar starfs– og fjárhagsáætlanagerðar og mun halda því áfram.

***Vefþjónusta og upplýsingamál:*** Á árinu 2015 verður megináhersla á að viðhalda og efla upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Áfram verður unnið að því að uppfæra vefsvæði borgarinnar og færa þau yfir í *Drupal* vefumsjónarkerfi. Unnið er að nýjum innri vef fyrir Reykjavíkurborg og vefsvæðum fyrir fundargerðir. Þá verður haldið áfram að efla *Facebook* síðu borgarinnar sem er sístækkandi fjölmiðill. Áfram verður mikil áhersla á að efla tengsl við öll svið borgarinnar og skrifstofur til að auka þjónustu við borgarkerfið og upplýsingagjöf til borgarbúa.

***Mannauðsmál****:* Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsmenn þannig að þeir geti þjónað almenningi og áunnið sér virðingu og traust samfélagsins. Markmiðið er að starfsmenn hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita framúrskarandi þjónustu. Meðal verkefna á árinu 2015 er innleiðing viðveru- og heilsustefnu, öryggismál og vinna við kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi í samvinnu við kjaradeild, áframhaldandi umbótastarf í Starfsmatinu og bætt móttökuferli nýrra starfsmanna. Áhersla verður lögð á að innleiða öfluga stjórnendaþjálfun og verklagsreglur og einnig verða ferlar og stefnumótun í mannauðsmálum tekin til endurskoðunar. Aukin áhersla verður lögð á mannauðsþjónustu við miðlæga stjórnsýslu, deildin mun hafa starfsaðstöðu bæði í Ráðhúsi og á Höfðatorgi. Sérstök áhersla verður lögð á þjálfun og aukinn stuðning við stjórnendur.

Lögð verður áhersla á gerð starfsþróunaráætlana og starfslýsinga og mun deildin styðja við stjórnendur borgarinnar í þeirri vinnu. Þá verður innri vefur borgarinnar tekinn til endurskoðunar. Rík áhersla verður á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðarmenningu. Áfram verður unnið að atvinnuverkefnum innan borgarkerfisins með það að leiðarljósi að auka atvinnuhæfni einstaklinga sem taka þátt og draga úr útgjöldum til fjárhagsaðstoðar.

***Tölfræði og hagmál:*** Áhersla verður lögð á verkefni tengd eflingu græna hagkerfisins á árinu. Gert er ráð fyrir að mat á vinnu og skilgreining verkþátta vegna greiningar á umfangi græns hagkerfis liggi fyrir á fyrri hluta ársins.

Unnið verður áfram með innleiðingu *QlikView*-hugbúnaðarins, mælaborði borgarstjóra, rafrænnar gagnagáttar og gagnamiðlunar í gegnum Árbók Reykjavíkur. Einnig eru tækifæri til samþættingar verkefna hvað varðar gagnaöflun og gagnamiðlun.

Meðal reglulegra verkefna deildarinnar er úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg, aðkoma að viðhorfskönnun borgarinnar og greiningarvinna tengd starfsmati.

***Skjalamál***: Áhersla Borgarskjalasafns verður á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirliti með þeim. Haldið verður áfram vinnu við yfirferð varðvörsluáætlana og unnið með skjalavörðum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áherslan verður á skjalamál leikskóla borgarinnar, frístundaheimili og Velferðarsvið og undirstofnanir þess. Áfram verður unnið að undirbúningi fyrir langtímavarðveislu rafrænna skjala og gagnakerfa og mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar um skjalamál hjá Reykjavíkurborg.

Stefnt er að samstarfi við önnur héraðsskjalasöfn við skjalastjórn aðila sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi og auka miðlun skjala á vef safnsins.

# FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

Á sviði fjárhagsáætlunargerðar er gert ráð fyrir að yfirfara og endurbæta kerfislegt utanumhald og verklag við vinnslu og frágang fjárhagsáætlunar með sérstaka áherslu á nýjan hugbúnað til að halda utan um samstæðuáætlun borgarinnar. Haldið verður áfram að innleiða aðferðafræði árangursstjórnunar í fjárhagsáætlunarferlið með áherslu á lykiltalnagreiningar. Á sviði kynjaðrar fjárhagsáætlunar verður haldið áfram greiningum á helstu þjónustuþáttum fagsviðanna og samþættingu við hefðbundið fjárhagsáætlunarferli. Þá verður horft til umbóta sem lúta að því að efla þátttökulýðræði eða aðkomu almennings að undirbúningi fjárhagsáætlunar. Áfram verður unnið að gerð verklagsreglna, verkferlagreininga og leiðbeininga vegna fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðu og sett í rekstrarhandbók skrifstofunnar.

Á sviði áhættugreiningar verður lögð áhersla á að útfæra verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla,  greina og magnfæra fjárhagsleg áhrif innri og ytri þátta á rekstur borgarinnar, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra.

Á sviði uppgjöra verður unnið áfram við gerð verklagsreglna, verkferlagreininga og leiðbeininga vegna uppgjöra A-hluta og samstæðu og sett í rekstrarhandbók skrifstofunnar. Áfram verður unnið að þróun eftirlitsþátta varðandi bókun og skil virðisaukaskatts. Stefnt er að því að fá sérstakan hugbúnað til að halda utan um gerð samstæðuuppgjöra og ljúka innleiðingu hans á næstu misserum.

Á sviði bókhalds verður haldið áfram með umbætur í verkferlum sem margar má rekja til vel heppnaðrar innleiðingar á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að hagræðingu og einföldun verkferla og innlestri í *Agresso* frá öðrum kerfum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum en gert er ráð fyrir allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga þegar komið er fram á árið 2015.

Á sviði fjárstýringar verður unnið áfram að greiningum á endurbótum á fyrirkomulagi innheimtu og valkostum á því fyrirkomulagi með það í huga að auka skilvirkni, fagmennsku og hagkvæmni enn frekar en orðið er. Unnið verður að endurskoðun reglna á sviði lána- og lausafjárstýringar og gert er ráð fyrir að innleiðingu nýs skuldabréfakerfis, til að halda utan um lán og kröfur borgarsjóðs, verði lokið á fyrri hluta árs 2015. Þá verður unnið að þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar.

Á sviði innkaupamála verður áfram unnið að undirbúningi innleiðingar rafrænna innkaupa sem verður eitt mikilvægasta umbótaverkefni Fjármálaskrifstofu. Áhersla verður einnig lögð á að gera útboðsgögn aðgengileg á vef fyrir bjóðendur.

Á sviði kjaramála verður áhersla lögð á umbætur á launaeftirliti og fræðslu um efni kjarasamninga og vinnurétt. Mannauðs- og launakerfi borgarinnar er í útboðsferli og fyrirsjáanlegt er að vinna við innleiðingu nýs kerfis í framhaldi af því muni verða umfangsmikið verkefni ásamt  innleiðingu rekstrarhandbókar til að halda vel utan um gæðamálin.

Kjarasamningar við stéttarfélög eru flestir lausir á árinu 2015 og því mun mikil vinna vera við gerð kjarasamninga og útfærslu þeirra í launakerfi borgarinnar. Stefnt er að því að birta upplýsingar um meðallaun innan stéttarfélaga á ytri vef og unnið er að betri upplýsingagjöf til stjórnenda borgarinnar um launamál. Áfram verður unnið að aðgerðaáætlun sem snýr að því að útrýma kynbundnum launamun hjá borginni m.a. með bættri upplýsingagjöf og fræðslu til stjórnenda.

Fjármálaskrifstofa mun leggja áherslu á endurbætur á stjórnendaupplýsingum, samantekt á lykiltölum og þróun mælikvarða fyrir yfirstjórn borgarinnar. Áhersla verður á þarfagreiningar og samhæfðar skilgreiningar, hreinsun gagna og aðgengi almennings í gegnum rafræna gagnagátt að rekstrar- og fjárhagsupplýsingum.

## SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

***Framlínuþjónusta:*** Árið 2015 verður áhersla á aukna kynningu á starfsemi þjónustuversins meðal fagsviða og skrifstofa borgarinnar, ásamt enn frekara samráði við samstarfsaðila, með það fyrir augum að bæta þjónustu enn frekar. Haldið verður áfram að auka vægi Rafrænnar Reykjavíkur og aðgengi íbúanna að rafrænni þjónustu. Einnig verður unnið markvisst að því að vinnuumhverfi þeirra sem starfa í stjórnsýsluhúsunum verði sem best fyrir komið, vistvænt og aðlaðandi.

***Skjalamál:*** Stefnt verður að því að miðlæg stjórnsýsla og svið borgarinnar sem skjaladeild þjónustar verði með samþykktar skjalavistunaráætlanir árið 2015. Eins og áður verður lögð áhersla á samstarf við svið og skrifstofur og fræðslu um skjalamál.

***Upplýsingatæknimál:*** Á árinu 2015 verður áfram mikil áhersla lögð á úrbætur í miðlægum tölvukerfum. Tilgangurinn er að bæta virkni upplýsingatæknikerfa er skili sér í bættri þjónustu við starfsmenn og íbúa. Áfram verður unnið að útfærslu á stefnu borgarinnar um „Nýtingu upplýsingatækni 2012-2016“ og aukinn kraftur verður settur í hugbúnaðarþróun. Öll vinna deildarinnar miðar að því að veita sem besta og öruggasta þjónustu.

## MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA

Mannréttindaskrifstofa vinnur eftir starfsáætlun í mannréttindamálum sem mannréttindaráð setur fram ár hvert. Unnið er með tilnefndum mannréttindafulltrúum á sviðum borgarinnar sem hafa það hlutverk að sjá til þess í samráði við stjórnendur að mannréttindastefnu borgarinnar og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sé framfylgt. Skrifstofan sér um útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál og stendur fyrir kynningum og námskeiðum sama efnis. Einnig sér skrifstofan um fræðslu vegna málefna flóttamanna, hælisleitenda og mansalsfórnarlamba. Skrifstofan fylgir eftir aðgerðaáætlun um kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum auk verkefnanna Öryggi í borgum og Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna. Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu *Saman gegn ofbeldi* sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. Mannréttindaskrifstofa sér um kynningar á mannréttindastefnu borgarinnar fyrir starfsmönnum borgarinnar og borgarbúum öllum. Ráðgjafar sjá um ráðgjöf og fræðslu um þjónustu borgarinnar fyrir innflytjendur. Mannréttindaskrifstofa starfar með fjölmenningaráði Reykjavíkurborgar og aðstoðar ráðið við störf sín og sér um undirbúning fjölmenningardags. Aðild Reykjavíkurborgar að fjölmenningarborgum (e. Intercultural Cities) er á ábyrgð mannréttindaskrifstofu Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón um ICORN skjólborgarverkefninu og veita gestum verkefnisins þjónustu og ráðgjöf. Ferlinefnd fatlaðs fólks er einnig vistuð hjá mannréttindaskrifstofu.

## SKRIFSTOFA EIGNA– OG ATVINNUÞRÓUNAR

Meðal helstu verkefna skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er að stuðla að framkvæmd aðalskipulags og atvinnustefnu borgarinnar. Skrifstofan leggur áherslu á að hafa samráð og eiga gott samstarf við einstaklinga, stofnanir, félög, fyrirtæki, verktaka og fjárfesta um verkefni sem varða þróun atvinnumála og byggðar í borginni.

Eins og áður verður áhersla á nýframkvæmdir til að auka þjónustu við borgarbúa og efla atvinnulífið í borginni. Framkvæmdir verða að venju fyrir einstök svið borgarinnar auk þess sem skrifstofan fylgir eftir ákvörðunum borgaryfirvalda um þróun byggðar á skipulagsreitum með það að markmiði að hámarka verð umræddra lóða. Sem stendur eru helstu byggingarsvæði Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás, í útjaðri borgarinnar, en einni verður byggt á mörgum öðrum stöðum í borginni, einkum á svokölluðum þéttingarreitum, svo sem á slippsvæði. Unnið verður áfram að þróun reitsins við Umferðarmiðstöðina þar sem rísa mun ný samgöngumiðstöð auk þess sem gert verður ráð fyrir atvinnulóðum og/eða íbúðalóðum. Skrifstofan sinnir auk þess fjölmörgum borgar– og atvinnuþróunarverkefnum í samvinnu við ýmsa aðila, en þau eru mislangt komin. Í þessu sambandi er meðal annars lögð áhersla á sérhæfð atvinnusvæði í samræmi við nýja atvinnustefnu borgarinnar, *Skapandi borg.*

Við forgangsröðun viðhalds– og endurbótaverkefna verður eins og áður lögð áhersla á mannfrek verk sem ekki skapa borginni aukinn rekstrarkostnað að framkvæmd lokinni. Áfram verður unnið að því að ná jafnvægi í viðhaldi eigna á næstu árum en nú er töluverð uppsöfnuð viðhaldsþörf.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Á árinu 2015 er gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum. Gert er ráð fyrir því að aukinn fjöldi mála fari til umfjöllunar borgarstjórnar auk þess sem stefnt er að því að borgarstjórn fundi með bæjarstjórn Akureyrar, Reykjavíkurráði ungmenna, Fjölmenningarráði og Öldungaráði Reykjavíkur, sem gert er ráð fyrir að stofna á þessu ári. Unnið verður áfram að því að því að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem ætlunin er að halda áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Áfram verður unnið að þróun og vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áherslan lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum. Höfuðborgarráðstefnan 2015 verður haldin í Reykjavík og ber Skrifstofa borgarstjórnar ábyrgð á skipulagningu hennar í samvinnu við Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Forsætisnefnd hefur það hlutverk að undirbúa fjölgun borgarfulltrúa í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, eftir kosningarnar 2018 og er gert ráð fyrir því að sú vinna fari af stað á árinu 2015 auk þess sem nefndin hefur umsjón með viðburðum vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi þann 19. júní nk.

## BORGARLÖGMAÐUR

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf, álitsgerðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Borgarlögmaður annast fyrirsvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en fjöldi dómsmála er til meðferðar fyrir báðum dómstigum, ekki síst vegna mikillar fjölgunar mála fyrir Velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismála. Sömuleiðis er reiknað með að eins og endranær fari töluverður tími starfsmanna í fyrirsvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Gert er ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsmanna við ráðgjöf vegna lóðamála og fyrirætlana um fjölgun leiguíbúða. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Mat á bótagrundvelli skaðabóta er á ábyrgð borgarlögmanns og jafnframt uppgjör bótagreiðslna á grundvelli kjarasamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar eða utan samninga. Vinna við afgreiðslu bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg er stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Nýtilkomin viðbót við þessi verkefni eru uppgjör kjarasamningsbundinna skaðabóta vegna líkams- eða munatjóns starfsmanna en fjárhæð bóta getur í þeim tilvikum numið verulegum fjárhæðum eins og sjá má á hækkun bótagreiðslna milli ára.

## INNRI ENDURSKOÐUN

Á árinu 2015 verður lögð aukin áhersla á innri endurskoðun upplýsingakerfa og m.a. er fyrirhugað að gera heildarúttekt á stöðu og fyrirkomulagi upplýsingatæknimála innan A hluta borgarsjóðs. Einnig hafinn undirbúningur að úttektum á stjórnun á rekstrarsamfellu út frá áhættum á sviði upplýsingaöryggis hjá fyrirtækjum innan B hluta borgarsjóðs.

Leitast verður við að kanna virkni innra eftirlits með mikilvægum verkferlum sem tengjast reikningsskilum og birtingu upplýsinga í árshlutareikningum og ársreikningi. Þannig verður fylgt eftir fyrri úttektum á uppgjörsdeild Fjármálaskrifstofu auk þess sem innheimtuferli gatnagerðargjalda og sala byggingarréttar verður tekið til skoðunar en þar er um að ræða ferli sem heyrir bæði undir Umhverfis- og skipulagssvið og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Einnig er áætlað að kortleggja og áhættumeta uppgjörsferli Félagsbústaða og gera áhættumat á ferlinu í samvinnu við fjármáladeild fyrirtækisins. Þá er sambærileg úttekt einnig í bígerð á uppgjörsferlinu hjá Orkuveitu Reykjavíkur í samvinnu við innri endurskoðun Orkuveitunnar.

Unnið er að stjórnsýslu og rekstrarúttekt á Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og er stefnt að því að leggja fram niðurstöður á fyrri hluta ársins 2015. Áfram verður lögð áhersla á eftirfylgniúttektir sem felast í skoðun á viðbrögðum stjórnenda við ábendingum Innri endurskoðunar í fyrri úttektum sem og ábendingum úttektarnefndar borgarstjórnar.

Innri endurskoðun fylgist með því að starfsemi hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem um hana gilda og greinir í því ljósi mögulegar misferlisáhættur í rekstri borgarinnar m.a. með því að halda úti ábendingahnappi á vef borgarinnar sem starfsmenn geta nýtt sér verði þeir varir við brotalamir á þessu sviði.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2012 | 2013 | 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** | | | | |
| Stjórnsýsluerindi | 1.372 | 1.328 | 863[1] | 1.200 |
| Þar af til borgarráðs | 352 | 202 | 43[1] | |
| Móttökur | 120 | 95 | 140[3] | 160 |
| Fréttatilkynningar | 458 | 618 | 658[2] | 750 |
| Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum | 67 | 94 | 66[2] | 30 |
| Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum | 314 | 168 | 250[3] | 300 |
| Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspurna | 1.724 | 1.651 | 1.800[3] | 1.750 |
| Vefur - vikulegt innlit | 44.059 | 41.721 | 37.000[2] | 40.000 |
| Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku | 206.213 | 186.555 | 140.000[2] | 170.000 |
| *Facebook* póstar | | | 573[2] | |
| Að meðaltali á viku | | | 14,3[2] | |
| **Fjármálaskrifstofa** | | | | |
| Reikningar frá birgjum alls | 224.684 | 231.078 | | |
| Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL) | 76.503 | 83.380 | | |
| Hlutfall rafrænna birgjareikninga | 34,00% | 36,10% | | |
| Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn. | 37,7% | 40,10% | 47%[5] | 60% |
| -Fjöldi starfsmanna í bókhaldi | | 32 | 32[5] | 32 |
| Fjöldi uppgjara (A,A+B,AS,ES,Jörundur, Aflvaki) | 45 | 53 | 53[5] | 53 |
| -Fjöldi starfsmanna í uppgjörum | 3 | 3 | 3[5] | 4 |
| **Skrifstofa þjónustu og rekstrar** | | | | |
| Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma | 67,1% | 70% | 69%[3] | 72% |
| IP símtæki | 2.400 | 2.500 | 2.650[3] | 2.750 |
| Þjónustuver – fjöldi símtala | 187.977 | 186.350 | 182.000[3] | 176.980 |
| Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsókna | 50.286 | 49.800 | 49.500[3] | 49.300 |
| Netspjall | 3.262 | 3.900 | 3.950[3] | 4.250 |
| Rafræn Reykjavík - fjöldi umsókna | 25.166 | 23.923 | 30.000[3] | 33.450 |
| Rafræn Reykjavík - fjöldi notenda | 40.744 | 44.325 | 52.030[3] | 55.000 |
| **Borgarlögmaður** | | | | |
| **Dómsmál** | | | | |
| Lokið | 86 | 103 | 87[4] | |
| Í rekstri | 42 | 23 | 29[4] | |
| Samtals | 128 | 126 | 116[4] | |
| Þar af fyrir Velferðarsvið | 46 | 64 | 63[4] | |
| **Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum** | | | | |
| Innkomin | 67 | 103 | 157[4] | |
| Í vinnslu | 75 | 80 | 97 | |
| Fullnaðaruppgjör bóta | 43 | 38 | 48[4] | |
| Samtals greiddar bætur, kr. | 40.833.047 | 33.930.507 | 77.751.712[4] | |

1) Erindi til borgarstjóra miðast við 13. október 2014, heildaráætlun er 1.120. Erindi til borgarráðs miðast við fyrstu fimm mánuði ársins.

2) Miðað við 10. október 2014.

3) Útkomuspá 2014.

4) Viðmiðunartímabil 1. september 2013—31. ágúst 2014.

5) Áætlun.

# SKRIFSTOFA EIGNA– OG ATVINNUÞRÓUNAR



## LEIÐARLJÓS

**Skrifstofa eigna– og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| *Rekstur (Fjárhæðir í þús. kr.)* | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 16.764.821 |
| Söluhagnaður eigna og lóða | 1.720.000 |
| **Samtals tekjur:** | **18.484.821** |
| Laun og launatengd gjöld | 130.638 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.982.389 |
| Afskriftir | 4.012.822 |
| **Samtals gjöld:** | **6.125.849** |
| Fjármunatekjur/(gjöld) | (5.770.080) |
| **Rekstrarniðurstaða:** | **6.588.892** |

## STARFSFÓLK

| | 2015 |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 13 |
| Fjöldi stöðugilda | 12,8 |

## SKIPURIT

Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja megineininga og tveggja stoðeininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.




Skrifstofustjóri SEA er Hrólfur Jónsson.

## HLUTVERK

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestinga-ákvarðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingaverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).
- SEA mun hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.
- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.



# FJÁRFESTINGA– OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2015

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2015 gerir ráð fyrir að 6,7 milljörðum króna verði varið til fjárfestinga. Er það um 568 mkr lækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2014. Lækkunin helgast af hækkun gatnagerðargjalda um 700 mkr en framkvæmdir eru áætlaðar 132 mkr umfram útkomuspá ársins 2014.

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 70% af eigin fé og 30% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

| Fjárfesting (*fjárhæðir í þús. kr.*) | Áætlun 2015 |
|---|---|
| **Byggingarframkvæmdir** | |
| Menningar– og ferðamálasvið | 280.000 |
| Skóla– og frístundasvið | 1.859.000 |
| Íþrótta– og tómstundasvið | 745.000 |
| Velferðarsvið | 100.000 |
| Ýmsar fasteignir | 115.000 |
| **Byggingarframkvæmdir samtals** | 3.099.000 |
| **Gatna– og umhverfisframkvæmdir** | 3.263.000 |
| **Lóðir, lönd og skipulagseignir** | 120.000 |
| **Áhöld, tæki og hugbúnaður** | 1.130.000 |
| **Sérstök átaksverkefni** | 1.125.000 |
| **Fjárfestingar samtals:** | **8.737.000** |
| Gatnagerðargjöld | 2.040.000 |
| **Fjárfestingar nettó:** | 6.697.000 |

# HELSTU BYGGINGARFRAMKVÆMDIR 2015

**Menningar– og ferðamálasvið:** Á árinu 2015 er fyrirhugað að ljúka byggingu nýrrar geymslubyggingar í Árbæjarsafni, unnið verður að endurbótum á Kjarvalsstöðum, Hafnarhúsi og Ásmundarsafni m.v. úttektir auk þess sem unnið verður að hönnun og undirbúningi að viðbyggingu við Grófarhús. Eru þá ótalin búnaðarkaup vegna Borgarleikhúss og önnur smærri verkefni vegna stofnana sviðsins.

**Skóla– og frístundasvið:** Niðurstöður úr þriggja þrepa hönnunarsamkeppni um leik- grunnskóla við Úlfarsbraut munu liggja fyrir í nóvember 2014. Unnið verður að frekari hönnun og undirbúningi á árinu 2015 og er gert ráð fyrir að verkframkvæmdir muni hefjast síðla árs. Verklegar framkvæmdir við viðbyggingu og breytingar Klettaskóla verða boðnar út í byrjun árs 2015 og áformað að framkvæmdir hefjist um mitt ár. Gert er ráð fyrir að fullnaðarhönnun viðbyggingar við Vesturbæjarskóla ljúki á árinu og að framkvæmdir verði boðnar út. Jafnframt verður lokið verður við byggingu frístundarýmis við Vogaskóla á árinu auk þess sem smíði færanlegra kennslustofa verður boðin út á vormánuðum. Framkvæmdum við endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið á árinu 2015 þegar lokið verður framkvæmdum við lóð Árbæjarskóla og öðrum áfanga af þremur við lóð Ölduselsskóla auk þess sem lóðir Brákaborgar og Drafnarsteins verða endurgerðar. Endurnýjun mötuneyta í grunn- og leikskólum samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið á árinu. Jafnframt verður fé lagt til viðbyggingar Menntaskólans við Sund samkvæmt samningi við ríkið auk margskonar smærri fjárfestingarverkefna vegna Skóla- og frístundasviðs á komandi ári.

# HELSTU BYGGINGARFRAMKVÆMDIR 2015 FRH.

**Íþrótta– og tómstundasvið:** Niðurstöður úr þriggja þrepa hönnunarsamkeppni um íþróttahús og sundlaug við Úlfarsbraut munu liggja fyrir í nóvember 2014. Unnið verður að frekari hönnun og undirbúningi á árinu 2015 og er gert ráð fyrir að verkframkvæmdir muni hefjast síðla árs. Áfram verður unnið að hönnun útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur auk þess sem framkvæmdum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal verður fram haldið.

Unnið verður að endurbótum innanhúss í Laugardalshöll auk þess sem *kastsvæði* og *tartan* verða endurnýjuð á Laugardalsvelli og framkvæmdum við strandblakvöll við Laugardalslaug lokið en allt er þetta hluti af undirbúningi fyrir komandi smáþjóðaleika. Áframhaldandi uppbygging og endurnýjun tækja vegna skíðasvæðis í Bláfjöllum verður meðal fjárfestingaverkefna á Íþrótta- og tómstundasviði auk annarra smærri verkefna.

**Velferðarsvið:** Félagsmiðstöðin Borgir í Spöng var formlega tekin í notkun 17. maí síðastliðinn en á komandi ári verður unnið að lokafrágangi húss og lóðar og vegna deildar sem mun hýsa dagvistun heilabilaðra einstaklinga auk annarra frágangsverka. Aðrar fjárfestingar vegna stofnana Velferðarsviðs á árinu 2015 verða vegna skammtíma- og dagvistunar fyrir fatlað fólk.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Áformað er að gera breytingar á Varmahlíð 1 eða Perlunni með hliðsjón af nýrri nýtingu hússins, áfram verður unnið að þróun lands á svokölluðum U-reit í Vatnsmýri auk annarra verkefni um ný byggingarsvæði, þróun og uppbyggingu.

# AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2015 eru vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í vistvænum sorpbílum auk ýmissa tækja vegna Umhverfis- og skipulagssviðs.

**Sérstök átaksverkefni:** Til sérstakra átaksverkefna teljast meðal annars endurbætur leikvalla, torga og opinna svæða auk verkefnisins „Betri hverfi" sem er unnið að í samvinnu við íbúa og hverfaráð og er samtals 300 milljónum varið til þessara verkefna. Þá eru ótaldar 800 milljónir sem fyrirhugað er að verja til endurbóta og meiriháttar viðhalds fasteigna þar sem byggt er á forgangsröðun samkvæmt úttektum og þarfagreiningu.

# HELSTU GATNA– OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2015

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2015 eru á Hlíðarendasvæði, Vesturbugt og í Vogabyggð auk áframhaldandi gatnagerðar í Úlfarsárdal, við Reynisvatnsás og í Hádegismóum. Í miðborginni verða byggð ný gatnamót við Geirsgötu og Lækjargötu, Smiðjustígur milli Laugavegar og Hverfisgötu verður endurgerður auk þess sem unnið verður að ýmsum smærri verkefnum.

Hjólreiðaáætlun verður fylgt eftir með gerð göngu- og hjólastíga auk þess sem settir verða upp hjólastandar og hjólaskýli samhliða því sem gönguleiðir í eldri hverfum svo og gönguleiðir skólabarna og aldraðra verða endurnýjaðar með áherslu á öryggi gönguleiða.

Reglubundin endurgerð malbiks og yfirlög eru á fjárfestingaráætlun ásamt endurnýjun götulýsingar og umferðaljósa auk þess sem framkvæmdir verða við hljóðvarnir samkvæmt aðgerðaáætlun þar um. Umferðaröryggismál eru fastir liðir á fjárfestingaráætlun sem endranær svo og endurnýjun gangbrautarljósa.

Þá eru ótalin ýmis verkefni á sviði umhverfismála. Má þar helst nefna fjölgun grenndarstöðva og uppbygginga og lagfæring opinni svæða með leiksvæðastefnu í forgrunni.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

| | 2011 | 2012 | 2013 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lóðaúthlutun** | | | | | |
| Úthlutun og sala byggingaréttar* | -10 íbúðir | 5 íbúðir | 181 íbúðir | 60 íbúðir | 439 íbúðir |
| Eftir húsgerðum; | | | | | |
| Einbýli | 1 íbúð | 3 íbúðir | 4 íbúðir | 6 íbúðir | 32 íbúðir |
| Rað-, par– og tvíbýlishús | -11 íbúðir | 2 íbúðir | 14 íbúðir | 1 íbúð | 0 íbúðir |
| Fjölbýlishús | 0 | 0 | 163 íbúðir | 53 íbúðir | 407 íbúðir |
| **Eignarekstur** | | | | | |
| Fjöldi fasteigna í rekstri | 342 | 344 | 344 | 354 | 351 |
| Flatarmál fasteigna í rekstri m2 | 501.682 | 518.452 | 528.370 | 544.132 | 544.310 |
| Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs | 69 | 71 | 119 | 123 | 133 |
| Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs | 0 | 7 | 10 | 10 | 10 |

* Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingarréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2014 miðast við 21. október 2014.









# BÍLASTÆÐASJÓÐUR

## LEIÐARLJÓS

**Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 851.256 | 872.537 | 889.988 | 907.788 | 925.944 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **851.256** | **872.537** | **889.988** | **907.788** | **925.944** |
| Laun og launatengd gjöld | 219.439 | 226.022 | 232.803 | 239.787 | 246.981 |
| Annar rekstrarkostnaður | 429.882 | 442.778 | 456.062 | 469.744 | 446.600 |
| Afskriftir | 87.000 | 118.000 | 139.000 | 137.000 | 135.000 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **736.321** | **786.801** | **827.865** | **846.531** | **828.581** |
| **Fjármagnsliðir** | | | | | |
| **Rekstrarniðurstaða** | **114.935** | **85.737** | **62.123** | **61.257** | **97.363** |

## MEGINÁHERSLUR 2015 OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Megináherslur árið 2015 eru frekari útvíkkun gjaldsvæða. Má þar nefna norðan Hverfisgötu, Brautarholt og nágrenni og vestar í vesturbænum. Lítið hefur dregið úr fjölda stöðvunarbrotagjalda og því hefur verið samþykkt 100% hækkun stöðvunarbrotagjalda með það að markmiði að draga úr fjölda gjaldanna, sérstaklega vegna bílastæða hreyfihamlaðra þar sem gjöldum er að fjölga þrátt fyrir að gjaldið sé nú 10.000 kr. Ekki er gert ráð fyrir hækkun tekna vegna stöðubrotagjalda þrátt fyrir hækkun gjaldsins. Þá er stefnan sett á að bæta enn frekar upplýsingakerfi og þjónustu við viðskiptavini, þannig þeir geti meðal annars greitt fyrir stæði með snjallsíma eða fundið laus bílastæði í bílahúsum á rauntíma. Þá mun árið meðal annars einkennast af stefnumótunarvinnu í kjölfar nýrrar eigendastefnu Bílastæðasjóðs þar sem tekin eru fyrir málefni er varða meðal annars gjaldskyld svæði og fjölgun gjaldskyldra bílastæða .

## FJÁRFESTINGAR

Bílastæðasjóður hyggst kaupa fleiri miðamæla næstu árin, bæði fyrir ný svæði sem og til að skipta út fyrir gamla mæla auk þess sem frekar verður bætt í upplýsingakerfi og aukna þjónustu við viðskiptavini bílahúsa, þannig að þeir geti séð hvar eru laus stæði á rauntíma. Í ljósi byggingaframkvæmda í miðborginni er gert ráð fyrir að fara í framkvæmdir hvað varðar þátttöku í byggingu bílahúsa þó ekki liggi fyrir á þessari stundu hvar það verður.

## FJÁRÞÖRF

Bílastæðasjóður er skuldlaus og er ekki fjárþörf til staðar nema til komi frekari uppbygging bílahúsa.

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 439 mkr. Þar af eru 335 mkr vegna afsláttar elli– og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 30 mkr, styrkur til Kirkjubyggingasjóðs 11,7 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 63 mkr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 225 mkr. Þar af eru áætlaðar 200 mkr til atvinnuátaks með það að markmiði að gefa atvinnuleitendum ný tækifæri á vinnumarkaði, fyrirbyggja félagslegar afleiðingar atvinnuleysis og draga úr útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar. Áætlaðar eru 25 mkr til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægra bókhalds og launakerfa** er áætlaður 119,3 mkr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 494 mkr. Innheimtukostnaður staðgreiðslu er áætlaður 310 mkr. Útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðist til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 51 mkr. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 133 mkr en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og eru 1% af tekjum af fasteignasköttum.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn starfsmannakostnaður eru færð áætluð útgjöld vegna breytinga á kjarasamningum. Slysabætur eru áætlaðar 50 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 50 mkr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.300 mkr árið 2015. Áætlunin tekur mið af forsendum um hækkun launavísitölu þar sem varfærnissjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Ekki er gert ráð fyrir teljandi áhrifum af breytingum á eignum sjóðsins. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar undir forsendum fjárhagsáætlunar.

**Ýmis kostnaður** fyrir utan liðinn ófyrirséð er áætlaður 469 mkr, þar af er hluti af leigu Ráðhúss og innri leigu tækja og áhalda 293 mkr. Gert er ráð fyrir 30 mkr til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 34 mkr til reksturs Höfða og 6,7 mkr til Úlfljótsskála. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 mkr og 15,8 mkr við endurskoðunarnefnd.

Tekið hefur verið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 419 mkr sem eru til þess að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála.

# FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 811 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlagið verði 781 mkr. Framlag í fjárfestingasjóð er áætlað 30,5 mkr.

Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1.395 mkr, þar af 6,8 mkr til Almannavarna.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Rekstrarframlag miðar við samantekið framlag til Slökkviliðsins og Almannavarna.

| *Fjárhæðir í mkr.* | Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda | Rekstar-framlag SHS og AHS |
|---|---|---|
| **Samtals framlög eigenda** | | **1.395** |
| Reykjavík | 58,13% | 811,1 |
| Kópavogur | 15,50% | 216,3 |
| Hafnarfjörður | 13,12% | 183 |
| Garðabær | 6,79% | 94,7 |
| Mosfellsbær | 4,36% | 60,8 |
| Seltjarnarnes | 2,10% | 29,3 |

Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2015 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

# STRÆTÓ BS.

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 1.846 mkr, sem skiptast annars vegar í rekstrarframlag 1.729 mkr og hins vegar í framlög vegna nemafargjalda 143 mkr.

Fjárhagsáætlun Strætó miðar við að heildartekjur verði um 5.460 mkr. Þar af nemi framlög eigenda 2.925 mkr, sem skiptast í rekstrarframlög 2.694 mkr og framlög til niðurgreiðslu á nemafargjöldum 232 mkr. Strætó gerir ráð fyrir að rekstrarframlögin hækki um 3,8% eða í samræmi við sk. Strætó-vísitölu. Áætlað er að tekjur af fargjöldum nemi 1.566 mkr og aukist um rúm 9% m.v. áætlun 2014. Gert er ráð fyrir að framlag frá ríkinu nemi 806 mkr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptireglu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó og hlutdeild Reykjavíkurborgar:

| *Fjárhæðir í mkr.* | **Hlutfallsleg skipting** | **Heildarframlag** | **Rekstrar-framlag** | **Nemaframlög** |
|---|---|---|---|---|
| **Samtals** | | **2.925** | **2.693** | **232** |
| Reykjavík | 64,2% | 1.846 | 1.729 | 143 |
| Kópavogur | 13,4% | 385 | 399 | 33 |
| Hafnarfjörður | 9,9% | 276 | 259 | 26 |
| Garðabær | 6,4% | 180 | 151 | 12 |
| Mosfellsbær | 4,6% | 132 | 110 | 11 |
| Seltjarnarnes | 1,8% | 52 | 46 | 8 |

Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2015 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

# NÝ UPPLÝSINGAKERFI

## ÞRÓUN UPPLÝSINGAKERFA REYKJAVÍKURBORGAR 2015

### Fjármálaskrifstofa

**Mannauðs- og launakerfi**

Stefnt er að vali og innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi sem mun lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta upplýsingagjöf inn á- og út á við. *Verkefnisstjóri og aðkeypt ráðgjöf.*

**Uppgjörs- og áætlunarkerfi**

Val á heppilegri lausn sem mætir þörfum Fjármálaskrifstofu, yfirstjórnar og endurskoðenda, auðveldar gerð samstæðuuppgjöra og samstæðuáætlunar og bætir skýrslugerð og eftirlit. *Verkefnisstjóri og ráðgjöf.*

**Rafrænir reikningar**

Áframhaldandi þróun rafrænna reikninga og fjölgun byrgja í rafrænum viðskiptum. Ákvörðun borgarráðs frá 20. febrúar 2014 um að eingöngu verði tekið á móti rafrænum reikningum frá birgjum verður fylgt eftir.

**Eignaskráningarkerfi í Agresso**

Þróun og endurbætur á eignaskráningarkerfi til að mæta nýjum kröfum um eignaskráningu.

**Innkaupakerfi**

Undirbúningur og upptaka á fyrsta áfanga innkaupakerfis til að koma á rafrænu, gagnsæju, skilvirku og einföldu ferli innkaupa. *Verkefnisstjóri og aðkeypt vinna.*

**Útboðsgögn á vef**

Rafræn birting útboðsgagna og rafrænt útboðskerfi innleitt á árinu.

**Rafræn gagnagátt**

Uppsetning rafrænnar gagnagáttar fyrir íbúa og hagsmunaaðila og framsetning grunnupplýsinga til að veita aðgengi að fjár-málaupplýsingum borgarinnar og gefa með því raunsanna mynd af meðhöndlun fjármuna borgarinnar.

*Áætluð fárþörf Fjármálaskrifstofu er samtals 64 mkr.*

### Skrifstofa þjónustu og reksturs

**Átak í *Mínar síður* (Rafræn Reykjavík)**

Áframhaldandi átak í uppbyggingu gagnvirkrar rafrænnar þjónustu við borgara. Innleidd ný boðgreiðslugátt sem stenst öryggis-staðla. Birting á greiðslustöðu íbúa gagnvart borginni o.fl. Aðkeypt hugbúnaðargerð og ráðgjöf.

**Skjalakerfi borgarinnar, uppfærsla/endurnýjun**

Undirbúningur hafinn að uppfærslu/endurnýjun skjalakerfa borgarinnar.

**Skjalakerfi, GoPro aðlögun í Outlook**

Innleiddar verða viðbætur í Outlook til að auðvelda vistun gagna í GoPro.

**Breytingar á miðlægri kerfishögun**

Haldið verður áfram með nauðsynlegar breytingar í miðlægri kerfishögun hjá upplýsingatæknideild samkvæmt áætlun.

**Stjórnun hugbúnaðarleyfa (SAM) og gjaldskrártalningarbúnaður**

Stefnt að vali, kaupum og innleiðingu á SAM (Software Asset Management) kerfi og gjaldskrártalningarbúnaði til að ná yfirsýn og stjórnun á hugbúnaðarnotkun vegna ytri leyfasamninga og innri gjaldskrár UTD.

**Umsjónarbúnaður fyrir snjalltækjaumhverfi**

Val á búnaði, kaup og innleiðing á lausn vegna umsjónar, yfirsýnar og öryggis í snjalltækjaumhverfi.

**Smáforrit (App)**

Áframhaldandi þróun hugbúnaðar fyrir snjalltæki til að auðvelda íbúum samskipti við borgina.

**Gagnageymsluský**

Hafinn verður undirbúningur að nýtingu skýjalausna og farið í tilraunaverkefni um flutning upplýsingatækniumhverfis í skýja-lausn. *Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu þjónustu og reksturs er samtals 70 mkr.*

## Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

**Stjórnunarupplýsingar**

Haldið verður áfram skilgreiningu stjórnendaupplýsinga og lykiltalna fyrir helstu markhópa ásamt innleiðingu QlikView hjá fleiri sviðum borgarinnar. Rafrænt aðgengi stjórnenda að fjárhagsupplýsingum og lykiltölum. *Aðkeypt verkefnisstýring og ráðgjöf.*

**Nýr Reykjavíkurvefur og færsla vefja yfir í Drupal**

Haldið verður áfram innleiðingu á Drupal, „Open Source“ vefumsjónarkerfi og vefir borgarinnar færðir yfir í nýtt skalanlegt (e.responsive) umhverfi og aðlagaðir að snjalltækjum.

**Innleiðing á Fotoware og tenging við vefi borgarinnar**

Unnið verður að skipulagðri skráningu mynda í ljósmyndagrunn borgarinnar og tengingu hans við vefi borgarinnar.

**Betri Reykjavík**

Samráðs- og lýðræðisvettvangurinn Betri Reykjavík verður þróaður áfram með átaksvirkni og betra upplýsingaflæði og jafnframt verður öryggi íbúakosningahlutans Betri hverfa aukið í samræmi við niðurstöður úttektar.

**Rafræn langtímavarsla rafrænna gagna**

Hafinn verður undirbúningur langtímavarðveislu gagna skv. reglum um vörsluútgáfu rafrænna gagna. Verkefnisstjóri og aðkeypt vinna. *Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er samtals 37 mkr.*

## Skrifstofa borgarstjórnar

**Pappírslausir fundir**

Unnið er að rafrænum, pappírslausum og öruggum fundum borgarráðs og borgarstjórnar og stefnt að spjaldtölvuvæðingu borgarráðs. *Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu borgarstjórnar er samtals 6 mkr.*

## Íþrótta- og tómstundasvið

**Aðgangs- og afgreiðslukerfi sundlauga**

Sett verður upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi sem bætir skilvirkni afgreiðslu og áreiðanleika uppgjörs og tölfræði. Með þessu verður þjónusta við gesti bætt verulega sem og aðstæður starfsfólks við afgreiðslu. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því að ná fram hagræðingu með því að skipta við einn þjónustuaðila.

*Áætluð fjárþörf hjá ÍTR er samtals 20 mkr.*

## Skóla- og frístundasvið

**Skráningarkerfi grunnskóla**

Hafin er þarfagreining á grunnskólanemendaskrá SFS sem mun innihalda grunnupplýsingar um nemendur og skólasögu barnanna. Kerfið mun lesa inn gögn frá öðrum grunnskólakerfum og mun leysa af hólmi eldri lausn í Access.

**Frístundaheimilakerfi**

Frístundaheimilakerfi SFS verður fært í betra horf til að ná skilvirkni og yfirsýn yfir tölfræði og stöðu hverrar þjónustueiningar fyrir sig til að einfalda ábyrga fjármálastjórnun og ákvarðanatöku. Tryggja þarf betri afstemmingar fjárhæða og auðvelda útreikning systkinaafslátta.

**Leikskólakerfi**

Haldið verður áfram þróun skráningarkerfis fyrir leikskóla borgarinnar sem tekið var í notkun á árinu 2010 en kerfið hefur skilað skýrum ávinningi í betri innheimtu.

*Áætluð fjárþörf hjá Skóla- og frístundasviði er samtals 17 mkr.*

## Velferðarsvið

Meðal brýnustu verkefna er áframhaldandi þróun málaskrár m.t.t. laga nr 59/1992 um málefni fatlaðs fólks (með síðari breytingum). Einnig aukið innbyggt eftirlit í málaskrá við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar.

*Áætluð fjárþörf er samtals 20 mkr.*

## Umhverfis- og skipulagssvið

**Búnaður vegna loftgæðamælinga**

Tryggja þarf öryggi og aðgengi að loftgæðagögnum borgarinnar. Greina þarf uppsetningu eldra loftgæðakerfis og gera tillögu að úrbótum.

**Skráningarkerfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar**

Bæta þarf aðgengi að upplýsingum HER og auðvelda úrvinnslu úr skráningarkerfi og vinnslu tölfræði samkvæmt ítarlegri þarfa-greiningu sem unnin var hjá eftirlitinu.

*Áætluð fjárþörf hjá Umhverfis- og skipulagssviði er 6 mkr.*

## Niðurstaða

Áætlun fyrir ný upplýsingakerfi 2015 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og er samtala áætlaðra verkefna 250 mkr. Þar af er gert ráð fyrir 10 mkr. í ófyrirséð verkefni. Óskir sviða og skrifstofa nema umtalsvert hærri upphæð og er því nokkrum fjölda verkefna frestað. Á síðasta ársfjórðungi 2015 verður gerð útkomuspá fyrir ofangreind verkefni og fyrirséðu óráðstöfuðu fé veitt í verkefni í bið eða til að flýta einstaka verkefnum.

# B-HLUTA FYRIRTÆKI

# FAXAFLÓAHAFNIR SF.

## LEIÐARLJÓS

**Að tryggja fullnægjandi hafnaraðstöðu á starfssvæði Faxaflóahafna sf. og athafnasvæði fyrir nauðsynlega starfsemi þannig að Faxaflóahafnir sf. verði ávallt í forystu varðandi flutninga, löndun á fiski, móttöku farþegaskipa og þjónustu við útgerðir og fyrirtæki. Öflug hafnarsvæði eru lykill að þróun efnahags– og atvinnulífs.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 2.891.037 |
| **Tekjur samtals** | **2.891.037** |
| Laun og launatengd gjöld | 731.000 |
| Annar rekstarkostnaður | 1.094.785 |
| Afskriftir | 790.000 |
| **Gjöld samtals** | **2.615.785** |
| Fjármunatekjur/(gjöld) | 29.563 |
| **Rekstarniðurstaða** | **245.689** |

## MEGINÁHERSLUR 2015 OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Umfang rekstrar og verkefni eru með hefðbundnum hætti á milli ára og reiknað er með að rekstrartekjur verði ívið hærri en verið hefur undanfarin ár og þá um leið að auknu fjármagni verði varið til ýmissa viðhaldsverkefna.

Framkvæmdir eru í samræmi við langtímaáætlun hafnarinnar. Meginverkefni ársins 2015 og næstu ára er bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps í Sundahöfn, sem reiknað er með að í framtíðinni verði helsti vöruflutningabakki fyrir farmstöð Eimskipa. Þar kemur möguleiki á að þjóna stærri og djúpristari flutningaskipum, sem reiknað er með að komi í notkun á næstu árum. Á Grundartanga er reiknað með þróun og uppbyggingu lands og gatnakerfis á Katanesi fyrir sólarkísilverksmiðju *Silicor Materials.* Aukin áhersla lögð á sérgreind viðhaldsverkefni.

## FRAMTÍÐARSÝN

Faxaflóahafnir sf. eru leiðandi fyrirtæki á Íslandi í rekstri hafna og þróun lóða og atvinnusvæða. Mikilvægi þeirra hafnasvæða sem fyrirtækið á og rekur kemur m.a. fram í langtíma samgönguáætlun Alþingis. Fyrirtækið hefur verið sjálfbært varðandi rekstur og framkvæmdir og mikilvægast er að Faxaflóahafnir sf. haldi þeirri stöðu sinni um leið og áfram verði þróuð aðstaða á sjó og landi sem skapar tækifæri til uppbyggingar atvinnu- og efnahagslífs á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar.

# FJÁRFESTINGAR

Stærstu verkefni ársins eru eins og áður sagði fyrstu verkáfangar við undirbúning hafnarbakkagerðar utan Klepps en það verður meginverkefni fyrirtækisins á næstu árunum ásamt þróun lands og aðstöðusköpun sólarkísilverksmiðju *Silicor Materials* á Grundartanga. Auk þess eru ýmis verkefni víða um hafnarsvæði svo sem flotbryggjur fyrir ferðaþjónustu í Vesturbugt og á Akranesi, aðstæðubætur fyrir smábáta í Borgarnesi, ýmis gatnagerðarverkefni tengd úthlutun lóða og endurbætur á hafnarað-stöðu við Skarfabakka, Miðbakka og Austurbakka til móttöku skemmtiferðaskipa.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir skiptingu fjármuna til verkefna með eftirfarandi hætti:

| | |
|---|---|
| Gamla höfnin | 100 mkr |
| Sundahöfn | 565 mkr |
| Grundartangi | 460 mkr |
| Akranes | 30 mkr |
| Borgarnes | 15 mkr |
| Tæki og áhöld | 30 mkr |
| **Alls** | **1.200 mkr** |

# FJÁRÞÖRF

Rekstur og framkvæmdir eru fjármagnaðar af reglulegum tekjum og tekjum af úthlutun lóða án lántaka.

# FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

## MEGINFORSENDUR

Eftirfarandi er endurskoðuð áætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2014-2019. Hún er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat og þróun á verðlagi eigna í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við grunnmynd sem skilgreind var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2015 til 2019.

## FORSENDUR

| | Eining | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs | - | 4,15% | 2,50% | 3,40% | 3,20% | 2,80% | 2,60% | 2,60% |
| Launavísitala | | | 5,20% | 6,10% | 4,80% | 5,00% | 4,70% | 4,70% |
| Íbúðaverð samkvæmt FMR | - | 7,94% | 7,20% | 6,10% | 4,80% | 5,00% | 4,70% | 4,70% |
| | | | | | | | | |
| Kaup eigna | Íbúðir | | 10 | 110 | 110 | 110 | 110 | 110 |
| Sala eigna | Íbúðir | | -2 | -10 | -10 | -10 | -10 | -10 |
| Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald | | 90% | 90% | 90% | 90% | 90% | 90% | 90% |
| Lánshlutfall kaupa | - | 70% | 70% | 70% | 70% | 70% | 70% | 70% |
| Lánshlutfall sala | - | 67% | 66% | 63% | 62% | 61% | 59% | 58% |
| Stærð eignasafns | Íbúðir | 2.229 | 2.237 | 2.337 | 2.437 | 2.537 | 2.637 | 2.737 |
| Meðal kaupverð/söluverð eigna | Mkr/íbúð | | 21 | 22,28 | 23,4 | 24,5 | 25,7 | 26,9 |
| Kaup eigna | Mkr | | 210 | 2.451 | 2.569 | 2.697 | 2.824 | 2.956 |
| Sala eigna | Mkr | | -42 | -223 | -234 | -245 | -257 | -269 |
| Eignfært viðhald | Mkr | 250 | 250 | 239 | 259 | 279 | 299 | 320 |
| Breyting á eignasafn | Mkr | | 168 | 2.228 | 2.335 | 2.452 | 2.567 | 2.688 |
| Stærð efnahagsreiknings | Mkr | 42.125 | 45.326 | 50.319 | 55.069 | 60.275 | 65.675 | 71.449 |
| Leigutekjur á íbúð (núverandi safn) | Mkr/íbúð | 1,26 | 1,292 | 1,335 | 1,378 | 1,417 | 1,454 | 1,491 |
| Leigutekjur á íbúð (nýjar íbúðir) | Mkr/íbúð | 1,4 | 1,435 | 1,484 | 1,531 | 1,574 | 1,615 | 1,657 |

**Skýringar, hugleiðingar og fyrirvarar**

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs.
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir.
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2014 hefur verið uppfærð miðað við hálfsársuppgjör félagsins og forsendur sviðsmyndar.
- Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull eða að nettó fjölgun íbúða í eigu og/eða forsjá félagsins verði 500 íbúðir á næstu 5 árum. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:
    - Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði.
    - Kaupa íbúðir í byggingu eða nýbyggðar íbúðir af verktökum.
    - Kaupa búseturétt í íbúðum hjá óskyldum félögum sem ekki eru rekin með hagnaðarsjónarmiði.
    - Leigja eða kaupa íbúðir úr Reykjavíkurhúsum.
    - Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu.
- Til að meta efri mörk fjármögnunarþarfar er gert ráð fyrir að:
    - Allar íbúðirnar verði keyptar/byggðar og að meðalverð á íbúð sé 21 mill. (verðlag 2014), meðalstærð 65—70 m2.
    - Nettó stækkun eignasafns verði fjármögnuð að 70% hluta með lánum, 10% hluta með eiginfjárframlagi frá Reykjavíkurborg en að 20% hluta með stofnstyrk frá ríki.
- Gert er ráð fyrir að leiguverð á hverja nýja íbúð verði í kringum 1,4 milljónir/ári eða tæplega 120 þús/mán fyrir meðalíbúð. Leiguverð á nýjum íbúðum taki breytingum í takt við þróun vísitölu neysluverðs (óháð breytingum á fasteignaverði).

# REKSTUR

| Tekjur | Eining | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | Mkr | 2.784 | 2.879 | 2.989 | 3.237 | 3.485 | 3.737 | 4.000 |
| Aðrar tekjur | Mkr | 174 | 187 | 194 | 210 | 227 | 243 | 260 |
| **Alls** | **Mkr** | **2.958** | **3.066** | **3.183** | **3.448** | **3.712** | **3.980** | **4.260** |
| | | | | | | | | |
| **Gjöld** | | | | | | | | |
| Viðhald | Mkr | -650 | -650 | -700 | -758 | -817 | -876 | -937 |
| Annar rekstrarkostnaður fasteigna | Mkr | -244 | -281 | -262 | -284 | -306 | -328 | -351 |
| Fasteigna- og brunabótaiðgjöld | Mkr | -305 | -316 | -329 | -356 | -383 | -411 | -440 |
| Laun og launatengd gjöld | Mkr | -162 | -169 | -179 | -188 | -197 | -207 | -216 |
| Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður | Mkr | -78 | -73 | -84 | -91 | -98 | -105 | -112 |
| Framlag til afskrifta viðskiptakrafna | Mkr | -64 | -68 | -70 | -76 | -82 | -88 | -94 |
| Afskriftir eigna til eigin nota | Mkr | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld | Mkr | -924 | -961 | -991 | -1.077 | -1.162 | -1.250 | -1.343 |
| **Alls** | **Mkr** | **-2.426** | **-2.518** | **-2.615** | **-2.829** | **-3.044** | **-3.263** | **-3.493** |
| | | | | | | | | |
| **Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu** | Mkr | **533** | **548** | **568** | **618** | **668** | **717** | **767** |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | Mkr | **1.457** | **1.508** | **1.559** | **1.695** | **1.830** | **1.967** | **2.110** |

### Skýringar

- Leigutekjur eru áætlaðar út frá meðalleigutekjum á íbúð og fjölda íbúða í eignasafni, annars vegar fyrir íbúðir í núverandi eignasafni félagsins og hins vegar fyrir nýjar eignir sem keyptar verða á áætlunartímabilinu.
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds.
- Ekki er gert ráð fyrir að bæta þurfi við nýju starfsfólki hjá Félagsbústöðum vegna reksturs nýrra íbúða eða kaupa á nýjum íbúðum.
- Ef FB kemur sjálft að uppbyggingu á nýju húsnæði mun félagið ráða til sín ráðgjafa og e.t.v. starfsfólk til að sinna þróunar-vinnu. Kostnaður vegna þessa verður eignfærður sem hluti af þróunarkostnaði viðkomandi eignar.
- Þegar fyrir liggur útfærsla á eignarhaldi og leigufyrirkomulagi milli Félagsbústaða og Reykjavíkurhúsa mun nánari grein verða gerð fyrir þeim í áætlunum Félagsbústaða.
- Gjöld, önnur en laun og launatengd gjöld, eru áætluð á hverju ári sem hlutfall af tekjum.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald sé 22% af tekjum á hverju ári.
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði 8% af tekjum félagsins út áætlunartímann sem verði fjármagnað 90% með lánum en 10% úr rekstri félagsins.
- Í áætlun er gert ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum.

# MATSBREYTINGAR OG EFNAHAGUR

| Matsbreyting | Eining | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils | Mkr | | 42.125 | 45.326 | 50.319 | 55.069 | 60.275 | 65.675 |
| Breyting á eignasafni | Mkr | | 168 | 2.228 | 2.335 | 2.452 | 2.567 | 2.688 |
| Eignfært viðhald | Mkr | | 250 | 239 | 259 | 279 | 299 | 320 |
| Verðmæti fyrir matsbreytingu | Mkr | | 42.543 | 47.793 | 52.913 | 57.800 | 63.141 | 68.682 |
| Verðmæti eignasafns í lok tímabils | Mkr | | 45.326 | 50.319 | 55.069 | 60.275 | 65.675 | 71.449 |
| Matsbreyting fjárfestingaeigna | Mkr | | 2.783 | 2.526 | 2.156 | 2.475 | 2.534 | 2.767 |
| | | | | | | | | |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði | Mkr | | 1.508 | 1.559 | 1.695 | 1.830 | 1.967 | 2.110 |
| Vaxtagjöld | Mkr | | -961 | -991 | -1.077 | -1.162 | -1.250 | -1.343 |
| Verðbætur langtímalána | Mkr | | -737 | -1.010 | -1.022 | -959 | -951 | -1.012 |
| Matsbreyting fjárfestingaeigna | Mkr | | 2.783 | 2.526 | 2.156 | 2.475 | 2.534 | 2.767 |
| **Hagnaður eftir fjárfestingal. og matsbr** | **Mkr** | | **2.594** | **2.084** | **1.752** | **2.183** | **2.300** | **2.522** |

| Efnahagur í lok tímabils | | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé | Mkr | 12.660 | 15.630 | 18.374 | 20.810 | 23.705 | 26.741 | 30.035 |
| Skuldir | Mkr | 29.465 | 29.696 | 31.945 | 34.260 | 36.570 | 38.933 | 41.414 |
| **Alls** | **Mkr** | **42.125** | **45.326** | **50.319** | **55.069** | **60.275** | **65.675** | **71.449** |

### Skýringar og hugleiðingar

- Skuldir og efnahagur í lok árs 2014 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 9. mánaða uppgjöri.
- Skuldir félagsins vaxa í takt við íbúðakaup og eignfært viðhald en minnka í takt við afborganir lána.
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggð jafngreiðslulán tekin á almennum markaði með 3,8% vöxtum til 50 ára, en það er í samræmi við þau kjör sem félaginu stendur til boða um þessar mundir.
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánum voru framreiknaðir í lánahermi.
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárhlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðsstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir, en hækkun á verðlagi fasteigna felur líka í sér að félagið þarf að greiða sífellt hærra verð fyrir nýjar fasteignir.
- Til að viðhalda sjálfbærni félagsins til lengri tíma þyrfti leiga á nýjum íbúðum að taka mið af þróun á verðlagi íbúða á fasteignamarkaði.
- Það eru hinsvegar takmörk fyrir því hversu háa leigu leigutakar nýrra íbúða geta greitt því eðli málsins samkvæmt eru þeir tekjulágir. Í áætluninni er leiga því hækkuð í takt við breytingar í vísitölu neysluverðs frá árinu 2014, en ekki í takt við breytingar á fasteignaverði
- Ef húsnæðisverð hækkar umfram breytingar á vísitölu neysluverðs (eins og gert er ráð fyrir í sviðsmynd) og félagið stækkar eignasafnið skarpt á sama tímabili, munu leigutekjur nýrra íbúða samkvæmt þessari nálgun ekki standa undir nýjum skulbbindingum. Ef þessi þróun helst óbreytt til lengri tíma hættir félagið að vera sjálfbært og því bíður hægt en öruggt greiðslufall, þó að áhrifa þessa gæti ekki næstu 5 árin.

# SJÓÐSTREYMI

| | Eining | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) | Mkr | 1.457 | 1.508 | 1.559 | 1.695 | 1.830 | 1.967 | 2.110 |
| Vaxtagjöld | Mkr | -924 | -961 | -991 | -1.077 | -1.162 | -1.250 | -1.343 |
| **Veltufé frá rekstri** | **Mkr** | | **548** | **568** | **618** | **668** | **717** | **767** |
| Breyting á rekstrart. eignum/skuldum | Mkr | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **Mkr** | **533** | **548** | **568** | **618** | **668** | **717** | **767** |
| | | | | | | | | |
| Kaup eigna | Mkr | | -210 | -2.451 | -2.569 | -2.697 | -2.824 | -2.956 |
| Sala eigna | Mkr | | 42 | 223 | 234 | 245 | 257 | 269 |
| Eignfært viðhald | Mkr | | -250 | -239 | -259 | -279 | -299 | -320 |
| Breyting á skammtímakröfum | Mkr | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | **Mkr** | | **-418** | **-2.467** | **-2.594** | **-2.731** | **-2.866** | **-3.008** |
| | | | | | | | | |
| Innborgað hlutafé frá Reykjavíkurborg | Mkr | | 45 | 223 | 234 | 245 | 257 | 269 |
| Innborgað hlutafé frá Ríki | Mkr | | 0 | 446 | 467 | 490 | 513 | 538 |
| Afborganir lána | Mkr | -532 | -511 | -545 | -591 | -636 | -677 | -730 |
| Ný lán (íbúðakaup og eignf. viðhald) | Mkr | | 372 | 1.931 | 2.031 | 2.139 | 2.246 | 2.358 |
| Uppgreidd lán (íbúðasala) | Mkr | | -28 | -146 | -148 | -153 | -156 | -159 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **Mkr** | | **-122** | **1.908** | **1.993** | **2.086** | **2.183** | **2.274** |
| | | | | | | | | |
| Breyting á handbæru fé | Mkr | | 7,9 | 8,4 | 17,1 | 23,3 | 33,7 | 34,0 |
| Áætlað handbært fé í lok tímabils | Mkr | -116 | -108,1 | -99,7 | -82,6 | -59,3 | -25,6 | 8,4 |

**Skýringar**

- Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá eiganda og ríki , en eiginfjárframlag vegna eignfærðs viðhalds komi úr rekstri félagsins.
- Innborgað hlutafé frá Reykjavíkurborg verði ríflega 1,2 milljarðar á áætlunartímanum og tæplega 2,5 milljarðar frá ríki.
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum/eignum á tímabilinu.
- Að þessu gefnu styrkist handbært fé félagsins, en verður engu að síður í járnum á áætlunartímanum.
- Ekki ætti að þurfa koma til lántöku til að tryggja félaginu lausafé nema á álagspunktum í kringum árfjórðungslegar afborganir af stórum lánum.
- Sjóðstreymi félagsins er mjög viðkvæmt fyrir breytingum í leiguverði, viðhaldskostnaði og lánskjörum.
    - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisaðgerða.
    - Aukning í gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur strax mikil áhrif á handbært fé félagsins.
    - Aukning í eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapa takmarkarkaðar nýjar tekjur.
    - Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins.
- Til að tryggja jákvætt sjóðstreymi nýrra íbúða þarf árleg leiga þeirra að vera um 7,1% af fjárfestingarkostnaði. Fyrir núverandi eignir í safni félagsins er þetta hlutfall 6,4% m.v. fasteignamat. Þeir leigjendur sem koma inn í nýkeyptar íbúðir hjá félaginu munu samkvæmt þessari áætlun greiða að jafnaði um 11% hærri leigu en þeir viðskiptavinir sem fyrir eru hjá félaginu.

# HELSTU MÆLIKVARÐAR

| | Eining | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afborganir og vextir | Mkr | -1.456 | -1.471 | -1.537 | -1.667 | -1.798 | -1.928 | -2.073 |
| Vaxtaþekja | - | 1,58 | 1,57 | 1,57 | 1,57 | 1,57 | 1,57 | 1,57 |
| Skuldaþekja | - | 1,00 | 1,03 | 1,01 | 1,02 | 1,02 | 1,02 | 1,02 |
| Eiginfjárhlutfall | - | 30,1% | 34,5% | 36,5% | 37,8% | 39,3% | 40,7% | 42,0% |
| | | | | | | | | |
| EBIT án gjaldfærðs viðhalds | Mkr | | 2.158 | 2.259 | 2.453 | 2.646 | 2.843 | 3.048 |
| Vaxtagjöld | Mkr | | 961 | 991 | 1.077 | 1.162 | 1.250 | 1.343 |
| Áætlað viðhald | Mkr | | 668,2 | 718,8 | 770,8 | 822,8 | 876,0 | 931,8 |
| Sjálfbærni | - | | 1,33 | 1,32 | 1,33 | 1,33 | 1,34 | 1,34 |
| Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum | - | 49,2% | 48,0% | 48,3% | 48,4% | 48,4% | 48,4% | 48,7% |
| Gjaldfært viðhald | Mkr | 650 | 650 | 700 | 758 | 817 | 876 | 937 |
| Eignfært viðhald | Mkr | 219 | 250 | 239 | 259 | 279 | 299 | 320 |
| **Alls** | **Mkr** | **869** | **900** | **939** | **1017** | **1095** | **1175** | **1257** |
| | | | | | | | | |
| Gjaldfært viðhald/Tekjur | - | 22,0% | 21,2% | 22,0% | 22,0% | 22,0% | 22,0% | 22,0% |
| (Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Tekjur | - | 29,4% | 29,4% | 29,5% | 29,5% | 29,5% | 29,5% | 29,5% |
| Eignfært viðhald / Efnahagur | - | 0,5% | 0,6% | 0,5% | 0,5% | 0,5% | 0,5% | 0,4% |
| (Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Efnahagur | - | 2,1% | 2,0% | 1,9% | 1,8% | 1,8% | 1,8% | 1,8% |

**Skýringar, hættur, varnaglar og hugleiðingar**

- Sjálfbærni = (EBIT – gjaldfært viðhald) / ((0,9 x skuldir/40) + vaxtagjöld).
- Vaxtaþekja, skuldaþekja og sjálfbærni eru ofan viðmiðunarmarka sem eru 1,4; 0,9 og 1,1 á áætlunartímanum, en eru engu að síður fallandi allan tímann. Eftir að stækkunarátaki lýkur, eftir árið 2019, og stækkun fer aftur niður í 25-30 íbúðir/ári hækka þessir mælikvarðar hins vegar ekki aftur.  Það bendir til að félagið sé komið að þolmörkum hvað varðar skuldsetningu miðað við tekjur.
- Staða félagsins er nokkuð sterk um þessar mundir og því líklegt að því standi til boða fjármögnun á almennum markaði án ábyrgðar frá eiganda á þeim kjörum sem skilgreind eru í áætlun.
- Erfitt getur reynst að finna 500 litlar íbúðir á næstu 5 árum, en það hefur reynst þrautinni þyngra að finna þær 25-30 tveggja herbergja íbúðir sem félagið hefur stefnt að því að kaupa árlega undanfarin ár. Auknar byggingarframkvæmdir í Reykjavík og íbúðaframboð ráða mestu um hvernig til tekst í þeim efnum.  Ef illa gengur að finna íbúðir til kaups, á félagið auðvelt með að skipuleggja nýframkvæmdir og byggja hús til eigin nota fái það til þess lóðir.
- Haldi íbúðaverð áfram að hækka jafn skarpt og verið hefur undanfarið, gæti þurft að líta til þess að jafna leiguverði til viðskiptavina félagsins. Hækkun á fasteignaverði umfram vísitölu neysluverðs gerir það að verkum að nýjar íbúðir félagsins eru mun dýrari í innkaupum en eldri eignir. Sé gengið út frá því að hver íbúð félagsins sé sjálfbær verður leiga á nýjum íbúðum að vera hærri en á eldri eignum.
- Eldri eignir félagsins eru yfirleitt leigðar út á mjög hagstæðu verði. Innan tíðar gæti því þurft að taka til skoðunar hvort ekki sé rétt að stuðla að auknum jöfnuði milli leigutaka félagsins með því að ákvarða leiguverð íbúða óháð því hvenær þær voru keyptar.

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Þjónustutekjur | 1.190.000 |
| **Tekjur samtals** | **1.190.000** |
| Laun og launatengd gjöld | 270.000 |
| Annar rekstarkostnaður | 835.000 |
| Afskriftir | 63.000 |
| **Gjöld samtals** | **1.168.000** |
| Fjármagnsliðir | 5.000 |
| **Rekstarniðurstaða** | **17.000** |

## MEGINÁHERSLUR 2015 OG BREYTINGAR MILLI ÁRA

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum milli áranna 2014 og 2015. Framleiðsla bæði Grjótmulningsstöðvar og Malbikunarstöðvar árið 2014 verður með því lægsta frá því að Malbikunarstöðin Höfði var stofnuð. Fara þarf aftur til ársins 1969 til að finna jafn lágar framleiðslutölur malbiks á höfuðborgarsvæðinu. Allt stefnir í að útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins verði einnig með því minnsta frá stofnun fyrirtækisins. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2015 verði örlítið betri, en þó bendir fátt til þess að framboð verkefna aukist að einhverju marki. Reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún er 2014.

Forgangsatriði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma og framtíðarstaðsetning ákveðin. Einnig er mikilvægt að dýpka innsiglingu og snúningssvæði skipa við Ártúnshöfn svo skip með *asfalt* farma til fyrirtækisins geti lagst að bryggju. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið við að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

## FRAMTÍÐARSÝN

Fyrirtækið starfar á útboðs- og samkeppnismarkaði og velta þess og afkoma ræðst af markaðsaðstæðum og hagsveiflu hverju sinni. Á næstu árum virðast stórar framkvæmdir á vegum ríkisins ekki í augsýn á höfuðborgarsvæðinu. Fjárframlög til viðhalds slitlaga mun einnig standa í stað á næsta ári. Ekki eru heldur horfur á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu muni auka framlög til malbiksframkvæmda á næsta ári. Nýbyggingar vega og gatna verða áfram í lágmarki, en meiri óvissa er varðandi hefðbundnar yfirlagnir, einkum þegar til lengri tíma er litið. Allt bendir til þess að einkaaðilar muni einnig halda að sér höndum og lítið er um stór verkefni á þeirra vegum í augsýn. Gera má ráð fyrir því að mjög hart verði barist um þau verkefni sem til falla. Engu að síður er vonast til að úr rætist smátt og smátt frá og með næsta ári, en það mun taka nokkur ár áður en hægt er að reikna með að malbiksframleiðsla nálgist meðalframleiðslu áranna 1997-2009.

## FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2015 og líklegt er að þær verði svipaðar og undanfarin tvö ár. Hugað verður að hagkvæmum leiðum til að verja steinefni gegn raka, en engar ákvarðanir hafa verið teknar í því sambandi. Á næstu árum þarf að huga að uppsetningu blöndunarbúnaðar fyrir ýmis íblöndunarefni til að ná fram meiri gæðum í framleiðslu fyrirtækisins. Á næstu árum mun koma að því að endurnýja þurfi hluta af framleiðslutækjum og hluta af tækjum og jafnvel vörubílum fyrirtækisins. Þá þarf að fylgjast með nýjungum á markaði og bregðast við þeim. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

## FJÁRÞÖRF

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa, en til þess gæti komið á næsta ári, ef ekki rofar til í rekstrarumhverfi þess. Verði ákveðið að fara í fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

# Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

## LEIÐARLJÓS

**Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 2.353.789 |
| **Tekjur samtals** | **2.353.789** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.798.146 |
| Annar rekstrarkostnaður | 365.586 |
| Afskriftir | 90.771 |
| **Gjöld samtals** | **2.254.503** |
| Fjármunatekjur/(gjöld) | (23.823) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **56.426** |

## MEGINÁHERSLUR 2015 OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Helsti óvissuþáttur við gerð fjárhagsáætlana seinustu þriggja ára hefur verið óvissa um hvort samningar tækjust við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Þann 7. nóvember síðastliðinn var skrifað undir nýjan sex ára samning og um leið var gert samkomulag um uppgjör fyrir árin 2012-2014. Með þessum nýja samning er mikilli óvissu eytt um framtíðarrekstur SHS.

Aðrar stórar breytingar sem hófust í lok árs 2014 og koma til með að taka nokkur ár eru áform um að sameina dótturfélag SHS, SHS fasteignir móðurfélaginu. Í lok árs 2014 keypti SHS þrjár slökkvistöðvar af fjórum af dótturfélaginu og stefnt er að því að kaupa þá fjórðu í lok árs 2016 og um leið sameina dótturfélagið SHS.

Áætlun SHS fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir magnbreytingum vegna nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Rekstrar– og fjárfestingarframlög eigenda á árinu taka nú mið af fjórum slökkvistöðvum í stað þriggja áður. Gert er ráð fyrir að starfsfólki fjölgi en áhersla verður lögð á að fjölga dagvinnumönnum og þannig breyta fyrirkomulagi mönnunar á stöðvum. Slíkt þarf að staðfesta af Mannvirkjastofnun með samþykki hennar á brunavarnaáætlun skv. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, en ný brunavarnaáætlun verður lögð fyrir Mannvirkjastofnun á árinu 2015.

Áhrifa af nýju slökkvistöðinni gætir því bæði í starfsmannakostnaði sem og öðrum rekstrarkostnaði, s.s. vegna húsnæðis og búnaðar. Hækkun rekstrargjalda milli ára er því annars vegar vegna magnbreytinga og hins vegar samkvæmt áætlaðri verðlagsþróun. Launakostnaður er 80% rekstrargjalda SHS fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og því gætu frávik frá áætlaðri breytingu á launavísitölu haft talsverð áhrif á rekstrarniðurstöðuna, en kjarasamningar slökkviliðsmanna eru lausir 1. maí 2015.

## FRAMTÍÐARSÝN

Þjónustusvæði SHS nær til sveitarfélaganna sex sem standa sameiginlega að rekstri liðsins, frá Hvalfjarðarbotni í norðri, til Straumsvíkur í suðri og Bláfjallasvæðisins í austri. Frá árinu 2006 hefur legið fyrir að fjöldi og núverandi staðsetningar slökkvistöðvanna á höfuðborgarsvæðinu dygðu ekki til þess að uppfylla mætti kröfur um viðbragðstíma á öllu svæðinu. Í byrjun árs 2015 verður langþráður draumur að veruleika þegar fjórða slökkvistöðin á höfuðborgarsvæðinu verður tekin í notkun.

Jafnframt hefur verið ákveðið að finna betri staðsetningu í stað slökkvistöðvarinnar á Tunguhálsi svo betur verði hægt að þjónusta efstu byggðir í Breiðholti og Kópavogi. Verður það helsta verkefni næstu missera.

# FJÁRFESTINGAR

Í 11. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins er kveðið á um framlag í fjárfestingarsjóð, til þess að tryggja eðlilega endurnýjun á fjárfestingum liðsins, þ.e. slökkvibifreiðum og öðrum nauðsynlegum björgunarbúnaði og tækjakosti. Framlagið tekur mið af gengi SDR. Fyrir árið 2015 hækkar framlag eigenda um tæplega 26 mkr og fer í rúmar 112 mkr. Í hagræðingarskyni og í samræmi við áætlun um bifreiðakaup hefur nú verið ákveðið að skera niður framlag eigenda í fjárfestingasjóð um 60 mkr.

Nauðsynlegt er að kaupa nýja slökkvibifreið fljótlega vegna nýrrar slökkvistöðvar og endurnýja eldri bifreiðar, sem flestar eru komnar vel til ára sinna. Undirbúningsvinna er hafin að því að panta nýjar bifreiðar en gert er ráð fyrir því að þetta ferli taki nokkur ár bæði sökum kostnaðar og einnig er afhendingartími langur.

Gert er ráð fyrir að SHS fasteignir, sem er dótturfélag Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), afhendi SHS nýja slökkvistöð til leigu í byrjun árs 2015. SHS þarf að leggjast í nokkrar fjárfestingar til að kaupa húsgögn og ýmis tæki og búnað fyrir nýju slökkvistöðina við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

# FJÁRÞÖRF

| *Fjárhæðir í þús.kr.* | Áætlun 2015 | Áætlun 2014 | Breytingar í þús. króna |
|---|---|---|---|
| Rekstrarframlag vegna SHS | 807.184 | 775.866 | 31.318 |
| Framlag vegna AHS | 3.963 | 3.827 | 136 |
| Samtals framlag vegna SHS og AHS | **811.147** | **779.693** | **31.454** |

# Strætó bs

## LEIÐARLJÓS

**Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem félaginu er settur og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara.**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

| Fjárhæðir í þús.kr. | Áætlun 2015 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 6.660.145 |
| **Tekjur samtals** | **6.660.145** |
| Laun og launatengd gjöld | 1.750.051 |
| Annar rekstarkostnaður | 4.643.612 |
| Afskriftir | 190.000 |
| **Gjöld samtals** | **6.583.663** |
| Fjármunatekjur/(gjöld) | (10.000) |
| **Rekstarniðurstaða** | **66.482** |

## MEGINÁHERSLUR 2015 OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

**Helstu breytingar á milli ára**

Gert er ráð fyrir að að fargjaldatekjur hækki um 131 mkr milli ára eða um 9%. Ekki er gert ráð fyrir að framlag eigenda hækki umfram verðlag. Í frumvarpi til fjárlaga 2015 er gert ráð fyrir að framlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu lækki á milli ára. Ef það gengur eftir lækkar framlagið til Strætó um 16,5 mkr 2015.

Fyrirhugað er að akstur á álagstímum, þ.e. á morgnana og seinnipart dags, verði aukinn til að koma til móts við fjölgun farþega. Einnig er gert ráð fyrir að akstur á sunnudögum og öðrum rauðum dögum verði aukinn um tvær klst., þ.e. að akstur hefjist kl. 9:30 í stað 11:30. Áætlaður kostnaður vegna þessa breytinga á akstri er 175 mkr. Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna gjaldaliða, þar vegur launakostnaður langþyngst. Niðurgreiðsla endurgreiðsluolíugjalds hækkar olíukostnað um 63 mkr 2015 en á móti er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður vagna lækki um 85 mkr, með tilkomu nýju vagnanna, þ.e. minni viðhaldskostnaður og minni olíueyðsla.

**Helstu verkefni Strætó 2015**

Í byrjun árs 2015 mun Strætó taka við umsjón með öllum akstri fyrir fatlað fólks og eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu, fyrir utan Kópavog. Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum vegna þessa umfram það sem gert er ráð fyrir í samningum.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 100 mkr í upplýsingatækni 2015, þar vega þyngst; kaup á búnaði vegna rafrænna farþegatalninga fyrir um 30 mkr. Á móti er gert ráð fyrir að hætta núverandi talningum sem kostar um 15 mkr árlega árið 2016, halda áfram með þróun á rafrænum greiðslumiðli (Mobil ticking) og er kostnaður vegna þess áætlaður 25 mkr. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna nýrrar heimasíðu og uppfærslu á rauntímaupplýsingum verði 30 mkr og loks er gert ráð fyrir að fjárhagskerfi , launakerfi og mannauðskerfi Strætó verði uppfært og er áætlaður kostnaður vegna þess um 5 mkr.

Að lokum er gert ráð fyrir að ráðist verði í viðamiklar endurbætur á húsnæði félagsins í Mjódd, áætluð fjárfesting vegna þess er um 45 mkr.

## FJÁRFESTINGAR

Áætlun 2015 gerir ráð fyrir að átta nýir strætisvagnar verði keyptir og kostnaður vegna þess verði 266 mkr. Í frumvarpi til fjárlaga 2015 er einnig gert ráð fyrir fella niður endurgreiðslu á 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa almenningsvagna, sem mun leiða til þess að fjárfesting í átta nýjum vögnum hækkar um 54 mkr og verður um 320 mkr en ekki 266 mkr eins og áætlun gerir ráð fyrir.

Einnig er gert ráð fyrir að fjárfest verði í upplýsingatækni fyrir 100 mkr og í húsnæði félagsins fyrir 45 mkr eins og fram hefur komið.

## FJÁRÞÖRF

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2015.

# SORPA bs.

## Rekstraráætlun 2015 -2019




**Samþykkt í stjórn SORPU bs., 10. október 2014**

**EFNISYFIRLIT.**


Greinargerð........................................................................... 5
Rekstrarreikningur.................................................................... 11
Efnahagsreikningur.................................................................... 12
Skuldir og eigið fé.................................................................... 13
Sjóðsstreymi.......................................................................... 14
Rekstur endurvinnslustöðva............................................................ 17

# Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2015 – 2019 samþykkt á stjórnarfundi þann 10. október 2014.

## FORSENDUR

Á eigendafundi þann 1. september sl. voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur, gjaldskrárbreytingar, afkomu, fjárfestingar og lántöku. Almennar ytri forsendur komu fram í bréfi frá SSH dagsettu 11. ágúst 2014. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2015 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2015 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2014 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2014. Áfram er gert ráð fyrir að blátunnuefni berist SORPU.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2014. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2015 og útkomuspá fyrir árið 2014 segir til um. Fram til 2016 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Starfsmönnum á endurvinnslustöðvum hefur verið fjölgað á árinu 2014 um þrjá en í áætlun fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir fjölgun um fjóra starfsmenn. Frekari fjölgun starfsmanna er frestað til síðari tíma og verður það skoðað í ljósi reynslu næstu mánaða. Gert er ráð fyrir að halda áfram að auka fræðslu meðal starfsmanna SORPU bs og gert ráð fyrir að heimsóknum starfsmanna erlendis til að kynna þeim það nýjasta í meðhöndlun úrgangs. Á árinu 2014 var gert ráð fyrir 6 milljónum í það verkefni og er gert ráð fyrir sömu upphæð á árinu 2015.

Allir afslættir hjá fyrirtækinu voru aflagðir í febrúar 2013 og er ekki gert ráð fyrir að afsláttarfyrirkomulag verði tekið upp aftur. Var þetta m.a. gert til að fjármagna byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Þó er rétt að hafa í huga að sú ákvörðun stjórnar að fella niður afslættina hefur einnig verið kærð til Samkeppniseftirlits og er þar í meðferð.

Áætlun 2016 – 2019 er gerð á föstu verðlagi ársins 2015

## FJÁRFESTINGAR

### *Álfsnes*

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 2,7 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi auk tengdra framkvæmda í móttökustöð í Gufunesi. Frekari undirbúningur hefur staðið yfir frá því eigendasamkomulag var undirritað um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 25. október 2013. Fyrir liggur samþykkt eigenda á eigendafundi um framhald verkefnisins. Í áætluninni er gert ráð fyrir að undirbúningur framkvæmda hefjist árið 2014 en þeim ljúki árið 2016 og að verkið verði framkvæmt í einum áfanga. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um fjármögnun verkefnisins heldur verður fármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 650 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2015 og 2016. <u>Til að áætlanir um fjármögnun af rekstri geti gengið eftir þarf að hækka gjaldskrá umfram vísitölu og er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir úrgang til urðunar hækki um 1,00 kr/kg (án vsk) í byrjun árs 2015.</u> Gert er ráð fyrir að slík hækkun skili um 100 milljónum í auknar tekjur á ári. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

| **Fjármögnun** | **Ár** | | | **SAMTALS** |
|---|---|---|---|---|
| | **2014** | **2015** | **2016** | |
| Stofnfé | | 300 | 350 | **650** |
| Langtíma lántaka | | 370 | 300 | **670** |
| Skammtíma lántaka | | 400 | | **400** |
| Af rekstri | 160 | 720 | 120 | **1.000** |
| **SAMTALS** | **160** | **1.790** | **770** | **2.720** |

Í áætluninn er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árið 2015 verði greidd upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2014 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 og 2014.

Á árunum 2017 – 2019 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, nýútkominni landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.



## Gufunes

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2015 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari forvinnslu s.s. flokkunar, mölunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á föstum og hreyfanlegum vinnutækjum auk þess sem ætlunin er að bæta aðstöðu við lestun pappírsgáma en það er verkefni sem hefur verið frestað í þrígang vegna annarra mikilvægra verkefna.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.



## Endurvinnslustöðvar

Árið 2014 og 2015 er gert ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Ánanaustum verði stækkuð og þar komið fyrir nýrri móttöku fyrir skilagjaldskyldar umbúðir. Endurvinnslustöðin að Blíðubakka í Mosfellsbæ verður einnig stækkuð og komið fyrir bættri aðstöðu við móttöku og handflokkun skilagjaldskyldra umbúða. Gert er ráð fyrir að hafin verði undirbúningur að byggingu nýrrar stöðvar á norðursvæði höfuðborgarsvæðisins árið 2017, stöðin byggð árið 2018 og tekin í notkun árið 2019.

## REKSTUR

### *Tekjur*

Árin 2014 og 2015 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2016 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2015 – 2018 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### *Gjöld*

Í áætlun ársins 2015 er gert ráð fyrir þeim þekktu launabreytingum sem þegar hefur verið samið um – sé launabreyting ekki þekkt s.k. kjarasamningi eru forsendur SSH um þróun launavísitölu notuð sem áætlun um breytingu á launakostnaði. Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár en tekjur af innheimtu hafa nánast staðið í stað. Nýjum starfsmönnum hefur verið bætt við m.a. til að auka skilvirkni innheimtu. Nýjum stafsmönnum hefur verið dreift á þær endurvinnslustöðvar þar sem álag er mest og þörf er mest af öryggisástæðum. Gert er ráð fyrir að þessi fjölgun starfsmanna bæti innheimtu sérstaklega frá fyrirtækjum sem nýta þjónustu endurvinnslustöðvanna. Einnig er gert ráð fyrir að s.k. inneignarkort sem tekin voru í notkun á árinu 2014 skili auknum tekjum á komandi árum.



Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvana standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemmu fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin i notkun á Breiðhellu í Hafnarfirði. Unnið er að uppsetningu svipaðrar lausnar á Ánanaustum í Reykjavík. Við breytt fyrirkomulag er ljóst að tekjur endurvinnslustöðvanna munu eitthvað lækka en heildaráhrifin koma í ljós á nýju ári.

Nokkur óvissa ríkir um áhrif breytts fyrirkomulags við móttöku, meðhöndlun og eyðingu raftækja en nýtt fyrirkomulag tekur gildi um næstu áramót þar sem málaflokkurinn flyst til Úrvinnslusjóðs í stað skilakerfa raftækja. Við gerð áætlunarinnar er upphæð úrvinnslugjalds ekki ljóst og því er nokkur óvissa um hver áhrifin verða á rekstur endurvinnslustöðvanna. Í áætluninni er gert ráð fyrir að breytingin verði endurvinnslustöðvunum að skaðlausu.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum í móttöku skilagjaldsskyldra umbúða eftir árið 2015. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. SORPA er með samning við verktaka sem rennur út í febrúar á næsta ári og er unnið að undirbúningi útboðs vegna þessa. Einhverjar breytingar verða á grenndargámakerfinu, gámum fyrir pappír og pappa fækkað en líklega tekin upp söfnun á gleri. Áhrif vegna þessa breytta fyrirkomulags eru óljós.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný endurvinnslustöð á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins eins og áður hefur komið fram. Á móti er gert ráð fyrir að aflagðar verði ein eða tvær stöðvar á móti. Verkefnið er áætlað árið 2018 og eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur.

Ný rein á urðunarstaðnum var tekin í notkun árið 2011 og hefur kostnaður við gerð hennar verið gjaldfærður eftir notkun. Gert er ráð fyrir að árið 2014 verði 30 milljónir gjaldfærðar vegna þessa og það sé síðasti hluti þessa fyrirframgreidda kostnaðar. Eigi síðar en árið 2016 þarf að fara í nýja rein og er gert ráð fyrir að gjaldfæra 50 milljónir árið 2016 og árið 2017 vegna þessa.

Á tímabilinu verður þjónusta við móttökustöðina boðin út sem og þjónusta í Álfsnesi. Breytt vinnslufyrirkomulag í Gufunesi og gasgerð í stað urðunar leiðir til nýrra kostnaðarþátta en á móti er gert ráð fyrir að hægt sé að lækka annan kostnað. Því er almennt ekki gert ráð fyrir að almennur rekstarkostnaður byggðasamlagsins hækki.

## SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

| Liður | Útkomuspá | Áætlunarár | | | | | Viðmið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | |
| Framlegð/tekjur | 12,2% | 17,5% | 17,4% | 19,5% | 19,7% | 21,5% | > 15% |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 13,6% | 17,1% | 17,1% | 18,8% | 19,1% | 21,0% | > 7,5% |
| Heildarskuldir/reglulegar tekjur | 30,9% | 52,2% | 52,1% | 40,1% | 44,3% | 41,4% | < 150% |
| Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár) | 335 | 665 | 858 | 947 | 922 | 1.036 | jákvætt |

Skyggðu reitirnir sýna niðurstöðu þar sem viðmiðum er ekki fullnægt, en rétt er að horfa á alla þætti saman, við mat á því hvort skilyrðum í heild sé fullnægt.

# Rekstrarreikningur áætlun 2015 - 2019

| Rekstrartekjur | Ársreikningur 2013 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 2.410.139.054 | 1.269.914.815 | 2.716.388.298 | 2.954.964.790 | 3.006.956.399 | 3.193.039.876 | 3.246.356.355 | 3.301.812.631 |
| Aðrar tekjur | 19.254.167 | 10.042.877 | 15.850.894 | 16.336.000 | | | | |
| | 2.429.393.221 | 1.279.957.692 | 2.732.239.192 | 2.971.300.790 | 3.006.956.399 | 3.193.039.876 | 3.246.356.355 | 3.301.812.631 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld | 658.493.752 | 331.922.745 | 703.810.781 | 807.744.105 | 827.129.964 | 847.808.213 | 867.731.706 | 888.123.401 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.525.764.376 | 839.485.814 | 1.694.409.195 | 1.643.237.445 | 1.658.026.582 | 1.722.948.821 | 1.738.455.361 | 1.703.651.459 |
| Afskriftir | 140.713.299 | 73.644.372 | 147.195.956 | 139.339.746 | 224.170.000 | 293.720.000 | 293.760.000 | 289.650.000 |
| | 2.324.971.427 | 1.245.052.931 | 2.545.415.932 | 2.590.321.296 | 2.709.326.546 | 2.864.477.034 | 2.899.947.067 | 2.881.424.860 |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 104.421.794 | 34.904.761 | 186.823.260 | 380.979.493 | 297.629.853 | 328.562.842 | 346.409.288 | 420.387.771 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og arður, gengismunur | 9.829.141 | 758.402 | 10.000.000 | 10.900.000 | 11.000.000 | 11.200.000 | 11.400.000 | 11.400.000 |
| Vaxtagjöld og verðbætur og gengismunur | ( 15.101.367) | 30.018.858 | 20.000.000 | ( 40.770.000) | ( 18.800.000) | ( 34.100.000) | ( 31.000.000) | ( 28.000.000) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 2.483.676) | 0 | | | | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 7.755.902) | 30.777.260 | 30.000.000 | ( 29.870.000) | ( 7.800.000) | ( 22.900.000) | ( 19.600.000) | ( 16.600.000) |
| **Hagnaður ársins** | 96.665.892 | 65.682.021 | 216.823.260 | 351.109.493 | 289.829.853 | 305.662.842 | 326.809.288 | 403.787.771 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Ársreikningur 2013 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | | | | |
| Gufunes móttökustöð | 432.085.288 | 410.600.884 | 389.116.478 | 657.314.335 | 811.145.525 | 791.424.389 | 810.503.253 | 928.382.117 |
| Álfsnes urðunarstöð/svæðisáætlun | 317.545.415 | 328.685.228 | 406.759.958 | 1.909.837.325 | 2.475.030.222 | 2.383.796.982 | 2.260.498.700 | 2.141.609.054 |
| Gufunes vélar og tæki | 234.404.193 | 261.491.425 | 256.397.564 | 247.217.654 | 234.458.627 | 217.128.063 | 198.022.541 | 194.564.598 |
| Endurvinnslustöðvar | 452.161.060 | 471.803.785 | 521.726.000 | 591.430.686 | 590.995.626 | 590.560.566 | 840.125.506 | 889.944.231 |
| | 1.436.195.956 | 1.472.581.322 | 1.574.000.000 | 3.405.800.000 | 4.111.630.000 | 3.982.910.000 | 4.109.150.000 | 4.154.500.000 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 | 21.575.248 |
| Langtímakröfur | 0 | 0 | | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bundnar bankainnistæður | 29.484.097 | 33.179.828 | 36.884.097 | 45.084.097 | 53.384.097 | 61.884.097 | 70.784.097 | 79.784.097 |
| | 51.059.345 | 54.755.076 | 58.459.345 | 66.659.345 | 74.959.345 | 83.459.345 | 92.359.345 | 101.359.345 |
| **Fastafjármunir** | 1.487.255.301 | 1.527.336.398 | 1.632.459.345 | 3.472.459.345 | 4.186.589.345 | 4.066.369.345 | 4.201.509.345 | 4.255.859.345 |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 132.525.073 | 167.982.675 | 208.330.000 | 231.300.000 | 234.100.000 | 240.600.000 | 252.600.000 | 257.000.000 |
| Aðrar kröfur | 9.277.352 | 5.679.058 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Kröfur á tengd félög | 116.661.306 | 154.876.556 | 130.000.000 | 142.200.000 | 143.900.000 | 147.900.000 | 155.280.000 | 158.000.000 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 15.000.000 | 7.500.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé: | | | | | | | | |
| Bankainnstæður | 318.276.650 | 466.320.648 | 541.785.117 | 69.298.244 | 49.808.098 | 222.040.939 | 595.890.227 | 939.347.998 |
| **Veltufjármunir** | 591.740.381 | 802.358.937 | 885.115.117 | 447.798.244 | 432.808.098 | 615.540.939 | 1.008.770.227 | 1.359.347.998 |
| **Eignir samtals** | 2.078.995.682 | 2.329.695.335 | 2.517.574.462 | 3.920.257.589 | 4.619.397.443 | 4.681.910.284 | 5.210.279.572 | 5.615.207.343 |

# 31. desember ár hvert

## Skuldir og eigið fé

| | Ársreikningur 2013 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | | | | |
| Stofnfé | 336.962.569 | 336.962.569 | 336.962.569 | 636.962.569 | 986.962.569 | 986.962.569 | 986.962.569 | 986.962.569 |
| Stofnfé - endurvinnslustöðvar | 274.811.073 | 288.063.893 | 304.198.438 | 346.735.372 | 390.425.372 | 434.575.372 | 479.175.372 | 549.275.372 |
| Óráðstafað eigið fé | 816.549.721 | 878.527.837 | 1.033.372.981 | 1.384.482.474 | 1.674.312.328 | 1.979.975.169 | 2.306.784.457 | 2.710.572.228 |
| **Eigið fé samtals** | 1.428.323.363 | 1.503.554.299 | 1.674.533.988 | 2.368.180.415 | 3.051.700.269 | 3.401.513.110 | 3.772.922.398 | 4.246.810.169 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 322.461.093 | 444.272.793 | 131.333.776 | 454.227.700 | 691.877.700 | 630.047.700 | 576.577.700 | 525.039.700 |
| Skuldir vegna endurvinnslustöðva | | | 278.491.224 | 244.269.000 | 200.119.000 | 155.519.000 | 335.419.000 | 309.799.000 |
| Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað | 31.100.474 | 34.927.642 | 38.500.474 | 46.700.474 | 55.000.474 | 63.500.474 | 72.400.474 | 81.400.474 |
| **Langtímaskuldir** | 353.561.567 | 479.200.435 | 448.325.474 | 745.197.174 | 946.997.174 | 849.067.174 | 984.397.174 | 916.239.174 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | |
| Bankalán | 0 | 0 | 0 | 400.000.000 | 200.000.000 | 0 | | |
| Viðskiptaskuldir | 134.318.941 | 132.979.295 | 211.000.000 | 206.700.000 | 208.500.000 | 216.600.000 | 218.600.000 | 214.200.000 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 98.966.006 | 140.446.291 | 106.000.000 | 103.200.000 | 105.700.000 | 108.300.000 | 110.800.000 | 110.800.000 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 63.825.805 | 73.515.015 | 77.715.000 | 96.980.000 | 106.500.000 | 106.430.000 | 123.560.000 | 127.158.000 |
| **Skammtímaskuldir** | 297.110.752 | 346.940.601 | 394.715.000 | 806.880.000 | 620.700.000 | 431.330.000 | 452.960.000 | 452.158.000 |
| **Skuldir samtals** | 650.672.319 | 826.141.036 | 843.040.474 | 1.552.077.174 | 1.567.697.174 | 1.280.397.174 | 1.437.357.174 | 1.368.397.174 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 2.078.995.682 | 2.329.695.335 | 2.517.574.462 | 3.920.257.589 | 4.619.397.443 | 4.681.910.284 | 5.210.279.572 | 5.615.207.343 |

# Sjóðstreymi 2014 - 2018

| Handbært fé frá rekstri | Ársreikningur 2013 | Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 | Áætlun 2016 | Áætlun 2017 | Áætlun 2018 | Áætlun 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frá rekstri: | | | | | | | | |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | 96.665.892 | 61.978.116 | 216.823.260 | 351.109.493 | 289.829.853 | 305.662.842 | 326.809.288 | 403.787.771 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | | |
| Afskriftir | 140.713.299 | 73.644.372 | 147.195.956 | 139.339.746 | 224.170.000 | 293.720.000 | 293.760.000 | 289.650.000 |
| Sölu(hagnaður)/tap fastafjármuna | (215.471) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 2.483.676 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | |
| Verðb. og gengism. af eignum og skuldum | 7.304.134 | 2.962.398 | 7.488.031 | 16.363.810 | 0 | 0 | | |
| | 246.951.530 | 138.584.886 | 371.507.247 | 506.813.049 | 513.999.853 | 599.382.842 | 620.569.288 | 693.437.771 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) | (8.437.088) | (62.574.558) | (69.866.269) | (35.170.000) | (4.500.000) | (10.500.000) | (19.380.000) | (7.120.000) |
| Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) | (69.611.691) | 40.140.639 | 83.715.053 | (7.100.000) | 4.300.000 | 10.700.000 | 4.500.000 | (4.400.000) |
| | (78.048.779) | (22.433.919) | 13.848.784 | (42.270.000) | (200.000) | 200.000 | (14.880.000) | (11.520.000) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 168.902.751 | 116.150.967 | 385.356.031 | 464.543.049 | 513.799.853 | 599.582.842 | 605.689.288 | 681.917.771 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Fjárfest í Gufunesi | (120.081.880) | (50.601.608) | (70.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) | (35.000.000) | (35.000.000) | (45.000.000) |
| Fjárfest í flokkun | | | | (230.000.000) | (200.000.000) | (30.000.000) | (30.000.000) | (30.000.000) |
| Fjárfest í gasgerðarlausn | | (25.723.115) | (120.000.000) | (1.506.000.000) | (610.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) | (45.000.000) |
| Fjárfest í lóð | | | | (50.000.000) | | | | |
| Fjárfest í gashreinsistöð og varabirgðum | | | | (35.000.000) | (35.000.000) | (35.000.000) | | |
| Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur | | | | | (10.000.000) | (10.000.000) | (50.000.000) | (150.000.000) |
| Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun | (107.520.849) | (13.844.760) | (25.000.000) | (35.000.000) | (30.000.000) | (10.000.000) | (10.000.000) | (15.000.000) |
| Fjárfest í Endurvinnslustöðvum | (2.900.398) | (19.860.254) | (70.000.000) | (70.139.746) | | | (250.000.000) | (50.000.000) |
| Söluverð fastafjármuna | 1.015.000 | 0 | 0 | | | | | |
| Breyting langtímakrafna | 3.931.790 | 0 | 0 | | | | | |
| Breyting bundinna innstæðna | (6.674.747) | (3.353.545) | (7.400.000) | (8.200.000) | (8.300.000) | (8.500.000) | (8.900.000) | (9.000.000) |
| Fjárfest í eignarhlutum | 0 | 0 | | | | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | (232.231.084) | (113.383.282) | (292.400.000) | (1.979.339.746) | (938.300.000) | (173.500.000) | (428.900.000) | (344.000.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Ábyrgðargjald v/urðunarstaða | 6.612.421 | 3.484.982 | 7.400.000 | 8.200.000 | 8.300.000 | 8.500.000 | 8.900.000 | 9.000.000 |
| Ný langtímalán vegna SORPU bs. | 178.342.594 | | | 370.000.000 | 300.000.000 | | | |
| Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðvanna | | 160.000.000 | 160.000.000 | | | | 250.000.000 | 50.000.000 |
| Greiddar afborganir langtímalána | (56.687.157) | (31.461.489) | (66.234.929) | (78.427.110) | (96.980.000) | (106.500.000) | (106.440.000) | (123.560.000) |
| Skammtíma bankalán | | | | 400.000.000 | (200.000.000) | (200.000.000) | | |
| Stofnfjáraukning vegna endurvinnslustöðva | 26.003.559 | 13.252.820 | 29.387.365 | 42.536.934 | 43.690.000 | 44.150.000 | 44.600.000 | 70.100.000 |
| Stofnfjáraukning vegna gasgerðarstöðvar | | | | 300.000.000 | 350.000.000 | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 154.271.417 | 145.276.313 | 130.552.436 | 1.042.309.824 | 405.010.000 | (253.850.000) | 197.060.000 | 5.540.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 90.943.084 | 148.043.998 | 223.508.467 | (472.486.873) | (19.490.147) | 172.232.842 | 373.849.288 | 343.457.771 |
| Handbært fé í byrjun tímabils | 227.333.566 | 318.276.650 | 318.276.650 | 541.785.117 | 69.298.244 | 49.808.098 | 222.040.939 | 595.890.227 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 318.276.650 | 466.320.648 | 541.785.117 | 69.298.244 | 49.808.098 | 222.040.939 | 595.890.227 | 939.347.998 |

# REKSTRARÁÆTLUN

# 2015

# ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

**Rekstráráætlun 2014**

Sundurliðanir með áætlun - einstakar deildir

**Deild 50 Endurvinnslustöðvar**

| | Ársreikningur 2013 | Áætlun 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Laun og launatengd gjöld** | **182.785** | **225.898** | **196.546** | **235.617** |
| Laun | 147.749 | 178.609 | 156.978 | 186.742 |
| Launatengd gjöld | 35.036 | 47.289 | 39.568 | 48.875 |
| **Annar starfsmannakostnaður** | **4.696** | **9.296** | **5.813** | **7.939** |
| Annar starfsmannakosntaður | 4.696 | 9.296 | 5.813 | 7.939 |
| **Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs** | **377.796** | **375.571** | **415.789** | **435.371** |
| Eyðingargjöld | 210.194 | 218.610 | 237.282 | 246.963 |
| Flutningar | 103.052 | 95.278 | 117.318 | 121.306 |
| Véla og gámaleiga | 51.267 | 53.230 | 54.122 | 55.963 |
| Innlend útboðsverk | | | | |
| Rekstrarvörur | 120 | | 700 | 300 |
| Landleiga og urðunargjald | | | | |
| Innlend tækniaðstoð | 7.408 | 3.000 | 3.779 | 7.907 |
| Erlend tækniaðstoð | | | | |
| Viðhald véla og tækja | 5.285 | 5.203 | 2.448 | 2.532 |
| Tryggingar véla og tækja | 44 | | | |
| Rannsóknarkostnaður og eftirlit | 426 | 250 | 140 | 400 |
| **Rekstur húsnæðis og lóðar** | **34.619** | **44.401** | **33.490** | **36.607** |
| Húsaleiga | 1.766 | | | |
| Rafmagn og hiti | 3.911 | 6.711 | 5.646 | 5.837 |
| Viðhald og rekstur húsnæðis | 2.661 | 4.545 | 6.000 | 7.200 |
| Viðhald lóðar | 9.984 | 11.930 | 5.924 | 7.109 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga | 4.464 | 4.637 | 4.611 | 4.768 |
| Snjómokstur / hálkueyðing | 2.013 | 3.132 | 1.879 | 1.943 |
| Hreinlætiskostnaður | | 7.147 | | |
| Annar húsnæðiskostnaður | 9.820 | 6.299 | 9.430 | 9.750 |
| Viðhald fasteigna og útivsvæðis | | | | |
| Öryggisgæsla | | | | |
| **Markaðs- og sölukostnaður** | **379** | **6.204** | **5.000** | **5.411** |
| Auglýsingar | 212 | 3.818 | 2.485 | 2.948 |
| Styrktarauglýsingar | 110 | 114 | 15 | 114 |
| Kynningarkostnaður/sölulaun | 57 | 2.272 | 2.500 | 2.349 |
| **Rekstur bifreiða og flutningatækja** | **2.247** | **3.366** | **2.066** | **2.137** |
| **Skrifstofu og stjórnunarkostnaður** | **36.373** | **36.392** | **39.133** | **42.399** |
| Viðhald skrifstofuáhalda | 342 | 358 | 32 | 370 |
| Aðk.akstur | 1.545 | 1.103 | 1.328 | 1.373 |
| Ritföng/prentun/bækur | 1.398 | 1.704 | 1.148 | 1.187 |
| Sími/burðargjöld | 3.219 | 2.841 | 3.018 | 3.121 |
| Ferða og fundakostnaður | | 626 | 410 | 424 |
| Rekstur tölvubúnaðar | 9.864 | 11.308 | 13.691 | 15.664 |
| Aðkeypt þjónusta | 18.615 | 18.202 | 19.304 | 19.960 |
| Sölutap fastafjármuna | | | | |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur | | | | |
| Annar kostnaður | 1.390 | 250 | 202 | 300 |
| Ófyrirséð | | | | |
| **Annar rekstrarkostnaður samtals** | **456.110** | **475.230** | **501.291** | **529.864** |
| **Afskriftir** | **254** | **725** | **435** | **435** |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **639.149** | **701.853** | **698.272** | **765.916** |

| TEKJUR ENDURVINNSLUSTÖÐVA | | ársreikningur 2013 | Áætlun 2014 | Útkomuspá 2014 | Áætlun 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Móttökugjöld- klippikort | | | 51.875 | 50.000 | 63.739 |
| Málmar | | | 62.055 | 58.204 | 49.209 |
| Endurvinnslan umboðslaun | | | 41.500 | 40.000 | 45.174 |
| Úrvinnslusjóður | | | 3.497 | 3.371 | |
| Aðrar tekjur | | | 20.516 | 18.437 | 26.686 |
| Pappírssöfnun grenndargámar | | | 13.651 | 12.904 | 12.529 |
| Endurgreiðslur bylgjupappa | | | | | 3.752 |
| Útseld þjónusta | | | 5.000 | | |
| **Samtals eigin tekjur** | | **173.025** | **198.094** | **182.916** | **201.089** |
| **Innheimt hjá sveitarfélögunum** | | **466.124** | **503.759** | **515.356** | **564.827** |
| **Samtals** | | **639.149** | **701.853** | **698.272** | **765.916** |
| Greiðslur einstakra sveitarfélaga | | | | | |
| | Skipting árið 2014/2015 | | | | |
| Reykjavíkurborg | 58,13% | | 293.663 | 299.595 | 328.354 |
| Hafnarfjörður | 13,12% | | 65.696 | 67.592 | 74.080 |
| Kópavogur | 15,50% | | 77.756 | 79.905 | 87.576 |
| Garðabær | 6,79% | | 34.040 | 34.970 | 38.326 |
| Seltjarnarnes | 2,10% | | 10.634 | 10.825 | 11.864 |
| Mosfellsbær | 4,36% | | 21.970 | 22.470 | 24.627 |
| Álftanes | | | | - | - |
| | **100,00%** | **359.400** | **503.759** | **515.356** | **564.827** |



# Orkuveita Reykjavíkur - samstæða

*Fjárhagsáætlun 2015 og fimm ára áætlun 2016 - 2020*

*27.10.2014*

# Efnisyfirlit

Inngangur ____ 1
Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur ____ 3
Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur ____ 5
Forsendur og viðmið fjárhagsáætlunar ____ 6
Fjárhagsáætlun 2015 ____ 8
Fimm ára áætlun 2016-2020 ____ 9

# Inngangur

## Eigendastefna

Við gerð fjárhagsáætlunar hefur verið stuðst við eigendastefnu sem samþykkt er af sveitastjórnum og staðfest á eigendafundi. Stefnan var staðfest af eigendum í apríl 2014.  Samkvæmt stefnunni skal m.a. lögð áhersla á virðingu gagnvart umhverfinu, ábyrga nýtingu auðlinda og ábyrga nýtingu fjármuna. Einnig skal tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Jafnframt kveður stefnan á um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skuli marka sér heildarstefnu og leggja fram tillögur að eftirfarandi stefnum til staðfestingar hjá eigendum:

- Arðsstefnu
- Áhættustefnu
- Umhverfis- og auðlindastefnu
- Gæðastefnu
- Stefnu varðandi öryggis-, heilsu- og vinnuvernd
- Innkaupastefnu
- Upplýsingaöryggisstefnu
- Upplýsingatæknistefnu
- Starfsmannastefnu
- Starfskjarastefnu
- Jafnréttisstefnu
- Siðareglum

Fyrirtækið hefur sett sér stefnu um allt ofangreint nema arðstefnu sem er í mótun. Einnig skal stjórn Orkuveitu Reykjavíkur gera tillögu að arðgreiðslustefnu sem felur í sér að arður er að jafnaði greiddur út til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkur fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins. Áætlunin byggir á ofangreindum stefnum þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á áhættu-, umhverfis- og auðlindamál.

Eigendastefna kveður jafnframt á um fjárhagsleg markmið þar sem fram kemur að Orkuveitu Reykjavíkur beri almennt að fjármagna framkvæmdir í sama gjaldmiðli og væntanlegar tekjur þeirra. Þá kveður áhættustefna félagsins á um að draga skuli úr gjaldeyrismisvægi og að veltufjárhlutfall skuli vera yfir fyrirfram skilgreindum mörkum.

## Planið

Þessi fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga fyrir árið 2015 og langtímaáætlun fyrir árin 2016-2020 er sú fyrsta sem gerð er eftir að Orkuveitunni var skipt upp að lagakröfu um síðustu áramót. Hún er samandregin áætlun fyrir móðurfélagið Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögin OR Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Áætlun hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuáætlun var samþykkt í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.
Helstu forsendur áætlunarinnar eru *Planið*, aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda, sem samþykkt var vorið 2011, þjóðhagsspá, alþjóðlegar spár um þróun ytri áhrifaþátta og stofnefnahagur félaga innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem samþykktur var að af stjórn Orkuveitunnar í maí 2014 og stað-

festur af eigendum. Jafnframt liggur áætluninni til grundvallar sú stefnumótun eigenda fyrir starfsemi og starfshætti Orkuveitu Reykjavíkur, sem samþykkt var á eigendafundi í apríl 2014.

Árið 2015 er næstsíðasta ár *Plansins*. Í byrjun þess árs verða að baki 15 af þeim 23 ársfjórðungum sem það nær til. Fram til þessa hefur það gengið eftir í öllum þáttum og gott betur. Sparnaður í rekstrinum hefur verið umfram markmið *Plansins* og í fjárhagsáætlun ársins 2015 sér þess merki að bætt er í þar sem sárast hefur sviðið í niðurskurði. Þá hefur uppskipting fyrirtækisins valdið kostnaðarauka sem þarf að mæta. Þess vegna er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld aukist á árinu 2015.

Fjárfestingar munu einnig aukast. Í *Planinu* er gert ráð fyrir því að hafist verði á ný handa við mikilvægar umbætur í fráveitukerfum, sem frestað var í krappasta fjárhagsvandanum. Bygging nýrrar aðveitustöðvar rafmagns á Akranesi er líka í áætluninni. Stöðin er forsenda frekari skipta úr olíu í endurnýjanlega orku í fiskvinnslu. Haldið verður áfram endurbótum á Reykjaæðum hitaveitunnar á Höfuðborgarsvæðinu og Deildartunguæðum. Þau verkefni mættu sækjast hraðar ef efni stæðu til.

Öflun uppbótargufu fyrir Hellisheiðarvirkjun með tengingu við borholur í Hverahlíð er mikilvægt fjárfestingarverkefni. Ný hola verður boruð við virkjunina á Nesjavöllum í sama augnamiði og er það fyrsta vinnsluholan sem boruð er á Nesjavöllum frá 2008. Áhersla er einnig á umhverfisbótaverkefni á Hellisheiði. Lofthreinsun við virkjunina í lofthreinsistöð og með háfi eru áríðandi þróunar- og nýsköpunarverkefni og ekki síður skipulega og vísindalega unnar landbætur eftir rask uppbyggingartímans.

Sú tekjuaukning sem varð af rekstri Orkuveitunnar vegna aukinnar orkuframleiðslu og leiðréttingar gjaldskrár er að baki. Með því að halda stíft í útgjaldataumana er því gert ráð fyrir svipuðum rekstrarhagnaði á næstu árum og verið hefur hin tvö síðustu. Þannig saxast jafnt og þétt á þann skuldabagga sem var að sliga reksturinn þegar *Planinu* var ýtt úr vör.

Fjárhagsáætlun áranna 2016 til og með 2020, sem er hluti þessarar áætlunar, ber með sér að í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja mun andi *Plansins* ekki einskorðast við árabilið 2011-2016. Hagsýni verður áfram leiðarljós í rekstrinum, sem allur miðar að því að tryggja fólki og fyrirtækjum traustan og góðan aðgang að veituþjónustunni á lágu verði.

Fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2015 og fimm ára áætlun 2016-2020 fer nú til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlunum samstæðu Reykjavíkurborgar

# Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

Starfssvæði Orkuveitunnar nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orka Náttúrunnar á og rekur þrjár virkjanir; jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði og vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Jarðgufuvirkjanirnar, sem báðar eru á Hengilssvæðinu, eru margfalt aflmeiri en vatnsafls-virkjunin.









## VIRKJANIR

Á Nesjavöllum eru framleidd 120 MW af rafmagni og 303 MW í Hellisheiðar-virkjun. Afl vatnsaflvirkjunarinnar í Andakílsá er 9 MW.

## RAFMAGNSVEITA

Raforkudreifing okkar nær til liðlega helmings landsmanna í sex sveitar-félögum við Faxaflóa. Dreifikerfið tengist landsneti raforkuflutningsins á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er í tengivirkjunum við Korpu, á Geithálsi og Hnoðraholti. Þaðan er rafmagnið leitt í háspennustrengjum til 13 aðveitustöðva, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

## HITAVEITA

Á höfuðborgarsvæðinu rekur Orkuveitan stærstu jarðhitaveitu í heimi auk smærri veitna á sunnan- og vestanverðu landinu. Umfangsmest er framleiðsla heits vatns á háhitasvæðinu á Nesjavöllum, 300 MWth, en á fjölda lághita-svæða eru samtals framleidd 600 MWth. Í Hellisheiðarvirkjun eru framleidd 133 MWth af heitu vatni.

## VATNSVEITA

Orkuveita Reykjavíkur rekur 13 vatnsveitur á starfssvæði sínu auk þess að selja neysluvatn í heildsölu til tveggja að auki, samtals til meira en helmings þjóðarinnar.

## FRÁVEITA

Orkuveitan á fráveitur í sex byggðarlögum og rekur dælustöðvar fyrir tvö sveitarfélög til viðbótar. Alls þjónar Orkuveitan liðlega helmingi þjóðarinnar í fráveitumálum.

## GAGNAVEITA

Orkuveitan hefur byggt upp verðmætt gagnaflutningskerfi, sem heimili og fyrirtæki á suðvesturhorninu hafa notið góðs af.


Kort af
VEITUSVÆÐI
Orkuveitu Reykjavíkur
Stykkishólmur
Hofstaðir
Grundarfjörður
Grund
Svelgsárhraun
Bifröst
Grábrókarhraun
Svartagil
Varmaland
Deildartunga
Reykholt
Kleppjárnsreykir
Hvanneyri
Borgarnes
Fossamelar
Andakílsárvirkjun
Seleyri
Skorradalur
Akranes og nágrenni
Berjadalur
Reykjavík
Seltjarnarnes
Kópavogur
Álftanes
Garðabær
Hafnarfjörður
Mosfellsbær
Elliðaárstöð
Nesjavallavirkjun
Heiðmörk
Vatnsendakrikar
Hellisheiðarvirkjun
Grímsnes
Hveragerði
Öndverðarnes
Bakki
Selfoss
Þorlákshöfn
Úthlíð
Bjarnarfell
Efri Reykir
Brekkuskógur
Kaldárholt
Laugaland
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar
Skýringar á korti
Rafmagn/dreifing
Kalt vatn/dreifing
Heitt vatn/dreifing
Fráveita
Gagnaveita Reykjavíkur
Heildsala - kalt vatn
Heildsala - heitt vatn

# Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur

Árangur Plansins 2011-2014H1 er um 6,6 milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir og eru allir þættir *Plansins* á áætlun.

## PLANIÐ

| Áætlun | 2011 | 2012 | 2013 | 2014H1 | 2014H2 | 2015 | 2016 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lækkun fjárfestinga í veitu-kerfum | 1.205 | 3.518 | 2.690 | 995 | 1.523 | 2.410 | 2.659 | 15.000 |
| Eignasala | 1.000 | 2.000 | 5.100 | 750 | 1.150 | - | - | 10.000 |
| Aðhald í rekstri | 300 | 900 | 900 | 406 | 494 | 1.000 | 1.000 | 5.000 |
| Önnur lækkun fjárfestinga | 250 | 200 | 200 | 79 | 121 | 200 | 200 | 1.250 |
| Frestun fjárfestinga vegna fráveitu | - | 2.000 | 900 | - | - | -2.000 | -900 | - |
| **Samtals** | **2.755** | **8.618** | **9.790** | **2.230** | **3.288** | **1.610** | **2.959** | **31.250** |
| Víkjandi lán | 8.000 | - | 4.000 | - | - | - | - | 12.000 |
| Leiðrétting gjaldskrár | 1.122 | 1.552 | 1215 | 558 | 737 | 1.330 | 1.499 | 8.013 |
| **Samtals** | **9.122** | **1.552** | **5.215** | **558** | **737** | **1.330** | **1.499** | **20.013** |
| **Alls** | **11.877** | **10.170** | **15.005** | **2.788** | **4.025** | **2.940** | **4.458** | **51.263** |

| Raun | 2011 | 2012 | 2013 | 2014H1 | 2014H2 | 2015 | 2016 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lækkun fjárfestinga í veitu-kerfum | 1.825 | 4.808 | 3203 | 1161 | - | - | - | 10.997 |
| Eignasala | 1.115 | 212 | 6109 | 1515 | - | - | - | 8.951 |
| Aðhald í rekstri | 747 | 887 | 1381 | 581 | - | - | - | 3.596 |
| Önnur lækkun fjárfestinga | 378 | 415 | 286 | 228 | - | - | - | 1.307 |
| Frestun fjárfestinga vegna fráveitu | - | 2.150 | 1152 | -23 | - | - | - | 3.279 |
| **Samtals** | **4.065** | **8.472** | **12.131** | **3.462** | **-** | **-** | **-** | **28.130** |
| Víkjandi lán | 7.925 | 75 | 4000 | 0 | - | - | - | 12.000 |
| Leiðrétting gjaldskrár | 1.128 | 2.200 | 2170 | 809 | - | - | - | 6.307 |
| **Samtals** | **9.053** | **2.275** | **6.170** | **809** | **-** | **-** | **-** | **18.307** |
| **Alls** | **13.118** | **10.747** | **18.301** | **4.271** | **-** | **-** | **-** | **46.437** |

# Forsendur og viðmið fjárhagsáætlunar

## Forsendur

Forsendur fjárhagsáætlunar 2015 og fimm ára áætlunar 2016-2020 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júlí 2014 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange). Við ákvörðun vaxta var miðað við fólgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

FORSENDUR

| LÝSING | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs, breyting (%) | 2,5 | 3,4 | 3,2 | 2,8 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Byggingavísitala des-des, breyting (%) | 1,7 | 3,4 | 3,2 | 2,8 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Gengisvísitala í árslok (stig) | 203,2 | 206,8 | 208,1 | 208,1 | 208,1 | 208,1 | 208,1 |
| Álverð, meðalverð ársins ($) | 2.085 | 2.143 | 2.197 | 2.251 | 2.307 | 2.366 | 2.425 |

## Viðmið

Við gerð fjárhagsáætlunar hefur verið stuðst við fjárstýringar- og áhættustefnu Orkuveitu Reykjavíkur sem samþykkt var af stjórn OR í október 2013 og staðfest af eigendum á eigendafundi í nóvember 2013.

Í stefnunni segir að gera skuli áætlanir um fjármögnun og að leitast skuli við að tryggja örugga fjármögnun a.m.k. þrjú ár fram í tímann. Jafnframt skal stefnt að því að veltufjárhlutfall verði yfir 1.

Í *Planinu* var ekki gert ráð fyrir lántökum þar sem aðgangur OR að lánsfjármagni var ekki fyrir hendi. Þar sem markmið *Plansins* hafa gengið eftir og gott betur hefur OR nú aðgang að fjármálamörkuðum til lántöku og áhættuvarnarsamninga. Því er nú gert ráð fyrir að OR taki lán til að styrkja lausafjárstöðu og ná markmiðum stefnunnar. Lántakan miðar fyrst og fremst að því að tryggja fjárhag fyrirtækisins og viðhalda sterkri lausafjárstöðu þess. Veltufjárhlutfall er áætlað í kringum 1 öll ár áætlunarinnar.

Í áætluninni er gert ráð fyrir fyrirliggjandi áhættuvarnarsamningum en fyrirtækið gerir ráð fyrir að halda áfram að verja sig gagnvart ytri breytum í takt við áhættustefnu þess. Þessar ytri breytur eru álverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Gert er ráð fyrir að hluti nýrrar fjármögnunar verði tekin í erlendri mynt m.a. til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu í greiðsluflæði.

Fjárfestingar eru að mestu leyti fjármagnaðar með handbæru fé frá rekstri. Fjárfestingarþörf fyrirtækisins eykst á næstu árum í kjölfar *Plansins* og aukinna umhverfiskrafna. Hluta fjárfestinga er gert ráð fyrir að fjármagna með lánsfé.

## Fjárhagsleg viðmið áætlunar

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að markvisst bæta lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, skuldaþekja o.fl. Í neðangreindri töflu má sjá lykiltölur eins og þær voru í árslok 2013 og áætlaðar nú:

| Lýsing | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EBITDA/Rekstrartekjur | 61,2% | 60,0% | 60,7% | 60,4% | 60,3% | 60,8% | 58,7% |
| Eiginfjárhlutfall | 32,7% | 34,6% | 38,0% | 40,8% | 43,9% | 48,0% | 52,6% |
| Veltufjárhlutfall | 0,6 | 0,9 | 0,9 | 1,0 | 1,0 | 0,8 | 0,8 |
| (Vaxtaberandi skuldir - handbært fé) / EBITDA | 7,2 | 6,8 | 5,5 | 4,9 | 4,4 | 3,8 | 3,4 |

## Forgangsröðun og mat á fjárfestingum

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilnefnd eru á fjárfestingaráætlun hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinnu sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers félags og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn
- Bilanasaga
- Aldur
- Efni
- Ástandsgreining
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi

# Fjárhagsáætlun 2015

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2015 verði 6.179 m.kr. samanborið við 11.884 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2014, þetta er lækkun upp á 5.705 m.kr. Eiginfjárhlutfall er áætlað 34,6% í árslok 2015 samanborið við 32,7% árið 2014.

## REKSTRARREIKNINGUR

### Tekjur

Rekstrartekjur eru áætlaðar 39.952 m.kr. en eru 37.807 m.kr. í útkomuspá ársins 2014. Tekjur af smásölu vaxa um 482 m.kr. og 1.733 m.kr. í heildsölu.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 15.982 m.kr. samanborið við 14.672 m.kr. í útkomuspá árið 2014 sem er 8,9% hækkun. Orkukaup og flutningskostnaður hækka um 289 m.kr. milli ára eða 5,3%.

## EFNAHAGSREIKNINGUR

### Eignir

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 286,8 milljörðum króna í árslok 2015 samanborið við 282,2 milljarða króna í árslok 2014 sem er 1,6% hækkun milli ára.

### Eigið fé og skuldir

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 99,3 milljörðum króna í árslok 2015 samanborið við 92,4 milljarða króna í árslok 2014. Þá er gert ráð fyrir að skuldir lækki úr 189,8 milljörðum króna í 187,5 milljörðum króna í árslok 2015 sem er lækkun um 1,2% milli ára.

## SJÓÐSTREYMI

### Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 18,8 milljarðar króna árið 2015 samanborið við 19,9 milljarða króna árið 2014.

### Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 10,3 milljarðar króna árið 2015 samanborið við 3,8 milljarða króna árið 2014.

Í samræmi við stefnu stjórnar um að leggja áherslu á kjarnastarfsemi verður áfram unnið að því að selja eignir utan kjarnastarfsemi. Í útkomuspá er gert ráð fyrir að eignasala verði 2,5 milljarður króna. Ef það gengur eftir er markmiði Plansins í eignasölu náð.

# Fimm ára áætlun 2016-2020

## REKSTRARREIKNINGUR

### Tekjur

Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 10.031 m.kr. frá 2015 til 2020 eða sem nemur 25,1%. Raforkusala á almennan markað hækkar um 2.405 m.kr. eða 21,6% og heitavatnssmásala hækkar um 2.665 m.kr. eða 25,4%. Tekjur af gagnaflutningum aukast um 729 m.kr. eða 43,2%. Heildsala hækkar um 2.066 m.kr. eða 26,5%




**Mynd 1**

### Gjöld

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2015 til 2020 um 4.672 m.kr. eða 29,2%. Orkukaup og flutningur hækka um 1.357 m.kr. eða 23,6%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 3.314 m.kr. eða 32,4%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 23.969 m.kr. árið 2015 í 29.329 m.kr. árið 2020 eða sem nemur 22,4%.

## Afkoma

Eins og sjá má á *mynd 2* er gert ráð fyrir að afkoman vaxi á tímabilun og er gert ráð fyrir að verði 12,5 milljarðar króna árið 2020. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði fram-virkra raforkusölusamninga getur haft veruleg áhrif á afkomuna eins og raunin virðist ætla að verða árið 2014.




**Mynd 2**

## EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir í fjárhagsáætlun lækka á tímabilinu 2015 til 2020 um 6,778 milljarða króna eða 2,4% og verða um 280,0 milljarður króna árið 2020.  Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2015-2020, þ.e. frá því að vera 34,6% í árslok 2015, í 52,6% í árslok 2020.




**Mynd 3**

Eigið fé í árslok 2020 er áætlað 147,3 milljarðar króna og eykst um 48,1 milljarða króna frá árslokum 2015. Þá er gert ráð fyrir því að heildarskuldir lækki á tímabilinu 2015 til 2020 úr 187,5 milljörðum króna í 132,7 milljarða eða um 29,2%.




**Mynd 4**

## Fjárfestingahreyfingar

Á árunum 2016 til 2020 eru fjárfestingar áætlaðar 46,6 milljarðar króna.

Fjárfesting í veitukerfum er áætluð 29,6 milljarðar króna og eru helstu fjárfestingaverkefnin endurnýjun stofnæða í hitaveitu, endurnýjun aðveitu- og dreifistöðva í rafmagni og samstarfsverkefni með sveitar-félögum á starfssvæði veitnanna. Fráveituframkvæmdir á Vesturlandi hefjast að nýju á árinu 2015 og lýkur á árinu 2016 en þá eiga fráveitumál í þeim byggðarlögum að vera komin í sama horf og á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárfesting í virkjunum er áætluð 13,9 milljarðar króna og eru helstu fjárfestingaverkefnin tengd umhverfismálum, m.a. hreinsun á brennisteinsvetni auk framkvæmda vegna 2. áfanga varmastöðvar á Hellisheiði.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir uppgjöri á skuldabréfaeign sem tengd er álverði að ákveðnu marki, 9,5 milljarðar króna.

## Fjárfestingar

Hér getur að líta sundurliðun fjárfestinga í milljónum króna.

FJÁRFESTINGAR

| LÝSING | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Virkjanir | 1.895 | 3.809 | 492 | 2.718 | 4.671 | 4.405 | 1.652 |
| Veitukerfi | 3.854 | 5.626 | 5.430 | 5.888 | 6.009 | 5.972 | 6.348 |
| Önnur fjárfesting | 632 | 831 | 617 | 581 | 593 | 608 | 623 |
| **Fjárfestingar alls** | **6.382** | **10.265** | **6.539** | **9.188** | **11.273** | **10.984** | **8.623** |




**Mynd 5**

### Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir skulda eru áætlaðar 19,3 milljarðar árið 2016 og svo milli 14-16 milljarðar króna til ársins 2020, samtals um 80 milljarðar króna.

Lántökur eru áætlaðar 12 milljarðar á tímabilinu eða sem nemur um 25% af fjárfestingu og 15% af afborgunum skulda.

Handbært fé tímabilsins fer vaxandi úr 11,3 milljörðum króna árið 2015 í 15,3 milljarða króna árið 2020.




Mynd 6

## FJÁRHAGSLEGIR LYKILMÆLIKVARÐAR

## ORKUVEITA REYKJAVÍKUR – 5 ÁRA ÁÆTLUN

| Lýsing | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EBITDA/Rekstrartekjur | 61,2% | 60,0% | 60,7% | 60,4% | 60,3% | 60,8% | 58,7% |
| Eiginfjárhlutfall | 32,7% | 34,6% | 38,0% | 40,8% | 43,9% | 48,0% | 52,6% |
| Veltufjárhlutfall | 0,6 | 0,9 | 0,9 | 1,0 | 1,0 | 0,8 | 0,8 |
| (Vaxtaberandi skuldir - handbært fé) / EBITDA | 7,2 | 6,8 | 5,5 | 4,9 | 4,4 | 3,8 | 3,4 |

Fjárhagsáætlun 2015 og langtímaáætlun 2016-2020

| **Rekstrarreikningur** | ÚTKOMUSPÁ 2014 | ÁÆTLUN 2015 | ÁÆTLUN 2016 | ÁÆTLUN 2017 | ÁÆTLUN 2018 | ÁÆTLUN 2019 | ÁÆTLUN 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **(mkr)** | **(mkr)** | **(mkr)** | **(mkr)** | **(mkr)** | **(mkr)** | **(mkr)** |
| **Rekstrartekjur** | **37.807** | **39.952** | **42.074** | **43.908** | **45.746** | **47.879** | **49.983** |
| **Smásala** | **28.787** | **29.289** | **30.487** | **31.904** | **33.319** | **34.769** | **36.282** |
| Rafmagn | 11.109 | 11.130 | 11.551 | 12.033 | 12.514 | 13.012 | 13.534 |
| Heitt vatn | 10.124 | 10.473 | 10.925 | 11.470 | 12.013 | 12.565 | 13.138 |
| Kalt vatn | 3.201 | 3.260 | 3.398 | 3.563 | 3.729 | 3.898 | 4.076 |
| Fráveita | 4.352 | 4.426 | 4.614 | 4.838 | 5.063 | 5.293 | 5.534 |
| **Heildsala** | **6.048** | **7.781** | **8.462** | **8.654** | **8.879** | **9.391** | **9.846** |
| Rafmagn | 5.796 | 7.537 | 8.208 | 8.388 | 8.600 | 9.100 | 9.363 |
| Heitt vatn | 195 | 183 | 191 | 201 | 210 | 220 | 408 |
| Kalt vatn | 57 | 60 | 63 | 66 | 69 | 72 | 75 |
| **Hagnaður af sölu eigna** | **50** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Aðrar tekjur** | **2.921** | **2.882** | **3.124** | **3.351** | **3.549** | **3.718** | **3.855** |
| | | | | | | | |
| **Rekstrargjöld** | **14.672** | **15.982** | **16.514** | **17.373** | **18.180** | **18.792** | **20.654** |
| Orkukaup | 2.408 | 2.568 | 2.729 | 2.887 | 3.044 | 3.210 | 3.297 |
| Flutningur | 3.054 | 3.184 | 3.317 | 3.438 | 3.560 | 3.684 | 3.812 |
| Laun og launatengd gjöld | 4.089 | 4.652 | 4.958 | 5.263 | 5.525 | 5.724 | 5.867 |
| Annar rekstarkostnaður | 5.121 | 5.578 | 5.510 | 5.784 | 6.051 | 6.174 | 7.678 |
| | | | | | | | |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | **23.135** | **23.969** | **25.560** | **26.536** | **27.567** | **29.087** | **29.329** |
| Afskriftir | 9.030 | 9.329 | 9.545 | 9.715 | 9.930 | 10.158 | 10.343 |
| **Rekstrarhagnaður** | **14.105** | **14.640** | **16.015** | **16.821** | **17.637** | **18.929** | **18.986** |
| | | | | | | | |
| **Fjármagnsliðir** | **2.283** | **-6.920** | **-6.648** | **-5.904** | **-5.101** | **-4.877** | **-4.674** |
| Vaxtatekjur | 1.076 | 1.143 | 1.113 | 934 | 968 | 1.004 | 1.076 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | -5.297 | -5.491 | -6.266 | -5.927 | -6.056 | -6.050 | -5.872 |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 6.504 | -2.573 | -1.495 | -911 | -13 | 169 | 122 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **16.387** | **7.720** | **9.367** | **10.917** | **12.536** | **14.053** | **14.313** |
| | | | | | | | |
| Tekjuskattur | -4.503 | -1.540 | -1.754 | -1.797 | -1.891 | -2.169 | -1.815 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **11.884** | **6.179** | **7.614** | **9.120** | **10.645** | **11.883** | **12.498** |

| Efnahagsreikningur | ÚTKOMUSPÁ 2014 | ÁÆTLUN 2015 | ÁÆTLUN 2016 | ÁÆTLUN 2017 | ÁÆTLUN 2018 | ÁÆTLUN 2019 | ÁÆTLUN 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | **282.202** | **286.772** | **282.202** | **283.322** | **285.138** | **283.007** | **279.994** |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | **267.340** | **261.985** | **259.459** | **258.681** | **259.874** | **260.546** | **258.616** |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 249.424 | 252.017 | 249.494 | 248.834 | 250.051 | 250.759 | 248.928 |
| Óefnislegar eignir | 1.454 | 1.632 | 1.772 | 1.905 | 2.031 | 2.149 | 2.260 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 58 | 58 | 58 | 58 | 58 | 58 | 58 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 1.235 | 1.235 | 1.235 | 1.235 | 1.235 | 1.235 | 1.235 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 3.913 | 3.999 | 3.923 | 3.768 | 3.617 | 3.463 | 3.253 |
| Áhættuvarnarsamningar | 1.359 | 1.359 | 1.359 | 1.359 | 1.359 | 1.359 | 1.359 |
| Aðrar fjáreignir | 9.696 | 1.523 | 1.523 | 1.523 | 1.523 | 1.523 | 1.523 |
| Tekjuskattseign | 202 | 162 | 95 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | **14.862** | **24.788** | **22.743** | **24.641** | **25.264** | **22.461** | **21.378** |
| Vörubirgðir | 369 | 371 | 372 | 372 | 372 | 372 | 372 |
| Viðskiptakröfur | 3.729 | 3.946 | 4.142 | 4.290 | 4.436 | 4.615 | 4.796 |
| Áhættuvarnarsamningar | 143 | 202 | 244 | 281 | 341 | 389 | 430 |
| Aðrar fjáreignir | 0 | 8.842 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 165 | 167 | 829 | 811 | 785 | 757 | 717 |
| Sjóður og bankainnistæður | 10.456 | 11.259 | 17.156 | 18.887 | 19.329 | 16.328 | 15.062 |
| | | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | **282.202** | **286.772** | **282.202** | **283.322** | **285.138** | **283.007** | **279.994** |
| **EIGIÐ FÉ** | **92.359** | **99.252** | **107.112** | **115.612** | **125.206** | **135.980** | **147.308** |
| Sérstakur endurmatsreikningur | 66.476 | 66.726 | 66.811 | 66.811 | 66.811 | 66.811 | 66.811 |
| Þýðingarmunur | 188 | 569 | 702 | 702 | 702 | 702 | 702 |
| Gangvirðisreikningur | 2.342 | 2.425 | 2.453 | 2.453 | 2.453 | 2.453 | 2.453 |
| Óráðstafað eigið fé | 23.353 | 29.533 | 37.146 | 45.646 | 55.240 | 66.014 | 77.342 |
| | | | | | | | |
| **SKULDIR** | **189.843** | **187.520** | **175.089** | **167.710** | **159.931** | **147.027** | **132.686** |
| | | | | | | | |
| **Langtímaskuldir** | **164.524** | **160.510** | **150.598** | **142.281** | **133.905** | **119.532** | **105.917** |
| Skuldir við lánastofnanir | 160.078 | 154.532 | 143.862 | 134.244 | 126.069 | 112.440 | 99.856 |
| Lífeyrisskuldbinding | 537 | 567 | 599 | 632 | 666 | 702 | 739 |
| Aðrar fjárskuldir | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 3.902 | 5.403 | 6.129 | 7.398 | 7.162 | 6.383 | 5.314 |
| | | | | | | | |
| **Skammtímaskuldir** | **25.318** | **27.010** | **24.492** | **25.429** | **26.026** | **27.495** | **26.769** |
| Viðskiptaskuldir | 2.295 | 2.513 | 2.711 | 2.893 | 3.067 | 3.226 | 3.491 |
| Skuldir við lánastofnanir | 65 | 202 | 277 | 1.323 | 223 | 229 | 235 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 17.244 | 18.710 | 14.362 | 14.426 | 14.060 | 14.350 | 13.238 |
| Ógreiddir skattar | 0 | 0 | 960 | 433 | 2.126 | 2.948 | 2.884 |
| Aðrar fjárskuldir | 1.472 | 1.472 | 1.472 | 1.472 | 1.472 | 1.472 | 1.472 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusamningum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 4.242 | 4.114 | 4.710 | 4.883 | 5.078 | 5.269 | 5.450 |

| Sjóðstreymi | ÚTKOMUSPÁ 2014 | ÁÆTLUN 2015 | ÁÆTLUN 2016 | ÁÆTLUN 2017 | ÁÆTLUN 2018 | ÁÆTLUN 2019 | ÁÆTLUN 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| (Tap) Hagnaður tímabilsins | 11.884 | 6.179 | 7.614 | 9.120 | 10.645 | 11.883 | 12.498 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -2.283 | 6.920 | 6.648 | 5.904 | 5.101 | 4.877 | 4.674 |
| Tekjuskattur | 4.503 | 1.540 | 1.754 | 1.797 | 1.891 | 2.169 | 1.815 |
| Afskriftir | 9.030 | 9.329 | 9.545 | 9.715 | 9.930 | 10.158 | 10.343 |
| Söluhagnaður eigna | -50 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lífeyrisskuldbinding hækkun (lækkun) | 19 | 30 | 31 | 33 | 35 | 36 | 37 |
| | | | | | | | |
| **VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ÁN VAXTA OG SKATTA** | **23.104** | **23.999** | **25.591** | **26.569** | **27.601** | **29.123** | **29.366** |
| | | | | | | | |
| **BREYTING Á REKSTRARTENGDUM EIGNUM OG SKULDUM** | **2.159** | **19** | **9** | **-27** | **-112** | **-170** | **-76** |
| | | | | | | | |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 1.012 | 653 | 633 | 505 | 570 | 624 | 697 |
| Greidd vaxtagjöld ISK | -4.330 | -4.127 | -4.717 | -4.723 | -4.924 | -4.972 | -4.853 |
| Móttekinn arður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Greiddur tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | -960 | -433 | -2.126 | -2.948 |
| Greiðslur annarra fjármagnsliða | -2.078 | -1.699 | -1.343 | -624 | -109 | 31 | 0 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI** | **19.866** | **18.845** | **20.174** | **20.741** | **22.594** | **22.511** | **22.186** |
| | | | | | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | |
| Orkuver | -1.895 | -3.809 | -492 | -2.718 | -4.671 | -4.405 | -1.652 |
| Veitukerfi | -3.854 | -5.626 | -5.430 | -5.888 | -6.009 | -5.972 | -6.348 |
| Önnur fjárfesting | -632 | -831 | -617 | -581 | -593 | -608 | -623 |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | 2.572 | 0 | 9.512 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR ALLS** | **-3.810** | **-10.265** | **2.972** | **-9.188** | **-11.273** | **-10.984** | **-8.623** |
| | | | | | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 5.701 | 10.000 | 2.000 | 5.000 | 5.050 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | -18.544 | -17.815 | -19.256 | -14.822 | -15.929 | -14.527 | -14.829 |
| Lán frá eigendum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lánalínur, breyting | -1.765 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, breyting | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | **-14.607** | **-7.815** | **-17.256** | **-9.822** | **-10.879** | **-14.527** | **-14.829** |
| | | | | | | | |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **1.449** | **765** | **5.890** | **1.731** | **442** | **-3.001** | **-1.266** |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | **8.993** | **10.456** | **11.259** | **17.156** | **18.887** | **19.329** | **16.328** |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | **14** | **38** | **6** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | **10.456** | **11.259** | **17.156** | **18.887** | **19.329** | **16.328** | **15.062** |